

Yfirlitsskýrsla

sendiráðs Íslands

í Brussel



Janúar til júlí 2007

EFNISYFIRLIT:

INNGANGUR	5
Yfirlit.....	6
Grunnsáttmálar ESB	6
Stækkun ESB	10
Stækkun EES svæðisins.....	11
Forviðræður um viðskipti með unnar landbúnaðarafurðir	11
EES Samningurinn	11
Utanríkis- og Öryggismál.....	12
Fyrirhuguð Íslandshátíð í Brussel, 26. febrúar – 15. júní 2008: „Iceland – on the Edge“	12
DÓMS- OG INNANRÍKISMÁL.....	17
I. SCHENGEN-SAMNINGURINN OG TENGD MÁL.....	17
1. Almenn	17
2. Samsetta nefndin	17
3. Schengen-úttektir	17
4. Schengen-upplýsingakerfið, SIS II, SIS1+ og tenging nýju ríkjanna	18
5. Mál til meðferðar í samsettu nefndinni	18
6. Vinna á vegum framkvæmdastjórnarinnar	19
7. Samningar tengdir Schengen-samstarfinu.....	20
Lögreglusamvinna – EUROPOL-PRUM	20
Samvinna á sviði dómsmála	21
II. EES-SAMNINGURINN.....	21
1. Frjáls för launafólks	21
2. Samstarf á sviði almannavarna	21
III. LUGANÓ- SAMNINGURINN.....	21
FÉLAGS-, ATVINNU- OG SVEITARSTJÓRNARMÁL.....	22
FÉLAGSMÁL.....	22
Ný áætlun á sviði félagsmála, vinnumála og jafnréttismála	22
Ár jafnra tækifæra 2007	22
Félagsleg þjónusta í almannapágu	22
JAFNRÉTTISMÁL	23
Ný jafnréttistilskipun ESB	23
Jafnréttisstofnun Evrópusambandsins	23
Vegvísir í jafnréttismálum	24
Tilskipun um jafnræði kynja í þjónustuviðskiptum	24
VINNUMÁL.....	24
Grænbók um vinnulöggjöf	24
Leiðbeinandi reglur um útsenda starfsmenn	25
Ný áætlun ESB um öryggi og hollustu á vinnustöðum	25
För launþega	26
Ný skýrsla um útsenda starfsmenn	26
SVEITARSTJÓRNARMÁL	27
HEILBRIGÐISMÁL OG ALMANNATRYGGINGAR.....	27
HEILBRIGÐISMÁL	27
Heilbrigðisáætlun ESB	27
Samráðsferli hafið um mótun heilbrigðisstefnu ESB.....	28
Embættismannanefnd um heilbrigðisþjónustu	28
Heilbrigðisþjónusta á innri markaði	28
LYFJAMÁL	29
Ný lyfjalöggjöf.....	29
Skýrsla um framkvæmd blóðtilskipunar	30
Samráðsvettvangur á sviði lyfjamála – Pharmaceutical forum	30
Tillaga frá ESB um lækningatæki	30
Samræmdar reglur um sérhæfð lyf	31

ALMANNATRYGGINGAR.....	31
Endurgerð reglugerðar um almannatryggingar	31
Rýmkun á reglugerð um almannatryggingar 1408/71/EB til borgara þriðju ríkja	31
FJÁRMÁL	32
ÞRÓUN REGLNA UM OPINBER INNKAUP Á EVRÓPSKA EFNAHAGSSVÆÐINU.....	32
1. Tilgangur tilskipana um opinber innkaup	32
2. Tilskipanir Evrópsambandsins um opinber innkaup.....	32
3. Þátttaka Íslands í mótun reglna um opinber innkaup.....	34
4. Lög um opinber innkaup.....	35
5. Ýmis mál í vinnslu á árinu 2007	36
5.1 Tilskipanir um réttarræði vegna opinberra útboða	36
5.2 Innkaup til varnarmála	36
5.3 Samstarf opinberra aðila og einkaaðila um opinber verkefni	36
5.4 Rafræn innkaup.....	37
5.5 Þróun rafrænna innkaupa á Íslandi.....	38
5.6 Möguleikar lítilla og meðalstórra fyrirtækja á þátttöku í opinberum innkaupum.....	38
5.7. Græn opinber innkaup	38
5.8. Opinber innkaup í þágu rannsókna, þróunar og nýsköpunar.....	39
ÞENNAÐARMÁL	39
ORKUMÁL.....	39
CIP – Competitiveness and Innovation Programme.....	40
VIÐSKIPTAMÁL	41
Fjármálaþjónusta.....	41
Grænbók um fjármálaþjónustu fyrir almenning	41
Greiðslumiðlun (Payment Services Directive).....	42
Áhættusjóðir (Hedge Funds)	42
Löggjöf í vinnslu.	42
NEYTENDAMÁL	43
Löggjöf í vinnslu.	44
LANDBÚNAÐARMÁL.....	44
HELSTU GERÐIR SEM ERU TIL UMFJÖLLUNAR.....	44
Tilskipanir um heilbrigði matvæla.....	44
Nýjar heilbrigðisreglur koma til framkvæmda – Matvælaöryggisstofnunin.....	45
Þjálfunar og kynningarnámskeið	46
Tilsk. 1774/2002 um aukaafurðir dýra.....	46
Riðusjúkdómar – Transmissible Spongiform Encephalopathy – (TSE)	47
Lífræn landbúnaðarframleiðsla	48
Fuglaflensa (Avian Flu)	48
Sjúkdómasmit frá matvælum.....	49
Endurskoðun á viðauka I við EES samninginn	49
Heilbrigði dýra – ADNS	50
TVÍHLIÐA SAMNINGUR UM LANDBÚNAÐARAFURÐIR - ENDURSKOÐN	50
BÓKUN 3 – ENDURSKOÐUN	51
HIN ALMENNA LANDBÚNAÐARSTEFNA ESB.....	51
MENNTA-, MENNINGAR- OG ÆSKULÝÐSMÁL.....	52
Nýjar áætlanir	52
Orðsendingar, tilmæli og fleira	52
RANNSÓKNIR OG ÞRÓUN	53
Sjötta rammaáætlun ESB.....	53
Sjöunda rammaáætlun ESB.....	54
SAMGÖNGU- OG FJARSKIPTAMÁL	55
SAMGÖNGUMÁL TIL UMFJÖLLUNAR Á SVIÐI EES-SAMNINGSINS.....	55
FLUGMÁL	55
Almennt	55
Loffferðarsamningar	55

Sameiginlegt Evrópskt loftrými – Single European Sky	56
Endurskoðun þriðja pakkans í flugi	57
Flugvallapakinn.....	57
FLUGÖRYGGIS- OG FLUGVERNDARMÁL	57
LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA FRÁ FLUGVÉLUM.....	58
SIGLINGAMÁL	59
Grænbók um málefni siglinga og sjávar	59
Þriðji siglingapakinn.....	59
VEGA- OG UMFERÐARMÁL.....	60
Skipulagning flutningakeðjunnar (Freight transport logistics)	60
Grænbók um samgöngur í borgum	60
Önnur umferðar- og vegamál.....	60
FJARSKIPTAMÁLI	61
Endurskoðun fjarskiptapakans	61
Reglugerð um reiki utanlands	61
PÓSTMÁL	61
ALMENN SAMGÖNGUMÁL	61
Galileo	61
SJÁVARÚTVEGSMÁL.....	63
MÁL SEM TENGJAST VIÐAUKA I Í EES-SAMNINGNUM.....	63
Endurskoðun matvælalöggjafar ESB	63
- Tilskipun 178/2002	63
- Þjálfunarnámskeið um öruggari matvæli.....	63
- Aðlögun.....	64
Viðskiptahindranir vegna heilbrigðisákvæða.....	64
Viðurkenningar á jafngildi reglna	64
Sníkjudýr (Parasites) í fiskafurðum	64
Tilskipun 1774/2002 um “heilbrigðisreglur varðandi aukaafurðir dýra (ABP), sem ekki eru til manneldis”	65
Fiskimjöl	66
AF TVÍHLIÐA SAMSTARFI ESB OG ÍSLANDS UM SJÁVARÚTVEGSMÁL	66
Árlegar viðræður Íslands og ESB um fiskveiðimál og lífríki hafsins.....	66
Undirbúningur að tvíhliða viðræðum háttsettra embættismanna á Íslandi og ESB um sjávarútvegs mál	67
HELSTU STEFNUMÁL FRAMKVÆMDASTJÓRNAR ESB Á SVIÐI SJÁVARÚTVEGS ÁRIÐ 2007	68
- Heildstæð stefnumörkun ESB í málefnum sjávar og siglinga – EU Maritime Policy	68
- Afnám brottkasts	69
- Barátta gegn ólöglegum fiskveiðum (IUU)	70
UMHVERFISMÁL.....	70
REACH.....	70
Rammatilskipun ESB um umhverfisstefnu varðandi hafið	72
EU Maritime Policy – Heildstæð stefnumörkun í málefnum sjávar og siglinga.....	73
Viðskipti með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda (ETS Emission Trading Scheme).....	73
Losun gróðurhúsalofttegunda frá flugvélum.....	74
Áherslur á sviði umhverfismála á formennskutímabili Portúgals, júlí – desember 2007:.....	75

INNGANGUR

Meginhlutverk sendiráðsins er að taka þátt í rekstri EES- og Schengen-samninganna, rækja samskiptin við Evrópusambandið (ESB) og aðildarlönd þess, gæta hagsmuna Íslands og reka erindi landsins á þessum vettvangi. Þetta verkefni spannar í raun í meira eða minna mæli öll svið stjórnslu og stjórn mála á Íslandi. Í samræmi við það eru hin ýmsu fagráðuneyti á Íslandi með fulltrúa í sendiráði Íslands gagnvart ESB. Eftirfarandi skýrsla ber þessa einkenni.

Í þessum inngangi er gerð grein fyrir skipan skýrslunnar, mönnun sendiráðsins og helstu heimsóknum. Þar á eftir er yfirlitskafla, þar sem drepíð er á mál sem efst eru á baugi. Þar næst kemur kafla um utanríkis- og öryggismál, en síðan fylgja kaflar um einstök málefna svið og er þá fylgt ráðuneytaskiptingu á Íslandi. Í þeim er gerð nánari grein fyrir því sem til umfjöllunar er innan sviða hinna ýmsu ráðuneyta. Nokkur mál falla undir fleiri en eitt ráðuneyti og má þá eftir atvikum finna greinargerðir þar um á fleiri en einum stað. Þessir kaflar skýrslunnar eru teknir saman af fulltrúum viðkomandi ráðuneyta í sendiráðinu.

Á tímabilinu var tekið á móti ýmsum hópum gesta sem gjarnan koma úr ýmsum áttum svo sem úr skólum og á vegum félagasamtaka. Er þetta orðinn reglulegur og vaxandi liður í starfsemi sendiráðsins. Er óhætt að fullyrða að meira megi gera af slíku og hvetja bæði opinbera aðila sem einkaaðila að nýta sér þetta í meira mæli þar sem heimsóknir af þessu tagi veita aukna innsýn í það sem er að gerast á þessum vettvangi og hafa kann á endanum bein áhrif á Íslandi og ekki síður opna dyr fyrir hagsmunaaðila á Íslandi.

Af heimsóknum má nefna heimsókn á vegum upplýsingaskrifstofu NATO á Íslandi, fulltrúa samtaka atvinnulífsins, stjórn samtaka iðnaðarins og nemendur úr Háskólanum í Reykjavík. Einnig má nefna að dómsmálaráðherra sótti fundi dóms- og innanríkisráðherra ESB á vettvangi Schengen auk þess sem landbúnaðarráðherra átti fund með framkvæmdastjórum ESB á sviði landbúnaðar- og heilbrigðismála þeim Markos Kiprianou og Mariann Fischer Boel. Iðnaðar- og viðskiptaráðherra átti fund með Günter Verheugen framkvæmdastjóra iðnaðarmála og Neelie Kroes framkvæmdastjóra samkeppnismála auk þess að hitta sendiherra nokkurra aðildarríkja ESB. Fastir liðir í heimsóknum ráðherranna voru einnig kynningarfundir með stjórnendum EFTA skrifstofunnar í Brussel og Eftirlitsstofnunar EFTA. Heilbrigðisráðherra átti fund með Markos Kiprianou. Umhverfisráðherra átti fund með Stavros Dimas framkvæmdastjóra umhverfismála og Markos Kyprianou. Einnig sótti umhverfisráðherra óformlegan fund umhverfisráðherra Norðurlandanna í tengslum við fund umhverfisráðherra ESB í Lúxemborg. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga heimsótti Brussel í tilefni af opnun nýrra skrifstofa evrópusamtaka sveitarfélaga. Þingmannanefnd EFTA fundaði einnig í Brussel á tímabilinu.

Yfirlit

Á tímabilinu sat Þýskaland í stóli formennsku ESB og er almennt mat þeirra sem best fylgjast með starfi ESB að Þjóðverjar hafi náð markverðum árangri í sinni formennskutíð. Eru til að mynda EES EFTA ríkin mjög ánægð með framgöngu Þjóðverja þar sem þeir reyndust þeim mjög vel á ýmsum sviðum og í ýmsum erfiðum málum. Má í því efni til að mynda nefna að sjaldan hefur EES EFTA ríkjunum verið boðið til jafn margra óformlegra ráðherrafunda ESB og í tíð Þjóðverja og verður að geta þess í því sambandi að ný formennska ESB, Portúgal, virðist ætla að halda uppi þessu góða fordæmi sem Þjóðverjar hafa skapað. Ef hægt er að nefna eitthvað sem stendur upp úr frá formennskutíð Þjóðverja þá er það sú staðreynd að Merkel kanslari skyldi ná niðurstöðu meðal þjóðarleiðtoga ESB í júní varðandi nýja sáttmála ESB svo sem nánar er gerð grein fyrir síðar í þessari skýrslu. Þó það sé e.t.v. það sem upp úr stendur þá er ekki síður að nefna árangur á öðrum afmörkuðum sviðum og má þar t.d. nefna samkomulag um löggjöf á sviðum eins og gjaldtöku vegna reikisamtala, nýja sjónvarpstilskipun, ný og metnaðarfull markmið í tengslum við baráttuna gegn loftslagsbreytingum o.fl. Má e.t.v. segja að í þessum árangri Þjóðverja endurspeglar styrkleiki þeirra innan ESB sem þjóðar en ekki síður styrkleiki einstakra ráðherra þeirra á einstökum sviðum og jafnframt góður undirbúningur fyrir formennskutímabilið.

Að öðru leyti má nefna neðangreind atriði sem borið hafa hátt fyrri hluta ársins 2007.

Grunnsáttmálar ESB

Ekki þarf að fjölyrða um þær niðurstöður sem urðu um svonefndan stjórnarskrársáttmála ESB sem felldur var í þjóðaratkvæðagreiðslum í Hollandi og Frakklandi á sínum tíma eftir langt og strangt samningaferli aðildarríkja og stofnana ESB. Sáttmálinn var viðleitni til að gera nauðsynlegar uppfærslur á sáttmálum ESB á sama tíma sem leitast var við að gera grunnreglur ESB aðgengilegri borgurum aðildarríkjanna. Þegar niðurstaða þessara atkvæðagreiðslna var ljós ákváðu aðildarríkin að staldra við og íhuga frekar framhaldið. Að liðnum tveimur árum var það niðurstaða þeirra að fela þýsku formennsku ESB að leggja fram tillögur um hvernig á málum skyldi haldið. Til að gera langa sögu stutta gengu Þjóðverjar, undir forystu Merkel kanslara, ákveðið til verks og lögðu upp með að ná fram niðurstöðu sem gæti orðið grundvöllur nýrrar ríkjaráðstefnu sem á síðari hluta ársins myndi fjalla um nýja sáttmála ESB. Sú varð niðurstaðan á leiðtogafundi ESB í júní og eru meginniðurstöður málsins dregnar saman hér að neðan.

Það fór svo að verkefni leiðtogafundar ESB entist þjóðarleiðtogunum fram undir það að dagur rann laugardaginn 23. júní. Þó má segja leiðtogunum til ágætis að þeir komust ekki nærri þeim átökum sem urðu á fundinum í Nice um árið þar sem þeir sátu svo dögum og nóttum skipti.

Í aðdraganda fundarins voru ýmsar getsakir uppi um rauðar línur sem einstaka sendinefndir kváðust ekki reiðubúnar að fara yfir. Bar þar auðvitað hæst hótanir Pólverja um að koma í veg fyrir að samkomulag um atkvæðavægi næðist á þeim nóttum sem er að finna í hinum, nú grafna, stjórnarskrársáttmála. Einnig vöktu athygli línur Breta sem lögðust gegn ýmsum grundvallarmarkmiðum þýsku formennskunnar og um að fella fleiri

svið undir meirihlutaatkvæði og að gera Réttindasáttmála ESB að bindandi lagalegum texta. Auk þessa voru ýmis ríki með áherslur sem þau töldu nauðsynlegt að koma inn til að tryggja greiðari framgang málsins innan sinna ríkja og má þar t.d. nefna aukið hlutverk þjóðþinga, aukið hlutverk ESB á sviði umhverfismála og félagsmála. Sarkozy hafði og horn í síðu þess markmiðs ESB að tryggja frjálsa og ótruflaða samkeppni.

Á síðustu dögnum fyrir fundinn fóru að berast vísbendingar um að e.t.v. gætu Pólverjar hugsað sér að fallast á málamiðlun. Ein þeirra gekk t.d. út á að þeir myndu reyna að tryggja að núverandi atkvæðavægi myndi gilda fram yfir 2013 til að tryggja að þeir héldu sínu við ákvarðanatöku um næsta fjárhagstímabil ESB 2014-2021 eða að þeir myndu gefa eftir gegn því að komast fyrr og hraðar inn í kerfi landbúnaðarstyrkja en gert hafði verið ráð fyrir (orðrómur var um að Sarkozy hefði boðið þeim það).

Sumar fréttir herma að framkoma Póllands tvíburanna hafi gert það ómögulegt fyrir Merkel að semja við þá þar sem ýmis ummæli þeirra hafi gert það að verkum að trúnaðarbrestur hafi orðið milli Þýskalands og Póllands. Endurspeglast það m.a. í þeirri staðreynd að á föstudagskvöldinu var dreift drögum að niðurstöðu sem Merkel ætlaði sér að fá samþykkt án stuðnings Póllands. Er hermt að í þessari stöðu hafi Blair, Sarkozy og Juncker tekið yfir keflið um stund og þrýst Póllandi í átt að því samkomulagi sem á endanum náðist. Er talað um mikla áhættu sem Merkel hafi tekið í þessu sambandi en á sama tíma klókindi í erfiðri stöðu.

Fyrir fundinn hafði utanríkisráðherrum aðildarríkja tekist að leysa ýmis mál tengd nýjum sáttmála og setja ramma um uppbyggingu hans. Kom það t.d. fram í því að samstaða náðist um að um yrði að ræða breytingasáttmála við núverandi sáttmála með hefðbundnu sniði. Þar með varð endanlega ljóst að stjórnarskrársáttmálanum hafði verið kastað fyrir borð. Má segja að það hafi verið nokkurs konar ekki-frétt þar sem fáir gátu í raun með raunhæfum rökum haldið því fram að sú hugmynd hefði getað lifað eftir höfnun Frakka og Hollendinga á sáttmálanum. Það næsta sem ráðherrarnir urðu sammála um var að fella út allar tilvísanir sem túlka mætti sem einhverskonar tilvísun til sambandsríkis svo sem ákvæði um tákn, fána og þjóðsöng. Lengra komust þeir hins vegar ekki og skyldu leiðtogana eftir með stórar efnislegar spurningar sem þeir tókust á um í skjóli nætur fram undir morgun laugardags.

Er stefnan sett á að ljúka samningum fyrir árslok og nota árið 2008 til fullgildingar þannig að gildistaka geti orðið í tíma fyrir kosningar til Evrópuþingsins 2009.

En hverjar urðu svo hinar eiginlegu niðurstöður umfram það sem að framan greinir?

1. Samkomulag er að kalla saman ríkjaráðstefnu aðildarríkja ESB og er formennskunni falið að taka nauðsynleg skref í því sambandi þegar í stað og er gert ráð fyrir að hún komi saman fyrir lok júlí. Sáttmálum ESB verður eingöngu breytt á slíkri ráðstefnu. Grunnur hennar er það umboð sem leiðtogarnir urðu ásáttir um en það felur í sér mörg efnisatriði sem ættu að gera það að verkum að ráðstefnan ætti að eiga tiltölulega einfalt verk fyrir höndum; e.t.v. meira tæknilega vinnu en nokkuð annað.

2. Um verður að ræða það sem leiðtogarnir kjósa að kalla “*Reform Treaty*” sem e.t.v. má segja að skírskoti til þess að með þessum nýja sáttmála sé ekki að verulegu leyti hróflað við efnislegum ramma ESB heldur fremur horft til stofnanalegra breytinga og breytinga sem styrkja starfsemi ESB. Verður það væntanlega notað til rökstuðnings fyrir því að komast megi hjá því að halda þjóðaratkvæðagreiðslur í einstökum aðildarríkjum; ekkert nýtt vald sé framselt til Brussel.

3. Allar tilvísanir til “Bandalagsins” (*Community*) munu hverfa og í stað þess vísað til “Sambandsins” (*Union*) en það er til samræmis við þá niðurstöðu að sambandið mun verða sérstök lögpersóna. Um verður að ræða tvo sáttmála; annars vegar sáttmálann um Evrópusambandið (*Treaty on the European Union*) og hins vegar Sáttmáli um starfsemi ESB (*Treaty on the Functioning of the Union*).

4. Haldið var í þá niðurstöðu stjórnarskrársáttmálans að koma á fót sérstöku embætti fulltrúa ESB í utanríkismálum sem muni jafnframt því verða varaforseti framkvæmdastjórnar ESB. Heitinu er hins vegar breytt úr “utanríkisráðherra” í “Háttsettur fulltrúi Sambandsins í Utanríkis- og Öryggismálum” (*High Representative of the Union for Foreign Affairs and Security Policy*). Ef veðbankarnir væru opnir hér myndu menn e.t.v. veðja á að þetta yrði starf fyrir Solana en blikur kunna þó að vera á lofti hvað það varðar þar sem orðrómur hefur verið uppi um að hann hyggist láta af störfum. Vonin um þetta starf kynni þó að breyta því.

5. Horfið er til baka til þess að viðhalda þeim heitum á löggjöf ESB sem þekkt er orðin. Þannig munum við áfram fá að búa við heitin Reglugerð (*Regulation*), Tilskipun (*Directive*) og Ákvörðun (*Decision*).

6. Horfið er frá því að hafa ákvæði í sáttmálanum sem kveði á um að lög ESB gangi framur landslögum en þess í stað verður samþykkt yfirlýsing sem vísar til fordæma dómstóls ESB sem einmitt kveða á um að lög ESB gangi framur landslögum.

7. Réttindasáttmálinn verður gerður bindandi með sérstakri tilvísun en ríkjaraðstefnunni verður væntanlega ætlað að útfæra það nánar svo sem að hve miklu leyti og þá með hvaða hætti ríki kunna að geta orðið undanþeginn því (*opt out*) þannig að ekki felist í þessu skylda til að breyta landslögum til samræmis við Réttindasáttmálann.

8. Hlutverk þjóðþinga er styrkt umfram það sem var að finna í stjórnarskrársáttmálanum m.a. með því að lengri frestur er gefinn fyrir þjóðþing að gera athugasemdir. Þetta hlutverk snýr einkum að nálægðarreglunni (*subsidiarity principle*) þar sem þjóðþing munu hafa umsagnarrétt um löggjöf sem framkvæmdastjórnin leggur til og komist einfaldur meirihluti þjóðþinga að því að þau telji löggjöf fara gegn þessari reglu þá skuli framkvæmdastjórnin skoða málið á nýjan leik.

9. Hvað varðar stofnanapátt ESB vekur auðvitað mesta athygli að haldið er í hugmyndirnar um utanríkisráðherra (með nýtt heiti) og fastan forseta leiðtogaráðs ESB auk þess sem gert er ráð fyrir breytingum á núverandi kerfi formennsku ESB. Jafnframt er haldið í regluna um tvöfaldan meirihluta (atkvæða og íbúa) sem var Pólverjum svo á

móti skapi. Hins vegar var komið til móts við þá með því að kerfið tekur ekki gildi fyrr en 2014 og kemur til framkvæmda í áföngum fram til 2017. Má geta þess hér að málsmetandi menn innan ESB hafa óformlega komið fram og sagt að of mikið sé gert úr þessu atriði þar sem til algerra undantekninga heyrir að til atkvæðagreiðslna komi; ESB sé í öllum grundvallaratriðum klúbbur sammælis. Gert er ráð fyrir að framkvæmdastjórum verði fækkað líkt og stjórnarskrársáttmálinn gerði ráð fyrir og þar með munu öll aðildarríkin ekki eiga fulltrúa þar á hverjum tíma (frá 2014). Athygli vakti í aðdraganda leiðtogafundarins að sögusagnir gengu um að Sarkozy væri þegar farinn að tefla fram Tony Blair sem forseta leiðtogaráðsins.

10. Ákvæði stjórnarskrársáttmálans sem fólu í sér að fleiri svið en áður yrðu háð meirihlutaatkvæði virðast koma inn í nýjan sáttmála sem breytingar á núverandi sáttmálum. Bretland sem lagðist gegn því á ýmsum sviðum, virðist fá sérlausnir til að koma til móts við þeirra viðhorf á afmörkuðum sviðum, einkum á sviði refsiréttar sem á sama tíma felur í sér að aðildarríkin geta þróað löggjöf á þessu sviði innan ramma ESB þó þau taki ekki öll þátt í því. Meirihlutaatkvæðagreiðslur verður hins vegar meginreglan á sviði einkamálaréttarfars.

11. Á sviði utanríkismála er gert ráð fyrir að haldið verði í ákvæði stjórnarskrársáttmálans um að sett verði á stofn diplómatisks þjónusta ESB (*European External Action Service*). Þó munu ríkin samþykkja yfirlýsingu þess efnis að þetta hafi ekki áhrif á fullveldi aðildarríkjanna til að marka sína eigin utanríkisstefnu eða hvernig þau koma fram gagnvart þriðju ríkjum eða alþjóðastofnunum.

12. Sambandið mun verða lögpersóna sem t.d. leiðir til þess að það getur sem slíkt orðið aðili að alþjóðlegum sáttmálum eins og Mannréttindasáttmála Evrópu.

13. Haldið er í þá grundvallarniðurstöðu stjórnarskrársáttmálans að ESB verður ekki lengur skipt í hinar þekktu þrjár stoðir. Á hinn bóginn munu gilda mismunandi reglur um ákvarðanatöku eftir sviðum.

14. Hvað varðar einstök efnissvið má nefna að aðildarríkin hyggjast efla samstarf sitt á sviði dóms- og innanríkismála. Til að mæta óskum Breta verður þeim veitt heimild til að standa utan þess samstarfs á sviði refsiréttar með líkum hætti og þeir hafa í dag t.d. á vettvangi Schengen.

15. Ákvæði kemur inn á umhverfissviðinu sem heimilar ESB að grípa til aðgerða vegna loftslagsbreytinga.

Almennt kemur og fram að mörgu af því sem sett var fram í stjórnarskrársáttmálanum er haldið og verður það hlutverk ríkjaráðstefnunnar að fella slík ákvæði inn í núverandi sáttmála. Kallar það þegar á þá gagnrýni að þessi nýji sáttmáli sé aðeins stjórnarskrársáttmálinn í nýjum umbúðum. Þegar umboðið sem leiðtogafundurinn samþykkti er skoðað virðist um margt mega taka undir það.

Sarkozy náði því markmiði sínu að fá tilvísun til samkeppnismála út úr ákvæði sáttmálanna um markmið ESB en hins vegar var það sett í sérstaka bókun um innri markaðinn og samkeppni þar sem segir að samkeppni sé ekki skert. Var þetta gert að kröfu m.a. Breta. Deila menn nú um hvað þetta þýðir í raun en ljóst er að framkvæmdastjórn ESB mun í engu breyta framkvæmd sinni af þessu tilefni.

Hvað varðar framhaldið í einstökum aðildarríkjum má ganga út frá því að sum þeirra muni leitast við að forðast að leggja þá niðurstöðu sem ríkjaráðstefnan mun komast að undir þjóðaratkvæði. Þau ríki sem eru þekktust fyrir það eru Danmörk og Írland. Forsætisráðherra Danmerkur hefur t.d. neitað að taka afstöðu til þess hvort þjóðaratkvæðagreiðslu verði þörf; það velti á endanlegri niðurstöðu ríkjaráðstefnunnar. Blair sætti þungri gagnrýni í Bretlandi fyrir að hafa gefið of mikið eftir og mun þrýstingur án efa aukast á að bera niðurstöðuna undir þjóðaratkvæði. Á sama tíma má ætla að Sarkozy standi við sitt og láti þingið um að afgreiða málið.

Gert er ráð fyrir því að ríkjaráðstefnan hefjist undir lok júlí.

Sendiráðið í Brussel mun á næstu vikum og mánuðum fylgjast grannt með gangi mála og vinna nánari greinargerð um þau áhrif sem þessi niðurstaða kann að hafa á ákvæði sáttmála ESB. Er rétt að það bíði þar til rykið hefur sest og frekari upplýsingar berast um nánari túlkanir á þeirri niðurstöðu sem nú liggur á borðinu.

Stækkun ESB

Búlgaríá og Rúmenía urðu ný aðildarríki ESB frá 1. janúar 2007. Mun verða grannt fylgst með þeim þar sem enn eru veikleikar á ýmsum sviðum innanlands hjá ríkjunum tveimur. Auk þess standa yfir formlegar aðildarviðræður við Króatíu og Tyrkland.

Að loknum forsetakosningum í Frakklandi var spennan ekki síst fólgin í því hvernig mál þróuðust vegna aðildarviðræðna við Tyrki. Deildar meiningar eru meðal aðildarríkja ESB hvort Tyrkir eigi yfir höfuð heima í klúbbnum. Frakkar fara hér fremstir í flokki en eins og kunnugt er hefur Sarkozy lýst yfir algerri andstöðu sinni við aðild Tyrkja. Hefur hann sýnt það í verki með því að koma í veg fyrir að samningaviðræður hefjist um þann þátt er snýr að Myntbandalagi Evrópu. Þó hann hafi á sama tíma fallist á að hefja viðræður á tveimur öðrum sviðum (tölfræði og fjármálastjórn) verður að túlka afstöðu hans hér þannig að hann sé reiðubúinn að láta sverfa til stáls þegar kemur að sviðum sem teljast til grunnþátta ESB. Hafa ber hér í huga að samþykki allra aðildarríkja ESB þarf til að hefja viðræður um einstök svið auk þess sem samþykki allra þarf til að staðfesta lok viðræðna um þessi sömu svið. Hefur Sarkozy því í raun tvöfalt neitunarvald. Í bakgrunni eru svo ríki eins og Grikkland og Kýpur sem sjálfsagt harma ekki mjög afstöðu Frakka.

Eins og við mátti búast gengur hins vegar Króötum allt í haginn í sínum viðræðum og hafa þeir þegar opnað viðræður um alls 12 svið og seta Króatar sér enn það markmið að aðildarviðræðum geti lokið á árinu 2009.

Stækkun EES svæðisins.

Órjúfanlegur hluti af stækkun ESB er stækkun EES svæðisins. Slík stækkun er þó ekki sjálfvirk afleiðing af stækkun ESB heldur þarf samkvæmt EES samningnum að semja sérstaklega um stækkun EES við framkvæmdastjórn ESB og ný aðildarríki (hér Búlgaríu og Rúmeníu). Í tilefni af stækkun ESB stóðu yfir samningaviðræður um stækkun EES frá því í júlí 2006 fram á fyrri hluta ársins. Lauk samningaviðræðum á vormánuðum þar sem EES EFTA ríkin féllust annars vegar á aukin framlög til fátækari ríkja ESB; Búlgaríu og Rúmeníu og hlaut Ísland þess í stað aukinn markaðsaðgang fyrir karfa og humar. Gert er ráð fyrir að þessar tilslakanir komi að fullu til framkvæmda á yfirstandandi ári. Nánar tiltekið fól niðarstaðan í sér annars vegar aukin framlög EFTA ríkjanna fram til loka apríl 2009 (alls 72 milljónir evra) og tvíhliða framlög Noregs (alls 68 milljónir evra), og hins vegar greiðari markaðsaðgangi fyrir humar og karfaflök. Aukið framlag Íslands af þessum sökum nemur um 130 milljónum króna á ársgrundvelli.

Forviðræður um viðskipti með unnar landbúnaðarafurðir

Líkt og getið hefur verið í fyrri skýrslum hefur nú komið til framkvæmda samningur ESB og Íslands um viðskipti með hefðbundnar landbúnaðarafurðir. Ísland ákvað að láta ekki þar við sitja heldur hefja einnig viðræður um viðskipti með unnar landbúnaðarafurðir sem er hluti af EES samningnum. Er gert ráð fyrir að formlegar viðræður hefjist í september.

EES Samningurinn

Tuttugasti og sjöundi fundur EES ráðsins var haldinn 15. maí í Brussel og sótti Þorsteinn Ingólfsson sendiherra fundinn af Íslands hálfu í fjarveru utanríkisráðherra. Undir liðnum pólitískt samráð var fjallað um málefni Kosóvó, miðausturlanda og Afganistan. Að því búnu var haldinn hinn hefðbundni EES ráðsfundur þar sem fjallað var um framkvæmd EES samningsins.

Á tímabilinu tók sameiginlega EES nefndin **71** ákvörðun sem felldu **106** gerðir inn í EES samninginn. Að venju var mikill meirihluti þessara ákvarðana tæknilegar breytingar á reglum á sviði matvælamála.

Sú óvenjulega staða var uppi fyrri hluta ársins að framkvæmdastjórn ESB kaus að stöðva ákvarðanatöku í sameiginlegu EES nefndinni meðan viðræðum um stækkun EES væri ólokið. Nú hefur hins vegar tekist að vinna upp þann hala af ákvörðunum sem myndaðist við þetta.

Af vettvangi EES bar að öðru leyti hæst að áfram var unnið að undirbúningi að upptöku nýrrar matvælalöggjafar ESB í EES samninginn og þátttöku í Matvælastofnun Evrópu. Felur þetta í sér þá breytingu að reglurnar munu einnig ná yfir framleiðslu landbúnaðarafurða að því er varðar Ísland. Er málið nú til formlegrar meðferðar innan ESB en gert er ráð fyrir að Sameiginlega EES nefndin taki nauðsynlegar ákvarðanir í þessu efni síðari hluta ársins 2007. Gert er ráð fyrir því að reglurnar nái til íslenskra landbúnaðarafurða frá og með byrjun árs 2010 en gert er ráð fyrir tilteknum aðlögunartíma á þessu sviði. Einnig má nefna að undirbúningur nauðsynlegra ákvarðana um þátttöku EFTA ríkjanna í viðskiptakerfi ESB með útblástursheimildir

gróðurhúsalofttegunda er á lokastigi en vegna sérstöðu Íslands er gert ráð fyrir að kerfið taki að svo stöddu ekki til Íslands.

Segja má hins vegar að hæst hafi borið á tímabilinu, utan niðurstöðu stækkunarviðræðna, að nýverið samþykkti sameiginlega EES nefndin fjölda ákvarðana um þátttöku EES EFTA ríkjanna í ýmsum áætlunum ESB. Má þar t.d. nefna sjöundu áætlun ESB á sviði rannsókna og þróunar. Hafa EES ríkin staðið mjög framarlega í þátttöku í mörgum þessara áætlana og notið verulega góðs af því í formi framlaga ekki síst til vísinda- og menntamála.

Utanríkis- og Öryggismál

Á sviði utanríkis- og öryggismála ber áfram hæst verkefni sem ESB hefur tekist á hendur á sviði hættuástandsstjórnunar. Hefur verið ítarlega fjallað um þennan þátt í fyrri skýrslum sendiráðsins. Við það má bæta að verkefni ESB í Kongó hefur verið endurnýjað. Hér má einnig nefna að undirbúningur stendur yfir innan ESB að taka yfir verkefni UNMIK í Kosóvó í tengslum við væntanlegt samkomulag um stöðu héraðsins. Verður um að ræða stærsta borgaralega verkefni ESB á þessu sviði en gert er ráð fyrir að ríkjum utan ESB verði boðin þátttaka í því, þ.m.t. Íslandi en Íslandi hefur þegar verið boðið á upplýsingafundi um verkefnið. Auk þessa hefur ESB tekist á hendur lögregluverkefni í Afganistan.

Fyrirhuguð Íslandshátíð í Brussel, 26. febrúar – 15. júní 2008: „Iceland – on the Edge“

Undirbúningur fyrirhugaðrar Íslandshátíðar í Brussel sem haldin verður frá febrúar til júní 2008, er í fullum gangi. Markmið hátíðarinnar er að efla ímynd Íslands á alþjóðlegum vettvangi með heildstæðri dagskrá sem samanstendur af *menningarhátíð*, *ferða- og ráðstefnukynningu*, *viðskiptakynningu* og *orkukynningu*. Samstarfsaðili verkefnisins er stærsta menningarmiðstöð Belgíu - BOZAR. Miðstöðin er afar virt og vel sótt (yfir milljón gestir 2005). Auk BOZAR er eitt vinsælasta tónlistarhús Belgíu, Ancienne Belgique, samstarfsaðili hátíðarinnar á vettvangi popp- og rokktonlistar.

Tímabilið frá janúar til júní 2007 hefur einkennst af vinnu við að tryggja fjármögnun hátíðarinnar og kostnaðaráætlun samfara mótun dagskrár.

Sendiráðið hefur fengið fjölmarga til samstarfs; menntamálaráðuneytið, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, samgönguráðuneytið, Ferðamálastofu, Reykjavíkurborg og Útflutningsráð. Landsbanki Íslands verður máttarstólpi verkefnisins og Icelandair/Icelandair Cargo eru að auki samstarfsaðilar. Þátttaka þessara fyrirtækja skiptir sköpum fyrir framkvæmd hátíðarinnar. Jafnframt hefur verið unnið að samningsgerð við BOZAR/Ancienne Belgique og er sú vinna langt komin.

Mótun dagskrár:

Mótun dagskrárinnar hefur staðið yfir af krafti frá því í janúar 2007. Hér fyrir neðan er yfirlit yfir helstu atriði sem hafa áunnist og þau verkefni sem framundan eru.

1) Menningarviðburðir

Pablo Fernandez, „deputy artistic director“ BOZAR fór í þrjár kynnisferðir til Íslands á tímabilinu janúar – júní 2007. Sendiráðið og samstarfsaðilar þess skipulögðu ferðina en markmiðið var að gefa BOZAR færi á að kynnst landi og þjóð, fá miðstöðina til að taka virkan þátt í vali viðburða og mynda tengsl á milli BOZAR og íslenskra aðstandenda og væntanlegra þátttakenda hátíðarinnar. Yfirmaður BOZAR, Paul Dujardin var með í för í einni heimsókninni og var við opnun listahátíðar og fundaði með þeim aðilum sem koma að verkefninu.

Unnið hefur verið að þessu í nánu samstarfi við Reykjavíkurborg og menntamálaráðuneytið sem gegnir lykilhlutverki í framkvæmd menningarþáttarins og ber fjárhagslega ábyrgð á þeim þætti. Saman mynda utanríkisráðuneytið, Reykjavíkurborg og menntamálaráðuneytið samráðshóp sem mótað hefur dagskrána í samvinnu við BOZAR. Liggur dagskrá menningarviðburða nú nánast fyrir og tekur til eftirfarandi:

- Rúrí: Innsetning í aðalsal BOZAR
- „Sublime“: Nútíma listasýning sem unnin er í samvinnu við Listasafn Reykjavíkur og Listahátíð í Reykjavík
- TRH – arkitektasýning um nýja tónlistar- og ráðstefnuhúsið
- Þjóðleikhúsið: Sýningar á Pétri Gaut
- Íslenski dansflokkurinn: Sýning á „Happy New Year“ og „Open Source“ verkum flokksins
- Erna Ómarsdóttir og fl.: „Mysteries of Love“ (nútímadans)
- „Iceland Airwaves“ helgi (popp- og rokktónlist)
- „Cross-over edge“ helgi (ýmsum listformum fléttað saman)
- Halldór Laxness og Hallgrímur Helgason: Bókmenntakvöld
- „Multi Media“ bókmenntakvöld með ungum rithöfunum undir stjórn Sjón
- Rísandi stjórnur - tónleikaröð BOZAR (2 tónleikar með ungum íslenskum tónlistarmönnum)
- Kvikmyndahátíð þar sem sjónum er sérstaklega beint að myndum nokkurra leikstjóra
- Mögulega fyrirlestrar um Íslendingasögurnar og fl.

Jafnframt er BOZAR að ræða við Sigur Rós og Björk um þátttöku í hátíðinni. Enn er ýmislegt í vinnslu en drögin hér að ofan gefa góða mynd.

2) Ferða- og ráðstefnumál

Unnið er að skipulagningu ferða- og ráðstefnuþáttar hátíðarinnar í samstarfi við Ferðamálastofu, Ráðstefnuskrifstofu Íslands, Reykjavíkurborg, Icelandair og Portus ehf. (eignarhaldsfélag nýja TRH). Markmiðið er að nýta hátíðina sem best til að auglýsa Ísland sem áhugaverðan áfangastað fyrir almenning og ýta undir hvataferðir. Undirbúningur fyrir hvoru tveggja hefur gengið vel og ýmislegt áunnist.

Sendiráðið blés í upphafi árs til fundar með Icelandair, Ferðamálastofu og forsvarsmönnum sjónvarpsþáttarinnar „Flanders on Holiday“ sem er vinsæll ferðamálasjónvarpsþáttur í Belgíu. Markmiðið var að fá þessa aðila til að vinna saman að gerð þáttar um Ísland sem sýna mætti við upphaf hátíðarinnar. Vel tókst til og er tökum á þremur 12 mínútna þáttum um Ísland (um norðurland, suðurland og Reykjavík) nýlokið. Í þáttunum eru tekin viðtöl við listamenn sem munu taka þátt í Íslandshátíðinni í BOZAR, en þættirnir verða, eins og áður hefur verið nefnt, sýndir við upphaf hennar.

Sendiráðið og Icelandair ákváðu jafnframt í upphafi árs að funda með belgískum ferðaskrifstofum sem selja ferðir til Íslands með það að markmiði að kynna Íslandshátíðina og finna leiðir til að vinna saman að nýtingu hennar í þágu ferðamála. Ferðaskrifstofurnar fögnuðu frumkvæðinu og er nú unnið saman að því að gefa út sérstakan ferðamálabækling sem dreift verður með öllum seldum miðum á menningarviðburði. Í staðinn auglýsa ferðaskrifstofurnar hátíðina í gegnum sitt tengslanet og kynningarefni og gefa ferðir til Íslands sem BOZAR nýtir í markaðsmálum hátíðarinnar. Icelandair verður jafnframt með sérstakt ferðaskrifstofukvöld í BOZAR þar sem Ísland sem áfangastaður verður kynnt sem vænlegur sölukostur fyrir belgískan markað.

Sendiráðið, Ráðstefnuskrifstofa Íslands og Icelandair stóðu í maí að kynningu á Íslandi sem áhugaverðum kosti fyrir hvataferðir. Portus hyggst, eins og áður hefur verið nefnt, standa að sýningu um nýja tónlistar- og ráðstefnuhúsið í húsakynnum BOZAR frá apríl til júní 2008. Mikilvægt er að nýta þá kynningu sem best enda markaður í Brussel fyrir hvata- og ráðstefnuferðir einkar frjór vegna alþjóðastarfseminnar sem einkennir borgina.

Sendiráðið og Ferðamálastofa hafa jafnframt unnið að undirbúningi blaðamannaferðar til Íslands á fyrrihluta þessa árs í samvinnu við BOZAR. Ljóst er að allt að 20 blaðamenn, margir frá ferðamála- og hvataferðatímritum, munu sækja landið heim næsta haust. Jafnframt hafa þessir aðilar unnið að því að heimasíða BOZAR nýtist til að kynna ferða- og ráðstefnumöguleika sem Ísland hefur upp á að bjóða.

Framundan er áframhaldandi undirbúningur ofangreindra þátta auk þess sem nýjar hugmyndir verða skoðaðar.

3) Viðskiptamál

Sendiráðið skipulagði fundardag fyrir Útflutningsráð og VUR með viðskipasamtökum og systurstofnunum þeirra í Belgíu. Fundirnir fóru fram í mars og var markmiðið að kanna áhuga á samstarfi, mögulega í formi viðskiptasendinefndar eða annarra viðskiptatengdra viðburða. Íslensk sjávarútvegsfyrirtæki eru í miklum viðskiptum við belgísk sjávarafurðafyrirtæki en önnur viðskipti eru almennt minniháttar skv. því sem best er vitað.

Niðurstaða funda Útflutningsráðs og VUR var sú að ekki væri besti kostur að fara með viðskiptasendinefnd til Belgíu en halda skyldi kynningu á belgísku viðskiptaumhverfi

heima á Íslandi haustið 2008. Er sú kynning í undirbúningi og stefnt að því að hún fari fram í september 2007.

Með Útflutningsráði og Útflutningsmiðstöð íslenskrar tónlistar (ÚTÓN) hefur verið unnið að því að tengja belgísk útgáfufyrirtæki við þá íslensku tónlistarviðburði sem haldnir verða vorið 2008. Sem liður í þeim undirbúningi var heimsókn fulltrúa frá ÚTÓN til Brussel í apríl. ÚTÓN mun jafnframt vinna með Ferðamálastofu að því að fá belgíska tónlistarblaðamenn til að sækja tónlistarhátíðina Iceland Airwaves heim, með það að markmiði að auka þekkingu á hátíðinni erlendis. Þá verður efnt til ferðar til Íslands í haust fyrir blaðamenn frá völdum viðskiptatímamörum til að kynna þeim Ísland sem álitlegan fjárfestingar-/viðskiptakost.

Að lokum má nefna að þau íslensku fyrirtæki sem styrkja hátíðina; máttarstólpi þess Landsbanki Íslands og samstarfsaðilarnir tveir Icelandair og Icelandair Cargo, eru öll að nýta sér hátíðina til að kynna nafn sitt og starfsemi, viðskiptum sínum í Evrópu til góða.

Næstu skref miða að því að vinna að þeim verkefnum sem hér hafa verið nefnd ásamt því að skoða hvort fýsilegt sé að bæta fleirum við. Í því sambandi hefur sendiráðið einkum horft til skipulagningar fyrirlestra um viðskiptaumhverfið á Íslandi. Hvort ráðist verður í slíkt verkefni verður metið á haustmánuðum 2007, væntanlega í kjölfar fyrirhugaðrar kynningar í Útflutningsráði.

4) Orkumál

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti sýndi strax í upphafi áhuga á því að skipulagður yrði sérstakur orkudagur sem hluti af Íslandshátíðinni 2008. Ljóst er að orkumálin eru ofarlega á baugi í dag, ekki síst í Brussel vegna starfsemi ESB og þeirra orkufyrirtækja/samtaka sem starfa í borginni. Haldinn var fundur með fulltrúum ráðuneytisins á Íslandi í apríl um þessi mál þar sem fulltrúar frá Samorku, Landsvirkjun og Rarik m.a. sátu. Í kjölfarið hefur þróun og mótun orkudagsins haldið áfram. Í undirbúningi er ráðstefna um Ísland og sjálfbæra orku þar sem íslensk fyrirtæki munu m.a. kynna einstök verkefni. Ráðstefnan verður haldin í BOZAR og er stefnan að bjóða stjórnáráðgjafum, embættismönnum, blaðamönnum, fulltrúum frá viðeignandi samtökum og fyrirtækjum í Brussel á ráðstefnuna. Markmiðið er að vekja athygli á sjálfbærri orkunýtingu Íslands og skapa jákvæða umfjöllun um landið á þessum vettvangi.

Í skoðun eru fleiri kynningarmöguleikar fyrir orkuaðila og verður haldið áfram með þá vinnu það sem eftir er af árinu 2007 í samvinnu við BOZAR og Samorku, sem heldur utan um þessi mál fyrir hönd orkuaðila.

Markaðsmál:

Markaðssetning Íslandshátíðarinnar er þegar hafin. Umfjöllun um Ísland prýðir nú síður allra ársrita BOZAR fyrir árið 2007. Hér er um að ræða „BOZAR Stage and Screen“ (um kvikmyndir, dans, bókmenntir og leiklist – gefið út í 20.000 eintökum), „BOZAR Expo“ (um sýningar BOZAR, gefið út í 6.000 eintökum) og „BOZAR Music“ (gefið út í 30.000

eintökum). BOZAR hélt einnig blaðamannafundi í mars og maí til að kynna dagskrá sína 2007-2008. Á blaðamannafundinum í maí var m.a. sérstök áhersla á íslensku viðburðina en um 100 manns sóttu fundinn. Í kjölfarið var fjallað um fyrirhugaða Íslandshátíð í öllum helstu dagblöðum Belgíu s.s. Le Soir, La Libre Belgique, De Morgen, De Standaard og á fréttavefnum www.vrtnieuws.net. Efni um hátíðina hefur þegar birst á heimasíðu BOZAR (www.bozar.be). Ljóst er að öflug markaðssetning er forsenda þess að markmið hátíðarinnar náist og því er afar ánægjulegt og mikilvægt að markaðssetning sé þegar hafin.

Fjölmargin er á döfinni varðandi markaðsmálin. Nýverið sótti Leen Gysen markaðsstjóri BOZAR Ísland heim til að kynna sér landið og funda um *logo* hátíðarinnar og markaðsmál. Merki hátíðarinnar mun líta dagsins ljós á næstu vikum ásamt þeim þemum sem dagskrá hátíðarinnar verður skipt niður í. Markmiðið með þemaskiptingu hátíðarinnar undir heitinu „Iceland on the Edge“, er að auka markaðsáhrifin og gefa fólki kost á að kaupa sér passa á einstaka viðburði hátíðarinnar. Í ágúst verður BOZAR svo með Íslandsþema á bás sínum á *Cultuurmarkt* deginum sem haldinn er árlega í Antwerpen en dagurinn er fjölskyldudagur þar sem allar menningarmiðstöðvar Belgíu kynna dagskrá sína. Á svipuðum tíma verður gefið út vefrænt fréttabréf á vegum BOZAR. Tvær kynningarbylgjur eru í raun kjarninn í markaðssetningu hátíðarinnar. Önnur hefst með *Cultuurmarkt* en hin á sér stað þegar nær dregur hátíð og stendur yfir til loka hennar. Auglýsingar munu birtast í tímaritum, dagblöðum, útvarpi, á plakötum sem hengd verða um borgina, í kynningarefni BOZAR (s.s. mánaðarritinu BOZAR Magazin sem gefið er út í 80.000 eintökum og dreift mánaðarlega inn á 50.000 heimili). Blaðamannaheimsóknin í okt./nóv. er mikilvægur hluti af undirbúningi markaðssetningar en Ferðamálastofa heldur utan um skipulagningu hennar í samvinnu við BOZAR og sendiráðið. Jafnframt er hinn áður nefndi sjónvarpsþáttur mikilvægt markaðstól í þessu samhengi.

Eins og sjá má á þessari samantekt er margt í bígerð hvað varðar markaðssetningu hátíðarinnar og mun sá þáttur án efa vaxa mikið á næstu mánuðum.

Að lokum

Hér að ofan var gefið yfirlit yfir helstu áfanga sem náðst hafa á fyrri hluta ársins 2007 er varða undirbúning Íslandskynningarinnar „*Iceland - on the Edge*“, sem haldin verður í Brussel 2008. Sjónum var sérstaklega beint að vinnslu við fjármögnun, undirbúningi dagskrár og markaðsmálum. Undirbúningur hefur gengið afar vel enda margir lagt hönd á plóginn.

Ímyndarsköpun á alþjóðavettvangi hefur verið töluvert í umræðunni að undanfögnu. Allir þátttakendur verkefnisins hafa verið sammála um kosti Brussel í því samhengi. Fjölpjóðleg einkenni borgarinnar gera það að verkum að betra er að ná fram sýnileika hvort sem ætlunin er að vekja athygli á Íslandi í pólitísku- eða menningarlegu samhengi, eða með tilliti til viðskipta og ferðamála. Íslandshátíðin í Brussel verður því lóð á vogarskálar jákvæðrar ímyndar Íslands erlendis og mun áframhaldandi undirbúningur einkennast af metnaði fyrir því að sem best megi til takast.

DÓMS- OG INNANRÍKISMÁL

I. SCHENGEN-SAMNINGURINN OG TENGD MÁL

1. Almenn

Starf fulltrúa dóms- og kirkjumálaráðuneytisins í Brussel felst öðru fremur í að sinna samsettu nefndinni í ráðherraráðinu, sem fjallar um þróun og beitingu Schengen-regluverksins, en það er nú óaðskiljanlegur þáttur af starfi Evrópusambandsins á sviði dóms- og innanríkismála. Vægi dóms- og innanríkismála í pólitískri stefnumótun ESB heldur enn áfram að aukast. Fram hefur komið af hálfu portúgölsku formennskunnar, sem tekur við af þeirri þýsku 1. júlí 2007, að mikilvægasta pólitíska málið á tímabilinu sé stækkun Schengen-svæðisins, en á dagskrá er að opna landamærin milli nýu aðildarríkja ESB og þeirra ríkja sem nú taka fullan þátt í Schengen-samstarfinu, þann 31. desember nk. Þessi áform voru staðfest á leiðtogafundi Evrópusambandsins 21.-23. júní sl. Setur portúgalska formennskan þetta verkefni jafnfætis þeim skipulagsbreytingum sem ákveðnar voru á sama leiðtogafundi (stjórnarskrármálið) og kemur í hennar hlut að hefja útfærslu á. Evrópusambandið vinnur á sviði dóms- og innanríkismála eftir svokallaðri Haagáætlun sem samþykkt var á leiðtogafundi ESB í árslok 2004, stefnumörkun til fimm ára, sem ætlað er að styrkja frelsi, öryggi og réttlæti í Evrópu.

2. Samsetta nefndin

Tillögur að gerðum í samræmi við Haagáætlunina eru að miklu leyti þróun á Schengen-gerðunum og er því fjallað um þau mál í samsettu nefndinni. Í samsettu nefndinni eiga nú sæti, auk aðildarríkja ESB, Ísland, Noregur og Sviss. Fundir ráðherra dóms- og innanríkismála í samsettu nefndinni eru venjulega 4-6 á ári. Á tímabilinu voru þrjár slíkir ráðherrafundir haldnir, í febrúar, apríl og júní.

Samstarfið í samsettu nefndinni hefur almennt gengið vel að mati íslenskra stjórnvalda, sérstaklega á vettvangi sérfræðinga, en það hefur verið í nokkuð föstum skorðum frá árinu 1999. Í kjölfar skipulagsbreytinga innan ráðherraráðs ESB þróuðust mál þó á þann veg, á vettvangi ráðherra og sendiherra, að fyrir kom að Schengen-málefni væru rædd efnislega utan samsettu nefndarinnar, en tekin fyrir til málamynda innan hennar. Því var á tímabilinu hugað að breyttu verklagi í samsettu nefndinni á vettvangi sendiherra og ráðherra. Í góðri samvinnu við þýsku formenskuna og hin EFTA ríkin í samsettu nefndinni var gengið frá bréfaskiptum um nýtt verklag. Í því felst að tryggt er að Schengen-málefni verða alltaf rædd efnislega í samsettu nefndinni áður en ESB ríkin taka þau til formlegrar samþykktar, en fundum sendiherra og ráðherra í samsettu nefndinni verður alltaf stýrt af formenskuru ESB. Þetta samkomulag var staðfest á ráðherrafundi 12. júní 2007 og þykir þegar hafa gefið góða raun.

3. Schengen-úttektir

Eftirlit með framkvæmd Schengen-samningsins í aðildarríkjunum er hjá ríkjunum sjálfum á vettvangi samsettu nefndarinnar, Schengen-úttektir. Úttekt var gerð á

Norðurlöndunum síðari hluta ársins 2005, en það er fyrsta eftirlitsúttektin sem fram fer síðan full þátttaka ríkjanna í Schengen hófst í mars 2001. Þóttu ríkin fimm öll framfylgja Schengen-reglunum með viðunandi hætti og í fjölda tilvika þótti ástandið til fyrirmyndar, en fram komu engu að síður ábendingar um það sem betur mætti fara. Af Íslands hálfu hefur því á undanförunum mánuðum á vettvangi samsettu nefndarinnar verið gerð grein fyrir úrbótum sem gerðar voru í tilefni af þeim athugasemdum. Meðal þess var betri aðgreining umferðar innan og utan Schengen í Leifsstöð en áður hafði verið og ákveðið var að gera lítilsháttar breytingu á reglugerð um rekstur Schengen-upplýsingakerfisins. Þóttu úrbæturnar fullnægjandi og fékk Ísland útskrift án athugasemda á ráðherrafundinum 12. júní 2007.

Nú snýst vinnan í úrtektanefndinni um Schengen-úttektir á níu af þeim tíu ríkjum sem gerðust aðilar að ESB árið 2004, en stefnt er að stækkun Schengen-svæðisins 31. desember 2007, eins og fram er komið. Þegar hafa verið gerðar úttektir á öðrum þáttum en þeim sem tengjast Schengen-upplýsingakerfinu í ríkjunum og voru niðurstöður þeirra ærið misjafnar, frá því að allt sé í lagi til þess að gera þurfi verulegar úrbætur og nýjar úttektir hafa þurft að fara fram að þeim loknum. Þessari vinnu miðar hratt og örugglega í rétta átt. Stjórnvöld í ríkjunum hafa brugðist vel við athugasemdum úttektarmanna og hafa á skömmum tíma gert breytingar á löggjöf og framkvæmd til samræmis við Schengen-reglur. Innri landamærin verða ekki opnuð fyrr en úttektanefndin staðfestir að ríkin uppfylli öll skilyrði Schengen-reglna og geti gætt hinna nýju ytri landamæra svæðisins með fullnægjandi hætti.

4. Schengen-upplýsingakerfið, SIS II, SIS1+ og tenging nýju ríkjanna

Haldið hefur verið áfram þróun Schengen-upplýsingakerfisins, en önnur kynslóð þess hefur verið í smíðum um nokkra hríð (SIS II). Lagagrundvöllur nýja kerfisins liggur nú fyrir, tvær reglugerðir og ein ráðsákvörðun, en vinna samsettu nefndarinnar við þessar gerðir hófst í íslensku formennskunni á síðari hluta ársins 2005. Bakslag kom í framgang tæknivinnunar við nýja kerfið og er nú fyrirsjáanlegur dráttur á gangsetningu til ársloka 2008. Upphaflega stóð til að tengja fulla þátttöku nýju Schengen-ríkjanna, 10 ESB ríkjanna auk Sviss, í Schengen-samstarfinu við gangsetningu þessa nýja kerfis, þar sem kerfið sem nú er í notkun gat óbreytt ekki tekið við svo mörgum nýjum landstengingum. Þetta mál tók nýja stefnu þegar Portúgal lagði til að nýju ríkin yrðu tengd við kerfið sem nú er í notkun (SIS1+) með afritum af portúgólsku tengingunni við það og tengjast 9 þeirra SIS með þeim hætti (SISone4ALL) í október 2007. Stefnt er að því að innri landamæri þeirra á sjó og landi verði opnuð í árslok 2007, en flugvellir í mars 2008. Opnun er þó háð jákvæðum niðurstöðum Schengen-úttektanefndarinnar. Mikill pólitískur þrýstingur er tengdur þessari vinnu, sbr. það sem fyrr segir um samþykkt leiðtogafundar Evrópusambandsins í júní. Sviss hefur lýst yfir áformum til að tengjast SISone4ALL ári síðar, en gert er ráð fyrir að Kýpur, Búlgaría og Rúmenía bíði eftir SIS II.

5. Mál til meðferðar í samsettu nefndinni

Fjöldi mála á ýmsum stigum er á hverjum tíma til umræðu í því kerfi undirnefnda ráðherraráðsins sem funda undir hatti samsettu nefndarinnar. Meðal þeirra gerða sem nú eru í mótun í samsettu nefndinni eru þessar:

- Rammaákvörðun um vernd persónuupplýsinga við meðferð opinberra mála.

- Tilskipun um samræmdar reglur við brottvísanir útlendinga.
- Reglugerð um vegabréfaáritanir (Visa Code)
- Breytingar á reglum um form dvalarleyfaskírteina fyrir útlendinga
- Breytingar á tilskipun um kaup og meðferð vopna
- Breytingar á ýmsum gerðum sem varða rekstur Schengen-upplýsingakerfisins vegna fjölgunar þátttökuríkjana og nýja SIS II kerfisins.

Meðal þeirra mála sem samstaða náðist um í samsettu nefndinni á tímabilinu eru þessi:

- Reglugerð um VIS (Visa Information System), sem er nýtt sameiginlegt upplýsingakerfi um vegabréfaáritanir,**
- Ráðsákvörðun um aðgang lögreglu, Europol o.fl. að VIS áritanakerfinu**
- Reglugerð um bráðasveitir landamæravarða og breytingar á reglugerð um Landamærastofnun í tengslum við þær**
- **Breytingar á nokkrum gerðum um rekstur og fjármál Schengen-upplýsingakerfisins vegna fjölgunar þátttökuríkjana**
- **Ráðsniðurstöður um evrópskt eftirlitskerfi við landamæri, sérstaklega eftirlit með hafsvæðinu á Miðjarðarhafi**
- Ráðsniðurstöður um samvinnu ríkjana og Landamærastofnunnar við sameiginlega framkvæmd brottvísana.**

6. Vinna á vegum framkvæmdastjórnarinnar

Þróun SIS II og VIS

Stærstu verkefnið sem Ísland tekur nú þátt í undir hatti framkvæmdastjórnarinnar er vinna tæknimanna við áframhaldandi þróun kerfanna SIS II (önnur kynslóð Schengen-upplýsingakerfisins) og VIS (áritana-upplýsingakerfið), auk útfærslu portúgölsku tillögunnar um SISone4ALL. Tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins hefur tekið virkan þátt í þessari vinnu.

Fulltrúar Íslands taka einnig þátt í vinnu nefndar um **samræmt form áritana**, dvalarleyfa o.fl., sem hefur unnið tæknistaðla sem tengjast notkun lífkenna í hin ýmsu skilríki, þar á meðal í vegabréf. Nú er þar unnið að tæknilegri útfærslu dvalarleyfisskírteina fyrir borgara þriðju ríkja.

Frá því full þátttaka Íslands í Schengen-samstarfinu hófst árið 2001 hafa samstarfsríkin tekið að sér fyrirsvar fyrir Ísland við útgáfu vegabréfaáritana, einnig á stöðum þar sem Ísland hefur sendiráð. Á þessu varð breyting á tímabilinu þar sem hafin var **útgáfa áritana** í íslenska sendiráðinu í Peking þann 15. júní sl. Kallar þessi breyting á ennþá virkari þátttöku Íslands en áður í þeim þáttum samstarfsins í Brussel sem lúta að áritanamálum.

Ný framkvæmdarnefnd (*commitology*) framkvæmdastjórnarinnar hefur nú verið sett á laggirnar með þátttöku Íslands, en henni er ætlað að sinna málefnum **Landamærasjóðs (External Borders Fund)**, en full þátttaka Íslands í sjóðnum hefst þó ekki fyrr en að gerðum sérstökum samningi við ESB þar um, sem gert er ráð fyrir í gerðinni sem er lagagrundvöllur sjóðsins.

Samstarf Íslands og Evrópusambandsins á grundvelli svokallaðs *Dublin-samnings*, sem tekur til þess hvaða ríki beri að fjalla um beiðni um pólitískt hæli, hefur gengið vel á tímabilinu, en vettvangur þess samstarfs í Brussel er nefnd á vegum framkvæmdastjórnarinnar. Framkvæmdastjórnin kynnti nýjar tillögur á tímabilinu um áform um endurskipulagningu hælismála í Evrópusambandinu, reglur sem ekki hafa áhrif á íslenska löggjöf um hælismál, en sem hugsanlega kalla á breytingar á Dublin-reglum sem samstarfssamningurinn við Ísland byggir á. Sendiráðið fylgist því vel með framvindunni.

7. Samningar tengdir Schengen-samstarfinu

Samningar um endurviðtöku og framkvæmd við útgáfu vegabréfaáritana

Vegna þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu er nauðsynlegt að gera sambærilega samninga og ESB gerir við þriðju ríki á þessum sviðum. Unnið hefur verið að undanfögnu í samvinnu dómsmálaráðuneytis og utanríkisráðuneytis að gerð samninga um endurviðtöku við Rúmeníu og Macao og er samningsgerð á lokastigi. Þá hefur verið unnið að samningi við Rússland um áritanamál og endurviðtöku á grundvelli samnings sem gerður var milli ESB og Rússlands og sami háttur verður hafður á við viðræður við Úkraínu um áritanamál og endurviðtöku. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins fékk í nóvember 2006 umboð ráðsins til að gera samninga við fjögur ríki á Balkanskaga (Svartfjallaland, Serbíu, Bosníu, Makedóníu) um bæði endurviðtöku og áritanaútgáfu. Áritaður samningstexti liggur nú fyrir og verður að öllum líkindum undirritaður í haust en stefnt er að fullgildingu fyrir árslok. Fylgst er af Íslands hálfu með framvindu mála með hliðsjón af því að sambærilegir tvíhliða samningar verði einnig gerðir við þessi ríki af Íslands hálfu.

Samningaviðræður ESB við íslensk stjórnvöld vegna *þátttöku Íslands í sjóði fyrir ytri landamæri Schengen* og nýjan samning um *þátttöku í comitology nefndum framkvæmdastjórnarinnar* hafa verið boðaðar en eru ekki hafnar.

Lögreglusamvinna – EUROPOL-PRUM

Útsendur íslenskur tengifulltrúi tók til starfa í Europol, sem aðsetur hefur í Haag, á tímabilinu, á grundvelli samnings Íslands og ESB um samstarf á vettvangi Europol frá árinu 2001. Hefur þessi skipan gefist vel og hinn íslenski fulltrúi tekið þátt í starfi stofnunarinnar til gagns fyrir rannsóknir mála á Íslandi. Umboð Europol hefur nú verið víkkað út og tekur einnig til rannsókna á peningabætti o.fl. Fram er komið boð af hálfu Europol um samsvarandi útvíkkun samstarfssamningsins við Ísland, sem gert er ráð fyrir að samþykkt verði af Íslands hálfu á næstunni.

Aukin samvinna ESB ríkja á sviði lögreglusamvinnu, sem ákveðin hefur verið á grundvelli svokallaðs Prum-samnings, verður færð inn í regluverk Evrópusambandsins utan samsettu nefndarinnar og Schengen-samstarfsins, en það var ákveðið á fundi ráðherra ESB 12. júní sl. Dómsmálaráðherrar Norðurlandanna ræddu þetta mál síðan á fundi sínum í Finnlandi 20. júní sl. og ákváðu að nánara lögreglusamstarf ríkja þeirra skyldi rætt í ljósi þessarar þróunar.

Samvinna á sviði dómsmála

Aukin samvinna innan ESB er fyrirhuguð á sviði opinberra mála eins og kemur fram í tillögum nokkurra nýrra gerða sem til meðferðar eru í ráðherraráðinu utan samsettu nefndarinnar og varða m.a. gagnkvæma viðurkenningu refsidóma og fullnustuákvæðana, aðgang að sakaskráum o.fl. Þessi mál hafa ekki verið á dagskrá fyrir Ísland, en þó er grannt fylgst með þróuninni á þessu sviði.

II. EES-SAMNINGURINN

Á vettvangi EES-samningsins hafa þessi mál helst verið meðal verkefna fulltrúa dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á tímabilinu.

1. Frjáls för launafólks

Heildartilskipun ESB um frjálsa för, 2004/38/EC (*Directive on the right of citizens of the Union and their family members to move and reside freely within the territory of the Member States*), hefur verið til umfjöllunar í sameiginlegu nefnd EES samningsins á tímabilinu. Mikilvægar breytingar felast í gerðinni á útfærslu réttarins til frjálsrar farar. Viðræður um upptöku gerðarinnar í EES samninginn hafa tekið langan tíma, en lagatæknilegur ágreiningur er fyrir hendi um með hvaða hætti það verði gert. Er þessu máli enn ólokið, en fyrir liggur að við upptöku gerðarinnar þarf að gera nokkrar breytingar á lögum um útlendinga.

2. Samstarf á sviði almannavarna

Þátttaka Íslands í almannavarnastarfi Evrópusambandsins fer að mestu fram með þátttöku í áætlunum ESB á grundvelli EES samningsins. Ný áætlun á þessu sviði fyrir tímabilið 2007-2013 og fjármögnun hennar var samþykkt í ESB á tímabilinu. Nýju áætluninni fylgja jafnframt nýjar gerðir þar sem samvinna um viðbrögð við vá er nánar útfærð. Embætti Ríkislögreglustjórans, almannavarnardeild, tekur þátt í þessu samstarfi á Íslandi og á fulltrúa í vinnuhópi EFTA um almannavarnamál, og nefnd framkvæmdastjórnarinnar á þessum vettvangi.

III. LUGANÓ- SAMNINGURINN

Luganó-samningurinn tekur til dómsmálasamvinnu á sviði einkamálaréttar og gagnkvæmrar viðurkenningar dóma og ákvarðana. Á tímabilinu lauk viðræðum um breytingar á samningnum, sem unnið hefur verið að um árábil. Langt hlé var gert á viðræðum meðan Evrópudómstóllinn tók afstöðu til þess hvort ríki Evrópusambandsins færu með samningsumboð hvert fyrir sig eða hvort framkvæmdastjórnin semdi fyrir þeirra hönd. Varð niðurstaðan sú að framkvæmdastjórnin fer með samningsumboð fyrir hönd Evrópusambandsríkjanna, annarra en Danmerkur, sem er sjálfstæður aðili að samningnum, með svipuðum hætti og Ísland, Noregur og Sviss. Var nýr samningur áritaður í Brussel í vor og bíður nú undirritunar.

Í tengslum við þessa samvinnu hefur óformlega verið rætt um hugsanlega tengingu EFTA ríkjanna við nýjar reglur Evrópusambandsins á sviði sifjaréttar.

FÉLAGS-, ATVINNU- OG SVEITARSTJÓRNARMÁL

FÉLAGSMÁL

Ný áætlun á sviði félagsmála, vinnumála og jafnréttismála

Progress er ný áætlun á sviði félags- og vinnumála sem tekur til árána 2007 til 2013 sem EES EFTA ríkin taka þátt í. Um 660 millj. evra verður ráðstafað í áætlunina sem skiptist í fimm viðfangsefni.

- Vinnumál, en áherslan hér verður á verkefni sem styrkja atvinnumálastefnu ESB.
- Stuðningur við verkefni sem stuðla að aukinni félagslegri velferð og aukinni þátttöku jaðarhópa í samfélaginu.
- Bætt vinnuvernd og aukin hollustu á vinnustöðum.
- Aðgerðir gegn mismunun og leiðir til að auka fjölbreytni.
- Stuðningur við verkefni sem stuðla að jafnari stöðu kvenna og karla í samfélaginu.

Þar sem áætlunin varðar flest viðfangsefni félagsmálaráðuneytisins er mikilvægt að huga vel að því hvernig yfirsýn og samræming af hálfu ráðuneytisins verður best háttáð, því með Progress áætluninni gefast fjölbreytt tækifæri til þátttöku í margvíslegum verkefnum á sviði vinnu- og félagsmála.

http://ec.europa.eu/prelex/detail_dossier_real.cfm?CL=en&DosId=191546

Ár jafnra tækifæra 2007

Nú stendur yfir Evrópuár jafnra tækifæra og er Ísland aðili að því verkefni. Markmiðið er að stuðla að umræðu um jafnréttismál í samfélaginu og efla baráttuna gegn félagslegri mismunun. Unnið verður eftir fjórum meginþemum, þ.e. vitund almennings um jafnrétti og aðgengis í samfélaginu, áhersla á mikilvægi þátttöku hópa sem standa höllum fæti í ákvarðanatöku, jákvæð umræða og viðurkenning á fjölbreyttleika, og að endingu áhersla á virðingu og umburðarlyndi.

Margvísleg verkefni verða á Íslandi í tilefni ársins sem kynnt voru á opnunarráðstefnu í apríl síðastliðinn.

Félagsleg þjónusta í almannabágu

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur sent frá sér orðsendingu þar sem reynt er að afmarka og skilgreina félagsþjónustu sem rekin er og veitt í almannabágu (*Social Service of General Interests*).

Markmiðið er að afmarka félagslega þjónustu frá annarri þjónustu, kalla eftir viðhorfum einstakra ríkja ESB til málsins og um leið skerpa á því hvernig löggjöf Evrópusambandsins á sviði samkeppnismála og innri markaðar varðar félagsþjónustu í almannabágu. Orðsendingin felur ekki í sér beinar aðgerðir af hálfu framkvæmdastjórnarinnar, svo sem áform um lagasetningu, en framkvæmdastjórnin

áskilur sér rétt til að „*decide how to follow up this process and identify the best approach to take, including, giving consideration to the need and legal possibility for a legislative proposal*“.

Hér er um athyglisvert mál að ræða sem er partur af stærra samhengi. Frá ákvörðun um Lissabon áætlun ESB, sem setur það markmið að gera Evrópusambandið að samkeppnishæfasta markaðssvæði í heimi, hefur framkvæmdastjórn ESB unnið að margvíslegum verkefnum sem miða að því að auka flæði þjónustu á innri markaði ESB og draga úr hindrunum í þjónustuviðskiptum. Grænbók og Hvítbók um þjónustu í almannapágu (*Service of General Interests*) eru hluti af því átaki, sem og nýsamþykkt tilskipun um þjónustuviðskipti (*Service Directive*). Þá hefur undanfarið staðið yfir umræða um hvort og hvernig auka megi viðskipti með heilbrigðisþjónustu milli landa.

Vænta má frekari tillagna frá framkvæmdastjórn ESB um frekari aðgerðir er varða félagsþjónustu í almannapágu í nóvember þessa árs.

http://ec.europa.eu/employment_social/emplweb/news/news_en.cfm?id=153

JAFNRÉTTISMÁL

Ný jafnréttisilskipun ESB

Evrópusambandið hefur nýlega samþykkt tillögu framkvæmdastjórnarinnar frá 21. apríl 2004 um jafna stöðu og rétt kvenna og karla til vinnu og á vinnustöðum og vinnumarkaði. Tillagan gekk undir heitinu „*Recast*“ sem skýrskotar til þess að verið er að sameina nokkrar tilskipanir í eina. Markmið tilskipunarinnar er að einfalda og endurnýja reglur ESB er tryggja jafnan rétt og stöðu kvenna og karla á vinnumarkaði og þar með fella gildandi tilskipanir Evrópusambandsins um þessi efni saman í eina.

Umræddar tilskipanir hafa allar verið teknar upp í EES samninginn, en þær eru: Tilskipun um launajafnrétti, nr. 75/117/EC; jafnréttisilskipun, nr. 76/207/EC (sem var breytt með tilskipun nr. 2002/73/ESB); tilskipun 86/378/EC um jafna stöðu hvað varðar lífeyrisréttindi (sem var breytt með tilskipun 96/97/ESB); og tilskipun nr. 97/80/ESB um sönnunarbyrði. Unnið er að því hjá EFTA að skoða hvernig standa ber að innleiðingu hinnar nýju tilskipunar.

Jafnréttisstofnun Evrópusambandsins

Tillaga um stofnun jafnréttisstofnunar Evrópusambandsins liggur nú fyrir. Hún mun hefja starfsemi í lok þessa árs og alls munu um 52,5 milljónum evra verða varið til reksturs hennar á tímabilinu 2007 til 2013. Stofnuninni verði valin staður í Vilnius í Litháen. EFTA ríkin hafa gefið til kynna að þau hafi áhuga á að vera þátttakendur í rekstri stofnunarinnar, en ekki hefur verið gengið frá því hvernig sú þátttaka gæti átt sér stað.

http://ec.europa.eu/employment_social/gender_equality/gender_institute/index_en.html

Vegvísir í jafnréttismálum

Þann fyrsta mars síðastliðinn sendi framkvæmdastjórn ESB frá sér svokallaðan vegvísi í jafnréttismálum (*Roadmap to equality between women and men*). Með honum eru sett fram 6 áherslusvið sem Evrópusambandið telur rétt að unnið sé sameiginlega í jafnréttismálum á tímabilinu frá 2006 til 2010. Markmiðið er að auka jafnrétti meðal kvenna og karla og jafna fjölskylduábyrgð, en áherslusviðin eru:

1. Jafnræði hvað varðar fjárhagslegt sjálfstæði kvenna og karla.
2. Samþætting einka- og fjölskyldulífs annars vegar og þátttöku á vinnumarkaði hins vegar.
3. Jöfn þátttaka og aðkoma að ákvarðanatöku.
4. Afnáam hverskonar kynbundins ofbeldis.
5. Afnáam hefðbundinna kynjaímynda.
6. Jafnari þátttaka kvenna og karla í utanríkis- og þróunarmálum.

Af stefnumótun þessari má ljóst vera að jafnréttismál hafa verið sett í forgang hjá Evrópusambandinu og vilji er til þess að draga karla enn frekar til ábyrgðar. Um það viðfangsefni hefur sértaklega verið fjallað á óformlegum ráðherrafundum félags- og fjölskyldumálaráðherra ESB undanfarið. Ísland hefur átt kost á að sitja þá fundi og á þeim síðasta, sem haldinn var í Bad Pydmont í Þýsklandi vakti umfjöllun íslenska fulltrúans um fæðingar- og foreldraorlofslögin sérstaka athygli.

http://europa.eu.int/prelex/detail_dossier_real.cfm?CL=en&DosId=193963

Tilskipun um jafnræði kynja í þjónustuviðskiptum

Enn er til umræðu meðal EES/EFTA ríkjanna tilskipun ESB um jafna stöðu kynjanna þegar kemur að viðskiptum með vöru og þjónustu, sbr. tilskipun nr. 2004/113/EC.

Annars vegar felur tilskipunin í sér almenn ákvæði sem banna hverskonar mismunun byggða á kynferði, meðal annars bann við mismunandi kjörum sem rekja má til fjölskylduábyrgðar eða barnsfæðinga. Hvorki bein né óbein mismun er þannig leyfileg varðandi viðskipti með vöru og þjónustu. Hins vegar felur tilskipunin í sér sérstök ákvæði er snúa að viðskiptum með tryggingar og fjármálaþjónustu. Segir að ríkin skuli fyrir 21. desember 2007 tryggja að samningar sem gerðir eru um slík viðskipti og styðjast að einhverju leyti við kynbundnar breytur við útreikning iðgjalda og endurgreiðslna, feli ekki jafnframt í sér kynbundinn mismun varðandi álagningu iðgjalda og útreikning bóta á einstaklingsgrundvelli.

VINNUMÁL

Grænbók um vinnulöggjöf

Í lok síðasta árs sendi framkvæmdastjórn ESB frá sér grænbók um vinnulöggjöf. Markmiðið með grænbókinni var að hefja umræður með aðildarríkjum ESB og öðrum sem málið varðar um ágæti núgildandi löggjafar ESB á þessu sviði og frekari þörf fyrir breytingar á henni, meðal annars með hliðsjón af almennri þróun vinnumarkaðar í Evrópu síðustu árin.

Bent er á að ýmis ný ráðningarform hafi rutt sér til rúms á síðari árum, meðal annars sem afleiðing af tækniþróun og alþjóðavæðingu. Athuganir hafa leitt í ljós að um 25% launþega vinna á grundvelli tímabundinna ráðningarsamninga, eru í hlutastörfum, ráða sig sem verktaka (*freelance contracts*), eða í gegnum starfsmannaleigur. Jafnframt eykst bilið á milli þeirra sem eru í ótryggri vinnu, tímabundinni eða í atvinnuleit og þeirra sem eru í föstum störfum.

Í grænbókinni endurspeglast áherslan á hið svokallaða „*Flexicurity*“, sem hefur verið einkunnarorð ESB á sviði félags og vinnumála síðustu misserin. „*Flexicurity*“ felur í sér markmið um annars vegar aukinn sveigjanleika á evrópskum vinnumarkaði þannig að samkeppnishæfni hans aukist, hins vegar markmið um að tryggja að jafnframt sé félagslegt öryggisnet til staðar fyrir einstaklinga sem á þurfa að halda. Oft er í umræðunni vísað til jákvæðrar reynslu Norðurlandþjóða hvað þetta jafnvægi varðar.

Fjölmarginir aðilar hafa sent framkvæmdastjórninni athugasemdir vegna grænbókarinnar og þar á meðal félagsmálaráðuneytið. Framkvæmdastjórnin hefur boðað að frekari tillögugerðar megi vænta í nóvember 2007.

http://ec.europa.eu/employment_social/emplweb/news/news_en.cfm?id=189

Leiðbeinandi reglur um útsenda starfsmenn

Framkvæmdastjórn ESB hefur sent frá sér leiðbeiningar fyrir stjórnarsýslu aðildarríkja ESB, fyrirtæki og launþega varðandi reglur sem gilda í þeim tilvikum þegar starfsmaður fyrirtækis er sendur til annars ESB ríkis til að vinna að tímabundnum verkefnum. Slíkar leiðbeiningar um útsenda starfsmenn varða þar með einnig EES EFTA ríkin þar sem tilskipun þar að lútandi er hluti af EES-samningnum.

Framkvæmdastjórnin hefur í samstarfi við aðildarríkin greint helstu vandamál er tengjast framkvæmd gildandi reglna um útsenda starfsmenn. Þess er nú vænst að hinar leiðbeinandi reglur verði til að eyða óvissu um rétt og skyldur er gilda á þessu sviði.

Vinnumálanefnd Evrópuþingsins hefur hins vegar gagnrýnt túlkun framkvæmdastjórnarinnar á reglunum, telur að sjónarhorn framkvæmdastjórnarinnar sé of þröngt og að mun meira vald liggi hjá einstökum ríkjum að útfæra reglurnar í samræmi við ríkjandi landslög.

Sjá leiðbeinandi reglur framkvæmdastjórnarinnar:

http://ec.europa.eu/employment_social/emplweb/news/news_en.cfm?id=149

Sjá umfjöllun um álit vinnumálanefndar Evrópuþingsins og atkvæðagreiðslu í þinginu:

<http://www.euractiv.com/en/social/europe/parliament-fences-looser-posting-rules/article-159257>

Ný áætlun ESB um öryggi og hollustu á vinnustöðum

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur kynnt nýja fimm ára áætlun sem miðar að því að fækka vinnutengdum slysum og sjúkdómum og auka öryggi á evrópskum vinnustöðum.

Evrópusambandið hefur allt frá árinu 1978 unnið markvisst að því að draga úr heilsutjóni á vinnustöðum með ýmsum aðgerðum og áætlunum. Frá árinu 2000 til 2004 fækkaði alvarlegum vinnuslysum um 17% og slysum eða óhöppum sem leiddu til fjarveru frá vinnu lengur en þrjá daga fækkaði um 23% á sama tímabili. Engu að síður hefur komið í ljós að um 28% Evrópubúa telja nú að þeir búi við heilsutjón af völdum núverandi eða fyrrverandi vinnu sinnar, og um 35% telja að þeim kunni að stafa hætta af vinnu sinni.

Framkvæmdastjórn ESB telur því að enn sé verk fyrir höndum hvað vinnuvernd varðar í Evrópu. Að mati ESB eru aðbúnaður og hollusta á vinnustöðum eitt mikilvægasta og jafnframt þróaðasta svið hvað varðar félags- og vinnumálasvið Evrópusambandsins og áfram verði að vinna að umbótum. Með hinni nýju áætlun er sett almennt markmið að tilvikum vinnustaðaslysa og heilsutjóns fækki um 25% á tímabilinu 2007–2012. Í því skyni verða sett af stað ýmis viðfangsefni á vettvangi ESB og í einstökum ríkjum sambandsins.

Þess má geta að allar reglur ESB er gilda um hollustu og öryggi á vinnustöðum hafa verið teknar upp í EES-samninginn. Sjá nánar á heimasíðu framkvæmdastjórnar ESB:

http://ec.europa.eu/employment_social/emplweb/news/news_en.cfm?id=209

För launþega

Til umfjöllunar hefur verið hjá EFTA hvernig standa eigi að upptöku nýrrar tilskipunar um frjálsa för launþega. Tillagan leysir af hólmi eldri tilskipanir á þessu sviði en kynnir um leið til sögunnar nokkur ný ákvæði. Umdeilt hefur verið meðal EFTA ríkjanna hvort sum hinna nýju ákvæða eigi sér stoð í EES samningnum og því hefur upptaka tilskipunarinnar í EES samninginn dregist á langinn. Framkvæmdastjórn ESB hefur hins vegar haldið því fram að hún sé EES tæk í heild sinni og beitt heimild sem er til staðar í 102. gr. EES samningsins, en með því er hafið ferli sem kann að hafa afleiðingar fyrir þennan hluta EES samningsins. Því er mikilvægt að niðurstaða fái stöð í þetta mál sem fyrst.

Þá er rétt að nefna að í tengslum við stækkun EES samningsins vegna inngöngu Búlgaríu og Rúmeníu í Evrópusambandið þarf að breyta lögum um för launþega þar sem m.a. er skilgreint á hvern hátt Ísland hyggst nýta sér rétt til að takmarka för launþega hinna nýju aðildarríkja til Íslands.

Ný skýrsla um útsenda starfsmenn

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur birt skýrslu sína um framkvæmd aðildarríkja bandalagsins á reglum sem gilda um útsenda starfsmenn í tengslum við þjónustu (Directive 96/71/EC, Posting of Workers). Með skýrslunni vill framkvæmdastjórnin stuðla að því að fjarlægja allar tæknilegar og ólögsmætar hindranir fyrir því að fyrirtæki geti sent starfsmenn sína á milli landa þegar um þjónustukaup er að ræða, en um leið að tryggja að félagsleg réttindi starfsmanna sem sendir eru á vettvang séu í heiðri höfð.

Í því skyni hyggst framkvæmdastjórnin setja á laggirnar embættismannanefnd sem á að vinna að því að greiða úr flækjum á þessu sviði, bera saman reynslu aðildarríkja og munu aðilar vinnumarkaðar fá tækifæri til að starfa með nefndinni. Þá hyggst

framkvæmdastjórnin freista þess að efla stjórnsýslulegt samstarf ríkjanna varðandi útsenda starfsmenn auk þess að skoða hugsanlegar aðgerðir gegn þeim ríkjum sem að mati framkvæmdastjórnarinnar kunna að brjóta gegn ákvæðum tilskipunarinnar.

<http://www.europa.eu/rapid/pressReleasesAction.do?reference=IP/07/817&format=HTML&aged=0&language=EN&guiLanguage=en>

SVEITARSTJÓRNARMÁL

Samband íslenskra sveitarfélaga opnaði skrifstofu í Brussel á síðasta ári. Skrifstofan skapar sveitarfélögunum ný tækifæri til þátttöku í margvíslegu Evrópusamstarfi auk þess sem auðveldara verður að reka hagsmunabaráttu þeirra gagnvart nýrri löggjöf sem tekin er upp í EES samninginn.

Eitt af þeim málum sem sveitarfélögin hafa lagt áherslu á er að fundinn verði farvegur fyrir formlega aðkomu þeirra að rekstri EES samningsins. Benda sveitarfélögin á að það komi í þeirra hlut að framkvæma margvíslega löggjöf Evrópusambandsins sem ratar í EES samninginn, auk þess sem óbein áhrif samningsins á rekstur íslenskra sveitarfélaga eru margvísleg. Þessum sjónarmiðum hefur verið mætt af miklum skilningi af hálfu íslenskra stjórnvalda, og að tillögu Íslands hefur framkvæmdastjóra EFTA verið falið að skila tillögum um hvernig þetta mætti gera.

HEILBRIGÐISMÁL OG ALMANNATRYGGINGAR

Hér er gerð grein fyrir helstu málum sem eru ofarlega á baugi á sviði heilbrigðis- og almannatrygginga í EES samstarfinu. Ekki er farið ítarlega yfir hvert mál heldur drepist á helstu atriðum þeirra.

HEILBRIGÐISMÁL

Heilbrigðisáætlun ESB

Ný heilbrigðisáætlun ESB mun hefjast árið 2008 og standa til 2013. Allt að 365 milljónir evra muni renna til áætlunarinnar á tímabilinu, sem er töluvert lægri fjárhæð en upphaflega var lagt til af framkvæmdastjórninni. Meginmarkmið heilbrigðisáætlunar ESB eru:

- Aukið heilbrigðisöryggi almennings
- Stuðla að auknu almannaheilbrigði og lífsgæðum
- Aukin þekking um gildi heilbrigðismála

Íslenskir aðilar hafa verið virkir þátttakendur í verkefnum sem áætlunin styrkir og mikilvægt er að tryggja að svo verði áfram.

http://ec.europa.eu/prelex/detail_dossier_real.cfm?CL=en&DosId=192715

Samráðsferli hafið um mótun heilbrigðisstefnu ESB

Framkvæmdastjórn ESB hefur hafið samráðsferli er varðar mótun sameiginlegrar stefnu á sviði heilbrigðismála. Markmið slíkrar stefnumörkunar er að stuðla að frekari framþróun á sviði heilbrigðismála í ríkjum ESB og skapa grundvöll til að bregðast við með samræmdum hætti þegar heilbrigðisvá steðjar að. Ennfremur er markmiðið að skoða leiðir til að auka jafnræði hvað varðar aðgengi að heilbrigðisþjónustu, sem og að finna leiðir til að bæta heilbrigðisþjónustu almennt. Stefnt er að því að skoða framvindu áætlunarinnar að fimm árum liðnum.

Sem lið í þessum undirbúningi hefur framkvæmdastjórnin sent frá sér skjal sem er umræðugrundvöllur fyrir þessi áform, en þar er ýmsum spurningum beint til aðildarríkja bandalagsins. http://ec.europa.eu/health/ph_overview/strategy/health_strategy_en.htm

Embættismannanefnd um heilbrigðisþjónustu

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur unnið að því að meta þróun á sviði heilbrigðisþjónustu einkum að því er varðar frelsi sjúklinga til þess að sækja heilbrigðisþjónustu til annarra landa. Um þessi áform er fjallað í stefnumarkandi áætlun ESB frá 2004 (COM 2004-301: *Follow-up to the high level reflection process on patient mobility and healthcare developments in the European Union*). Á vettvangi embættismannanefndar ESB, *High level group on health service and medical care*, eru þessi mál til umræðu og þar hafa verið samþykktar leiðbeinandi reglur um viðskipti milli ríkja með heilbrigðisþjónustu.

Ísland hefur ásamt Noregi átt áheyrnaraðild að störfum embættismannanefndarinnar og gefur það mikilvægt tækifæri til að fylgjast náið með framvindu umræðu á þessu sviði meðal ríkja Evrópusambandsins, og ekki síst að fylgjast með mótun reglusetningar á þessu sviði. Á fundi ráðherraráðsins þann 30. nóvember 2006 kom fram stuðningur við vinnu embættisnefndarinnar og því má búast við áframhaldandi störfum hennar.

http://www.eu.int/prelex/detail_dossier_real.cfm?CL=en&DosId=190510

http://ec.europa.eu/health/ph_overview/co_operation/mobility/high_level_hsmc_en.htm

Heilbrigðisþjónusta á innri markaði

Framkvæmdastjórn ESB sendi á síðasta ári frá sér orðsendingu þar sem óskað er eftir athugasemdum og ábendingum frá aðildarríkjum ESB er varðar væntanlegar tillögur hennar sem miða að því að skýra reglur er gilda um heilbrigðisþjónustu á innri markaði ESB (*Developing Community Framework for Safe, High Quality and Efficient Health Services*).

Eins og áður hefur komið fram hefur framkvæmdastjórnin unnið að því að skýra reglur er gilda annars vegar um rétt til þess að heilbrigðisþjónusta sé veitt og sótt hindrunarlaust á milli landamæra og hins vegar að marka rétt einstakra ríkja til að stjórna flæði og skipulagi heilbrigðisþjónustu. Bent er á að Evrópudómstóllinn hafi gefið skýrt til kynna að stofnsáttmálar ESB um frjálsa för og þjónustustarfsemi eigi einnig við um heilbrigðisþjónustu óháð því hvernig hún er fjármögnuð eða skipulögð í einstökum ríkjum. Á því eru hins vegar ákveðin takmörk. Því er nauðsynlegt að skýra þessar reglur

að mati framkvæmdastjórnarinnar, auk þess sem aukið flæði þjónustu á milli landa og samkeppni leiðir til aukins hagvaxtar á innri markaði ESB (var meginmarkmið Þjónustutilskipunarinnar svokölluðu sem nú hefur verið samþykkt án þess að þar sé fjallað um heilbrigðisþjónustu).

Framkvæmdastjóri Evrópusambandsins á sviði heilbrigðismála, Makros Kyprianou, kynnti nýlega samantekt um ábendingar sem komu fram í kjölfar þessarar orðsendingar. Í máli hans kom fram að samantektin staðfesti stuðning margra aðila við að framkvæmdastjórnin grípi til aðgerða á þessu sviði til að tryggja óhindrað flæði þjónustu á þessu sviði milli landa. Meðal annars komu fram ábendingar um að bæta þurfi upplýsingagjöf til sjúklinga um rétt þeirra til að sækja sér þjónustu utan heimalands og skyldur í þeim efnum, auk þess sem talin er þörf á að skýra betur það ferli sem fylgja ber.

Að mati framkvæmdastjórans gefa ábendingar úr samráðsferlinu góðan grundvöll til að leggja fram tillögur um aðgerðir til að skýra reglur um rétt og skyldur varðandi heilbrigðisþjónustu sem veitt er eða sótt utan heimalands.

Meðal niðurstaðna í samantektinni eru eftirfarandi:

- Flæði heilbrigðisþjónustu á milli landa er takmarkað, er talið vera rétt um 1% af heildarkostnaði við heilbrigðisþjónustu.
- Mikil þörf á að skýra Evrópurétt á þessu sviði, svo sem varðandi þau tilvik sem stjórnvöldum er heimilt að takmarka rétt (*prior authorization*).
- Þörf á að styðja við rekstur heilbrigðiskerfa einstakra ríkja svo sem með því að koma á fót samræmdu upplýsingakerfi.

Búast má við því að framkvæmdastjórnin sendi frá sér frekari tillögur um aðgerðir á þessu sviði í árslok eða í byrjun árs 2008.

http://ec.europa.eu/health/ph_overview/co_operation/mobility/community_framework_en.htm

LYFJAMÁL

Ný lyfjalöggjöf

Unnið hefur verið að því frá árinu 2000 að endurskoða lyfjareglur ESB. Ný tilskipun var sett árið 2001 sem var ætlað að bæta ferli við markaðssetningu lyfja og auka um leið samkeppnishæfni evrópska lyfjaiðnaðarins á heimsvísu. Árið 2004 samþykkti Evrópusambandið tvær tilskipanir og eina reglugerð sem var ætlað að ná fram enn frekari framþróun lyfjamála á innri markaði ESB (sjá tilskipanir 2004/27/ESB og 2004/28/ESB). Breytingarnar hafa gengið undir nafninu **Lyfjapakinn**. Unnið hefur verið að því að meta upptöku tilskipananna í EES samninginn á vettvangi EFTA skrifstofunnar og er sú vinna langt komin og því mun það liggja fyrir innan tíðar að innleiða lyfjapakinn í íslenskan rétt.

<http://ec.europa.eu/enterprise/pharmaceuticals/review/index.htm>

Skýrsla um framkvæmd blóðtilskipunar

Nú liggur fyrir fyrsta skýrsla frá framkvæmdastjórn ESB um framkvæmd blóðtilskipunar nr. 98 frá 2002, sbr. einnig tilskipun nr. 33 frá 2004. Tilskipanir þessar hafa fyrir nokkrum árum verið innleiddar á Íslandi með setningu reglugerðar og því má búast við að sambærilegri skýrslugjöf af hálfu ESA þegar reynsla er komin á framkvæmd hennar.

Samkvæmt blóðtilskipuninni er sú skylda lögð á herðar framkvæmdastjórn ESB að taka saman á þriggja ára fresti reynslu aðildarríkja ESB við framkvæmd hennar og „*reports on the activities that they have carried out in relation to the implementation of its provisions*“. Þessi fyrsta skýrsla gefur yfirlit yfir stöðu mála í þeim fimmtán Evrópuríkjum sem voru aðilar að Evrópusambandinu þegar tilskipunin var lögfest.

http://ec.europa.eu/health/ph_threats/human_substance/documents/blood_com_0313_en.pdf

Samráðsvettvangur á sviði lyfjamála – Pharmaceutical forum

Í tengslum við rammaáætlun ESB um eflingu evrópskra framleiðslugreina og iðnaðar hefur verið komið á fót samráðsvettvangi lyfjamálaráðherra Evrópusambandsríkja, lyfjaframleiðenda, og hagsmunaaðila, kallað *Pharmaceutical forum*. Verkefni þessa nýja vettvangs er: „*Addressing the fragmentation of the European pharmaceutical market, work will focus on R&D issues and regulatory matters at Member state level, such as the crucial issues related to pricing and relative effectiveness.*”

EFTA ríkjunum hefur sameiginlega verið boðið að eiga einn áheyrnarfulltrúa á þessum samráðsvettvangi. Þá hefur EFTA ríkjunum verið gefin kostur á því að senda fulltrúa til starfa með vinnuhópum sem starfa í tengslum við lyfjavettvanginn, en Ísland situr fundi í vinnuhópi er fjallar um lyfjaverðlagsmála annars vegar og upplýsingagjöf til sjúklinga hins vegar.

http://ec.europa.eu/enterprise/phabiocom/comp_pf_en.htm

Tillaga frá ESB um lækningatæki

Fyrir liggur tillaga frá framkvæmdastjórn ESB um breytingu á þremur tilskipunum sem í gildi eru varðandi markaðsleyfi fyrir og eftirlit með lækningatækjum. Markmiðið er að auka enn öryggi hvað þessi mál varðar með því að bæta upplýsingar um lækningatæki og öryggisgæði þeirra.

Umræddar þrjár tilskipanir, sem hafa verið teknar upp í EES samningin, eru:

- 90/385/EEC *Implantable Medical Devices*
- 93/42/EEC *Medical Device Directive*
- 98/79/EC *Vitro Diagnostic Device Directive*

Í fréttatilkynningu segir að framboð góðra lækningatækja hafi mikla þýðingu fyrir heilbrigðismál og opinber útgjöld á því sviði. Um 10 þúsund tegundir lækningatækja falla undir þetta svið og fjölbreytileikinn er gífurlegur. Almennigur ætlast til þess að framleiðsla og notkun slíkra tækja sé undir ströngu gæðaeftirliti og miðar tillaga framkvæmdastjórnarinnar nú að því að auka enn á skilyrði í þeim efnunum.

Málið er nú til umfjöllunar í Evrópupinginu og hefur það fengið jákvæða umfjöllun. Því má búast við því innan tíðar að tillagan nái fram að ganga og kemur því til kasta EFTA EES ríkjanna að meta upptöku hennar í EES samninginn.

<http://europa.eu/rapid/pressReleasesAction.do?reference=IP/05/1684&type=HTML&aged=0&language=EN&guiLanguage=en>

Samræmdar reglur um sérhæfð lyf

Hjá ESB er að nást samstaða um reglugerð sem setur nánari reglur um framleiðslu og markaðsleyfi á nýjum sérhæfðum lyfjum er byggja á genavísindum, frumum og vefjum (*advanced therapies*). Þessar nýju aðferðir geta haft áhrif við meðferð margskonar sjúkdóma og slysa sem erfið hafa verið viðureignar, svo sem Alzheimer, krabbamein, brunasár ofl.

Framkvæmdastjórnin setti fram tillöguna í nóvember 2005, en tilgangur hennar er að tryggja samræmdar reglur um viðskipti með vörur og lyf sem byggja á vissum lífefnum, þ.e. genum, frumum og vefjum. Það var talið mikilvægt að tryggja frjáls viðskipti á þessu sviði sem fælu í senn í sér að heilbrigðishagsmunir væru tryggðir og að fyrirtæki á þessu sviði gætu athafnað sig á öllum innri markaði EES.

Búast má við að reglurnar verði að lögum fljótlega og komi því til kasta EFTA ríkjanna að ræða upptöku þeirra í EES samninginn.

<http://ec.europa.eu/enterprise/pharmaceuticals/advtherapies/index.htm>

ALMANNATRYGGINGAR

Endurgerð reglugerðar um almannatryggingar

Unnið hefur verið að því að meta nýja reglugerð um almannatryggingar og réttindi þar að lútandi við för á milli landa á EES svæðinu (*Coordination of Social Security Systems (Regulation (EC) No 883/2004)*). Reglugerðin er viðamikil, en megintilgangur hennar er að endurgera reglugerð nr. 1408/71 um þessi mál, sem hefur tekið ótal breytingum síðan hún var lögfest árið 1971. Með hinni nýju reglugerð er sköpuð betri yfirsýn yfir réttindi og skyldur í þessum efnum.

Rýmkun á reglugerð um almannatryggingar 1408/71/EB til borgara þriðju ríkja

Enn er til umfjöllunar í undirnefnd III reglugerð 859/2003/EB um rýmkun á reglugerð um almannatryggingar 1408/71/EB til borgara þriðju ríkja. Breytingin fæli í sér að borgarar þriðju ríkja nyttu sömu réttinda til heilbrigðisþjónustu og almannatryggingaverndar og aðrir ríkisborgarar innan ESB-ríkja við flutning á milli aðildarríkja ESB og geti jafnframt flutt uppsöfnuð réttindi sín á milli ríkja. Lagagrunnur reglugerðarinnar er ákvæði 4. tölul. 63. gr. í IV. kafla stofnsáttmála EB en ákvæðið kom inn með Amsterdamsamningnum og ber yfirskriftina vegabréfsáritun, hæli, innflytjendur og aðrar stefnur tengdar frjálsri för fólks.

Í EES-samningnum er ekki að finna samsvarandi ákvæði. Lögfræðingar EFTA skrifstofunnar hafa komist að þeirri niðurstöðu að gerðin falli ekki undir gildissvið EES-

samningsins en EFTA ríkin hafa ekki komist að niðurstöðu um hvort gerðin falli undir gildissvið EES-samningsins.

FJÁRMÁL

ÞRÓUN REGLNA UM OPINBER INNKAUP Á EVRÓPSKA EFNAHAGSSVÆÐINU.

1. Tilgangur tilskipana um opinber innkaup

Áætlað er að opinber innkaup innan Evrópusambandsins hafi numið 16% af vergri landsframleiðslu ríkjanna árið 2002. Hlutfallið var mismunandi eftir ríkjum, eða á bilinu 11-20%. Með stofnun innri markaðar um opinber innkaup hefur samkeppni aukist yfir landamæri og opinberum aðilum boðist hagstæðara verð. Evrópusambandið vinnur að því að auka samkeppni og lækka kostnað skattgreiðenda enn frekar.

Opinber innkaup falla bæði undir reglur sambandsins og ýmsar alþjóðlegar reglur. Reglurnar eiga það sameiginlegt að innkaupaferlið þarf að vera gagnsætt og tryggja sanngjörn skilyrði fyrir samkeppni milli bjóðenda. Innkaup til hermála og innkaup undir tilteknum fjárhæðum eru undanþegnar reglunum, en þó er ætlast til að þau innkaup séu einnig í samræmi við meginreglur stofnsáttmála ESB.

Tilskipunum um opinber innkaup sem samþykktar voru árið 2004 af Evrópuþinginu og Ráðherraráðinu er ætlað að einfalda og nútímavæða innkaupaferli, meðal annars með því að örva notkun rafrænna aðferða við opinber innkaup. Þær eiga að gera fleirum kleift að taka þátt í opinberum innkaupum, gera innri markaðinn virkari og auðvelda ESB að njóta ávinnings af stærri innri markaði fyrir vörur og þjónustu.

2. Tilskipanir Evrópsambandsins um opinber innkaup

Síðla árs 1996 gaf framkvæmdastjórn ESB út grænbókina “*Public procurement in the European Union - Exploring the Way Forward*”

Á árinu 1998 samþykkti framkvæmdastjórnin áætlun um endurskoðun reglna um opinber innkaup (IP/98/233) eftir víðtækt samráð við helstu hagsmunaaðila. Í framhaldi af því hófs vinna við að semja drög að nýrri tilskipun um opinber innkaup með það að markmiði að einfalda og nútímavæða innkaupaáferðir.

Framkvæmdastjórnin tilkynnti síðan þann 10. maí 2000 að hún myndi leggja til breytingar á þágildandi tilskipunum um opinber innkaup. Í tilkynningunni kom fram að nýjar tilskipanir stuðluðu að samkeppni um samninga við opinbera aðila, gagnsæjum innkaupaáferðum og jafnræði bjóðenda sem tryggði að hagkvæmasta tilboði (*value for money*) væri ávallt tekið. Með þessu væri jafnframt stuðlað að betri og hagkvæmari opinberri þjónustu. Framkvæmdastjórnin lagði áherslu á að reglur um opinber innkaup

væru eins einfaldar og hægt væri, og óskaði eftir að Evrópuþingið og Ráðherraráðið gerði hið sama við afgreiðslu tilskipananna.

Markmið tillagnanna var tvíþætt:

- Aðlaga reglur á þessu sviði að breytingum á rafrænni tækni.
- Gera reglur um opinber innkaup einfaldari og auðskiljanlegri og að bæta gagnsæi til að vinna gegn spillingu og svikum við innkaup.

Einföldunin fólst í því að fella þrjár tilskipanir saman í eina og fækka með því ákvæðum um helming. Þá var framsetningu ákvæða breytt til samræmis við framvindu venjulegs innkaupaferlis til að leiðbeina notendum betur í gegnum ferlið. Lagt var til að fjárhæðarmörk yrðu í Evrum en ekki í Sérstökum dráttarréttindum (SDR). Í þeim tilvikum sem gera þyrfti flókna samninga um innkaup yrði kaupanda heimilt að efna til viðræðna (*competitive dialogue*) við bjóðendur í því skyni að skilgreina skilmála samnings án þess þó að kasta fyrir róða meginreglum um gagnsæi og jafnræði. Tillögurnar gerðu einnig ráð fyrir meiri sveigjanleika hvað varðar kaup samkvæmt stöðluðum samningum. Opinberum aðilum var gefið meira svigrúm til að skilgreina tilgang samninga með því að vísa til þess hvaða frammistöðu (*performance*) ætlunin er að kaupa, ekki einungis að vísa til staðla. Að lokum voru tillögur um breyttar innkaupareglur til samræmis við breytingar á rafrænni tækni og upplýsingamiðlun. Þær lutu að því að hvetja opinbera aðila til að nota rafræna tækni, til dæmis til að stytta í ákveðnum tilvikum tímann sem innkaupaferlið tekur.

Framkvæmdastjórnin lagði til að opinber fjarskipafyrirtæki yrðu undanþegin tilskipuninni vegna aukins frjálsræðis og virkrar samkeppni á fjarskiptamarkaði. Jafnframt lagði hún til að hægt yrði að undanþiggja fyrirtæki í öðrum greinum, svo sem raforku og vatnsveitu, þegar frjálsræði og samkeppni væru orðin að veruleika.

Ekki er ástæða til að gera grein fyrir umfjöllun Evrópuþingsins og Ráðherraráðsins um tillögur framkvæmdastjórnarinnar en niðurstaðan var að gefa þann 31. mars 2004 út tvær tilskipanir um opinber innkaup sem aðildarríki skyldu lögleiða fyrir lok janúarmánaðar 2006.

- 2004/17/EB. Veitutilskipunin sem fjallar um innkaup fyrirtækja á sviði vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu sem tók við af tilskipun 93/38/EBE.
- 2004/18/EB. Almenn tilskipun um opinber innkaup, þ.e. innkaup annarra en þeirra sem falla undir veitutilskipunina, sem tók við af tilskipunum 92/50/EBE, 93/36/EBE og 93/37/EBE.

Tilskipun 2004/18/EC var síðan breytt lítillega með tilskipun 2005/75/EC. Framangreindar þrjár tilskipanir voru teknar inn í EES-samninginn þann 2. júní 2006 með ákvörðun Sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 69/2006. Skyldi innleiðingu í löggjöf EFTA/EES ríkjanna lokið 18. apríl 2007.

Framkvæmdastjórn ESB hefur gefið úr reglur númer 1564/2005 og tilskipanir 2005/51/EC og 2005/15/EC til að fylgja innkaupatilskipunum eftir.

Þá gaf framkvæmdastjórnin út túlkunarorðsendingu (*Interpretative communication*) þann 1. ágúst 2006 (2006/C 179/02) um hvernig túlka bæri Evrópurétt í þeim tilvikum sem til stendur að gera innkaupasamninga sem falla ekki undir tilskipanir um opinber innkaup. Annars vegar samninga undir lágmarksfjárhæðum og hins vegar samninga yfir fjárhæðarmörkunum um þjónustu sem talin er upp í viðauka II B (Annex II B) í tilskipun 2004/18/EC og í viðauka XVII B í tilskipun 2004/17/EC.

Tilskipun 89/665/EBE um eftirlit og réttarræði vegna almennra vöru-, þjónustu- og verksamninga og tilskipun 92/13/EBE um eftirlit með samningum veitufyrirtækja, gilda áfram en eru í endurskoðun.

3. Þátttaka Íslands í mótun reglna um opinber innkaup

Fjármálaráðuneytið fer með mál er varða opinber innkaup fyrir hönd íslenska ríkisins og falla þau undir verksvið fjárreiðu- og eignaskrifstofu.

Skrifstofa EFTA í Brussel fylgist með þróun reglna á sviði opinberra innkaupa og sendir upplýsingar þar að lútandi til tengiliða í fjármálaráðuneytinu, Ríkiskaupum og sendiráði Íslands í Brussel.

Fjármálaráðuneytið sendir yfirleitt einn til tvo áheyrnarfulltrúa á fundi ráðgjafarnefndar framkvæmdastjórnarinnar um opinber *innkaup* (*Advisory Committee on Public Procurement*) sem hittist nokkrum sinnum á ári og ræðir þróunarstarf á þessu sviði. Núverandi fulltrúar eru Stefán Jón Friðriksson, fjárreiðu og eignaskrifstofu fjármálaráðuneytisins og Júlíus Ólafsson, Ríkiskaupum. Þá á ráðuneytið fulltrúa í vinnuhópi EFTA um opinber innkaup (*Working Group on Public Procurement*) sem er fastanefnd og hittist yfirleitt í tengslum við fundi ráðgjafarnefndarinnar.

Ráðuneytið hefur sent fulltrúa á ýmsa fundi sérfræðihópa ESB um opinber innkaup, m.a.:

- Sérfræðingahópur um græn innkaup (*Expert meeting on Green Public Procurement*).
- Ráðgjafarnefndar um opinbera samninga (*Advisory Committee on Public Contracts*).
- Vinnuhóp um rafræn innkaup (*Working group on Electronic Public Procurement*)

Þá tekur ráðuneytið þátt í norrænum sérfræðingahópi um opinber innkaup sem hittist alla jafna tvisvar á ári og ber saman bækur sínar. Starfið fellur undir Norrænu ráðherranefndina.

Fulltrúi fjármálaráðuneytisins í sendiráði Íslands í Brussel fylgist eftir föngum með málum er varða opinber innkaup á vettvangi ESB, miðlar upplýsingum áfram til ráðuneytisins og Ríkiskaupa og sækir fundi eftir atvikum.

4. Lög um opinber innkaup

Í lok október 2006 lagði fjármálaráðherra fram á Alþingi frumvarp til nýrra heildarlaga um opinber innkaup sem var samþykkt með litlum breytingum þann 17. mars 2007 sem lög nr. 84/2007 um opinber innkaup.

Helstu breytingar, sem leiða af almennri innkaupatilskipun ESB, eru:

- Innkaupaaðferðum betur lýst. Aðferðum opinberra aðila við framkvæmd útboða og innkaupa er lýst ítarlegar en áður.
- Viðmiðunarfjárhæðir skýrari. Meðal annars kemur fram að bjóða skuli út öll kaup á vörum yfir 5 milljónum kr. og á verkum/þjónustu yfir 10 milljónum kr.
- Heimild til samkeppnisviðræðna. Í 31. gr. laganna um heimild til samkeppnisviðræðna (*e. competitive dialogue*) þegar um er að ræða gerð flókinna samninga. Í samkeppnisviðræðum má leiða fram lausn á þörf fyrir tiltekna vöru, þjónustu eða framkvæmd með viðræðum við bjóðendur sem valdir eru í forvali.
- Sveigjanlegri rammamningar. Í 34. gr. eru ákvæði um rammamninga sem gera ráð fyrir möguleika á sveigjanlegri samningum en hafa tíðkast.
- Notkun rafrænnar tækni. Opinberum aðilum heimilt skv. 35. og 70. gr. að nota rafræna tækni við útboð og uppboð.
- Krafa um framkvæmd samninga. Heimilt er samkvæmt 45. gr. að gera kröfu um að samningur sé framkvæmdur með ákveðnum hætti, t.d. með tilliti til umhverfisverndar eða samfélagslegra sjónarmiða.

Aðrar helstu breytingar eru:

- Biðtími. Frá því ákvörðun um val tilboðs er tilkynnt og þar til tilboð er endanlega samþykkt með undirritun samnings, skulu almennt líða a.m.k. 10 dagar skv. 76. gr. Með þessu gefst ósáttum bjóðendum kostur á að kæra ákvörðunina til kærunefndar útboðsmála og krefjast þess að samningsgerð verði stöðvuð um stundarsakir meðan nefndin fjallar um málið.
- Áhrif stjórnisýslulaga. Í 103. gr. er kveðið skýrt á að stjórnisýslulög gildi ekki um opinber innkaup, nema hvað varðar ákvæði sem eiga að koma í veg fyrir að þeir sem taka ákvörðun um innkaupin séu vanhæfir.
- Kærugjald. Nýmæli er að gert er ráð fyrir því í 94. gr. að tekið verði 50.000 kr. kærugjald vegna kæru til kærunefndar útboðsmála. Þetta er til að sporna við tilefnislausum kærum. Vinni sá kærandi málið er honum úrskurðaður málskostnaður sem m.a. ætti að standa undir gjaldinu.
- Innkaup sveitarfélaga undir viðmiðunarfjárhæðum. Sveitarfélög geta skv. 19. gr. valið um að fylgja ákvæðum 2. þáttar laganna, sem fjallar um innkaup opinberra aðila undir viðmiðunarfjárhæðum, að hluta til eða öllu leyti eða að setja sér reglur um innkaup sín og fylgja þeim eftir.

Reglur samkvæmt tilskipun 2004/17/EB um innkaup opinberra aðila, sem reka vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti eru ekki teknar inn í lögina. Þess í stað skal ráðherra skv. 7. gr. laganna mæla fyrir um innkaup þessara aðila í reglugerð til samræmis

við tilskipunina og aðrar alþjóðlegar skuldbindingar ríkisins. Um þessi innkaup hefur gilt reglugerð nr. 705/2001, en ný reglugerð er væntanleg á miðju ári 2007.

5. Ýmis mál í vinnslu á árinu 2007

5.1 Tilskipanir um réttarræði vegna opinberra útboða

Á vegum framkvæmdastjórnar ESB (*DG Internal market and services*) hefur verið unnið að endurskoðun á tilskipunum um réttarræði vegna opinberra útboða (*Public Procurement Remedies Directives, 89/665/EEC and 92/13/EEC*). Gert er ráð fyrir að ný tilskipun verði samþykkt á árinu 2007. Í drögum að tilskipun frá árinu 2006 (COM(2006) 195 final) er meðal annars lagt til að opinber aðili verði að bíða í að lágmarki 10 daga frá því hann tilkynnir um afstöðu til tilboða og þar til hann gengur frá samningi. Biðtíminn (standstill period) er til að gefa öllum þeim sem verða af samningnum tækifæri til að kæra ákvörðunina og láta með því leiðréttu ákvörðun sem þeir telja óréttláta. Það ógildir samning sé ákvörðunin ekki tilkynnt með réttum hætti eða biðtíminn virtur. Miðað er við að þessi tilhögun gildi bæði þegar ákvörðun um kaup er tekin á grundvelli útboðs og í þeim undantekningartilvikum sem heimilt er að gera samning án útboðs.

5.2 Innkaup til varnarmála

Framkvæmdastjórn ESB (*DG Internal market and services*) er að kanna hvort hugsanlega verði lögð fram tillaga um sérstaka tilskipun um opinber innkaup vegna varnarmála og öryggishagsmuna (*Defence procurement*) eða almennri innkaupatilskipun 2004/18 verði breytt þannig að hún taki til slíkra innkaupa.

Unnið er að því að skilgreina hvaða innkaup gætu fallið undir þessi frávík frá almennri innkaupatilskipun. Tilgangurinn er að bjóða upp á sveigjanlegri aðferðir við slík innkaup en gildandi tilskipanir heimila. Ástæðurnar eru meðal annars sérstakar kröfur um að vörur til slíka þarfa séu tiltækar í nægu magni með stuttum fyrirvara vegna átaka, tryggja þarf góða viðhaldsþjónustu á líftíma varanna sem getur verið nokkrir áratugir, ákveðin leynd getur þurft að hvíla yfir vörunum og framleiðsla/viðskipti með sumar þeirra eru háðar takmörkunum að hálfu stjórnvalda.

5.3 Samstarf opinberra aðila og einkaaðila um opinber verkefni

Á árinu 2004 lagði framkvæmdastjórn ESB (*DG Internal market and services*) fram grænbók um samstarf opinberra aðila og einkaaðila (*PPP, Public Private Partnership*) um að fjármagna, byggja upp, stjórna eða viðhalda mannvirkjum eða þjónustu. Tilgangurinn var að kanna áhrif innkaupareglna á mismunandi samstarfsform þessara aðila og meta hvort breyta þyrfti Evrópulöggjöf.

Í framhaldinu hófst samráð við hagsmunaaðila sem lauk á miðju ári 2005. Mikill meirihluti þeirra sem tjáðu sig vildi að ESB beitti sér fyrir því að skilgreina betur hugtakið sérleyfi (*Concession*) og aðferðir við að veita slík leyfi. Margir vildu að sambandið fjallaði einnig um aðferðir sem opinberir aðilar nota við að velja til samstarfs einkaaðila til að eiga með sér félag sem annast opinber verkefni (*IPPP, Institutionalised PPP*). Skoðanir voru skiptar á því hvenær verkefni væru innanhúss (*in-house*) hjá

opinberum aðilum og hvenær þau væru komin út fyrir hið opinbera. Almennt vildu opinberir aðilar, sem tjáðu sig, að hugtakið innanhúss yrði skilgreint vítt en einkaaðilar vildu að það yrði túlkad þröngt eins og Evrópudómstóllinn gerði í máli Stadt Halle C-26/03.

Síðla árs 2005 lagði framkvæmdastjórnin fram skýrslu um PPP (COM(2005) 569 final) fyrir Evrópuþingið og Ráðherraráðið þar sem farið var yfir málið og boðaðar áframhaldandi athuganir á því. Sveitarfélaganefnd þingsins (*Committee of the Regions*) gaf umsögn um skýrsluna í október 2006 þar sem gerðar eru ýmsar tillögur um áframhaldið. Nefndin leggur meðal annars til að útbúin verði nákvæmari skilgreining á PPP og IPPP og hvetur til þess að staðið verði vörð um ýmis grunngildi eins og gagnsæi, jöfn tækifæri, meðalhóf og gagnkvæma viðurkenningu við gerð samninga um opinber innkaup og veitingu sérleyfa.

Framkvæmdastjórn ESB vinnur um þessar mundir að tilkynningarskjali (Communication) um IPPP og er markmiðið að ljúka gerð þess fyrir árslok. Sérfræðingar framkvæmdastjórnarinnar segja að mörg aðildarríki telji, vegna misskilnings, að það þurfi fyrst að bjóða út til að leita að einkaaðila til samstarfs um verkefni og síðan þurfi að bjóða út sjálft verkefnið. Á fundum með fulltrúum framkvæmdastjórnarinnar hefur eftirfarandi m.a. komið fram:

- Að ekki megi treysta því að undanþágur frá útboðsreglu, vegna tilfærslu verkefnis innanhúss hjá opinberum aðila, gildi þegar til stendur að fela IPPP að annast opinbert verkefni, sbr. dóma Evrópudómstólsins: C-26/03, Stadt Halle, grein 49 og C-458/03, Parking Brixen, grein 62.
- Að ekki megi treysta því að opinbert verkefni sem stofnun eða hlutafélag í opinberri eigu hefur með höndum haldist innanhúss eignist einkaaðili hlut í fyrirtækinu, sbr. m.a. C-458/03 Parking Brixen, grein 67 og C-410/04, ANVA, grein 30.
- Að ekki megi treysta því að undanþágur frá útboðsreglu vegna tilfærslu verkefnis innanhúss gildi sé fyrirséð við tilfærsluna að einkaaðila er ætlað að koma síðar meir að framkvæmd verkefnisins, sbr. C-29/04, Stadt Mödling, grein 41.
- Að samningur um opinbert verkefni (eða sérleyfi) sem opinbert fyrirtæki hefur með höndum hætti að vera innanhúss þegar einkaaðili gerist eignaraðili að fyrirtækinu. C-410/04, ANVA, grein 32. Ef gera þarf veigamiklar breytingar á “innanhúss” samningi, svo sem að framlengja hann, þarf að efna til samkeppni um hann.

5.4 Rafræn innkaup

Evrópusambandið hefur markað stefnu sem heitir i2010 og fjallar um þróun upplýsingasamfélagsins og fjölmiðlunar til ársins 2010. Stefnan tekur meðal annars til stefnumörkunar samkvæmt innkaupatilskipun um að auka rafræn innkaup. Framkvæmdastjórn ESB (*DG Information society and media*) fylgir í þessu sambandi framkvæmdaáætlun um rafræn innkaup (*eProcurement action plan*). Meðal helstu verkefni um þessar mundir eru:

a. Rafrænir vörulistar. (*Electronic catalogues*) Verkefnið felst í því að kanna hvernig nota mætti rafræna vörulista svo þeir jafngildi tilboðum seljenda til opinberra kaupenda. Hugmyndin er sú að búa til staðlað form fyrir vörulista svo þeir innihaldi bæði tæmandi og samanburðarhæfar upplýsingar um vörur og kaup-/söluskilmála. Slíkir listar gætu haft marga kosti svo sem aukið samkeppni, lækkað verð, minnkað sölu- og innkaupakostnað og leitt til hraðari afgreiðslu. Á móti kemur að óvíst er hversu mikið slíkir listar yrðu útbreiddir meðal annars vegna þess hve vörutegundir eru margar og sífellt að breytast.

b. Sannprófun búnaðar. (*Electronic provision of business certificates*). Verkefnið felst í könnun á áreiðanleika rafrænna innkaupakerfa og tækjabúnaðar á árinu 2007.

c. Rafrænar undirskriftir (*Electronic signatures*). Verkefnið felst í því að kanna hvernig rafrænum undirskriftum er háttáð hjá aðildarríkjunum og gefa út upplýsingar um kröfur stjórnvalda í hverju landi þar að lútandi.

d. Rafrænar pantanir (*eInvoicing – eOrdering*). Tilgangur verkefnisins, sem hefst væntanlega haustið 2007, er að örva notkun rafrænna pantana við opinber innkaup.

e. Rafrænar greiðslur (*ePayment*) Verkefnið felst í því að þróa og taka upp einfalt rafrænt greiðslukerfi fyrir opinbera aðila.

5.5 Þróun rafrænna innkaupa á Íslandi

Fjármálaráðuneytið hefur á síðustu árum unnið með ýmsum aðilum að verkefnum sem snúa að rafrænum opinberum innkaupum. Þar á meðal eru rafrænt markaðstorgi fyrir ríkisstofnanir, rafræna reikningagerð og ýmis undirstöðuverkefni fyrir rafræn innkaup sem rafrænar undirskriftir.

5.6 Möguleikar lítilla og meðalstórra fyrirtækja á þátttöku í opinberum innkaupum

Framkvæmdastjórn ESB (*DG Enterprise*) hefur um árabil kannað leiðir til að auka möguleika lítilla og meðalstórra fyrirtækja á þátttöku í á vegum opinberra aðila. (*Access of SMEs in public procurement*). Meðal annars stóð hún fyrir úttekt sem lauk með skýrslu á árinu 2004.

Um þessar mundir er framkvæmdastjórnin að afla upplýsinga frá aðildarríkjunum um hvaða aðferðir hafa reynst þeim vel í þessu sambandi (*Best practices*) og verða niðurstöðurnar gefnar út þegar þær liggja fyrir. Búist er við ábendingum um bættu upplýsingamiðlun og leiðbeiningar til fyrirtækja og að þess verði gætt að hafa innkaupin ekki svo umfangsmikil og flókin að það sé fyrirtækjum ofviða að taka þátt.

5.7. Græn opinber innkaup

Í skýrslu framkvæmdastjórnar ESB til Evrópuþingsins og Ráðherraráðsins á árinu 2003 “*Integrated Product Policy - Building on Environmental Life-Cycle Thinking*” (COM(2003) 302 final) er meðal annars fjallað um möguleika á að láta markmið á sviði umhverfismála hafa áhrif á opinber innkaup.

Framkvæmdastjórnin (*DG Environment*) hefur síðan staðið fyrir margvíslegu starfi til að fylgja þessum málum eftir svo sem með ýmiskonar úttektum, samningu handbókar um græn innkaup og ráðstefnuhaldi.

5.8. Opinber innkaup í þágu rannsókna, þróunar og nýsköpunar

Framkvæmdastjórn ESB (*DG Research*) hefur á síðustu árum unnið að hugmyndum um að opinberir aðilar stuðli með innkaupum sínum að rannsóknum, þróun og nýsköpun. Ýmsir sérfræðingahópar hafa starfað um málið, ráðstefnur verið haldnar og skýrslur gefnar út. Stefnt var að útgáfu handbókar á árinu 2006 um opinber innkaup í þágu rannsókna, þróunar og nýsköpunar.

Um þessar mundir vinnur fjármálaráðuneytið að því að koma á samstarfi við iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, Ríkiskaup, Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins um mótun sameiginlegrar stefnu stjórnvalda og atvinnulífs um aðferðir við opinber innkaup sem styðja við rannsóknir, þróun og nýsköpun á Íslandi.

IÐNAÐARMÁL

ORKUMÁL

Þann 10. janúar sl. kynnti framkvæmdastjórn Evrópusambandsins tillögur að nýrri stefnu í orkumálum, sem voru teknar til umfjöllunar á leiðtogafundi þess 8.-9. mars sl. Er það í fyrsta skipti sem sett hefur verið fram heildstæð stefna í orkumálum, þar sem koma fram helstu markmið orku- og umhverfismála sem unnið verður að á næstu árum. Megintilgangur framkvæmdastjórnarinnar með slíkri heildstæðri orkustefnu var að vekja almenning og stjórnvöld aðildarríkjanna til vitundar um mikilvægi málsins og ábyrgð þeirra sjálfra, en jafnframt að skapa sátt um þá stefnu í þessum efnum.

Það var e.t.v. ekki margt nýtt sem kom fram í stefnunni sem ekki hafði komið áður fram á sjónarsviðið í formi úttekta og grænbóka. Nálgun stefnunnar er hins vegar mun víðtækari en fyrr hefur tíðkast og skýrar kveðið á um ýmis mál og talað um að hraða þurfi ýmsum aðgerðum.

Í stefnunni voru samþykkt markmið fyrir Evrópusambandið fram til ársins 2020 miðað við stöðuna 1990, að:

- Minnka losun gróðurhúsalofttegunda um 20%. ESB er tilbúið að fara í 30% ef önnur þróuð ríki heims taka þátt.
- Auka skilvirkni orkugjafa (*Energy efficiency*) um 20%
- Koma löndum ESB í fremstu röð hvað varðar notkun endurnýjanlegra orkugjafa - a.m.k. 20% orkunotkunar ESB verði fengin frá endurnýjanlegum orkugjöfum.
- Auka hlutdeild lífræns eldsneytis (*biofuel*) í eldsneyti ökutækja í 10%.

Orkustefnan hvílir á þremur meginstoðum sem hver um sig kallar á róttækar aðgerðir eigi stefnan að ganga eftir. Þessar stoðir eru:

- **Samkeppni** – Sem kallar á virkan innri orkumarkað
- **Sjálfbærni** – Sem kallar á aukna notkun eldsneytis með vægu kolefnisinnihaldi og bætta orkunýtni
- **Öruggt orkuframboð** – Sem kallar á alþjóðlega orkustefnu

Umræðan í kringum orkustefnuna lýtur að mestu að þeim markmiðum sem voru sett, m.a. hvort þau ættu að vera bindandi og enn fremur um aukna samkeppni á innri markaðnum fyrir rafmagn og gas og leiðir til að styrkja samkeppni, m.a. umræða um sundurgreiningu fyrirtækja. (e. *Unbundling*). Nánari útlistun á tillögnum og hvernig stefnt er að framkvæmd þeirra, gefur að líta í *Orkustefnu fyrir Evrópu*, aðgerðaáætlun, sem nær til þriggja ára; 2007-2009, og er birt í viðauka með niðurstöðu Leiðtogafundarins¹.

Nú vinnur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins að útfærslu tillagna sem beðið er eftir með nokkurri eftirvæntingu og er fyrstu tillagna, m.a. er lúta að sundurgreiningu fyrirtækja, að vænta í haust. Framkvæmdastjórnin hefur mætt nokkrum mótbyr hvað þá tillögu varðar en hefur þó haldið vinnunni áfram og nýtur stuðnings rúmlega helmings aðildarríkja, þó stóru ríkin Frakkland og Þýskaland séu mótfallinn. Auk þess er beðið með nokkurri eftirvæntingu tillögu framkvæmdastjórnarinnar um útfærslu aðgeraráætlunarinnar fyrir einstök aðildarríki er varðar markmið um endurnýjanlega orku og lífrænt eldsneyti, sem er að vænta fyrir árslok. Þá er gert ráð fyrir að þriðji pakki löggjafar til opunar á innri orkumarkaðnum (e. *Third Liberalization Package of the Energy Internal Market*) sé væntanlegur í haust.

CIP – Competitiveness and Innovation Programme.

CIP er ný rammaáætlun sem starfrækt verður árin 2007-2013. Í áætluninni er lögð sérstök áhersla á lítil og meðalstór fyrirtæki og aðgerðir til að efla samkeppnishæfni þeirra og getu til nýsköpunar, m.a. með því að gera atlögu að því að loka bilinu á milli rannsókna og nýsköpunar. Þá er áætluninni ætlað að styðja við orkunýtingu og endurnýjanlega orku, tækni í umhverfismálum og betri notkun upplýsinga og samskiptatækni.

Rammaáætlunin skiptist í þrjár undiráætlanir, sem áður hafa verið reknar sjálfstætt undir öðrum heitum:

- a) Nýsköpunaráætlun (e. *Entrepreneurship and Innovation Programme – EIP*)
- b) Upplýsingatækniáætlun (e. *ICT policy support Programme – ICT*)
- c) Orkunýtingaráætlun (e. *Intelligent Energy-Europe Programme – IEE*)

¹ Presidency Conclusions, Annex 1. Brussels, 9 March 2007, 7224/07, CONCL 1, bls.11-24.
http://www.consilium.europa.eu/ueDocs/cms_Data/docs/pressData/en/ec/93135.pdf

Vegna tafa á stækkun EES-samningsins til Rúmeníu og Búlgaríu urðu jafnframt tafir á þátttöku EES/EFTA ríkjanna í CIP áætluninni. Það hefur nú verið leyst og tók áætlunin gildi 29. júní sl. með afturvirkum hætti til 1. janúar 2007.

VIÐSKIPTAMÁL

Fjármálaþjónusta

Grænbók um fjármálaþjónustu fyrir almenning.

Í byrjun maí var lögð fram grænbók um framtíðarstefnu Evrópusambandsins um fjármálaþjónustu fyrir almenning. Er þar m.a. átt við bankareikninga, lán, veð, fjárfestingar og váttryggingar sem boðnar eru almennum neytendum. Markmið grænbókarinnar er að styrkja og dýpka skilning framkvæmdastjórnarinnar á þeim vandamálum sem neytendur og þjónustuveitendur verða fyrir, að setja fram markmið framkvæmdastjórnarinnar og leggja áherslu á þau svið þar sem frekari skoðun og vinna er nauðsynleg. Framkvæmdastjórnin er að vinna heildarskýrslu um framkvæmd innri markaðarins (e. *Single Market Review*) og er þessi vinna, er lýtur að fjármálaþjónustu, hluti hennar. Frestur til að skila inn athugasemdum við grænbókina er 15. júlí nk.

Grænbók framkvæmdastjórnarinnar kemur fram í kjölfar hvítbókar um fjármálaþjónustu 2005-2010, sviðsskýrslu um neytendamarkað fyrir fjármálaþjónustu (e. *sectoral inquiry into retail banking*) og áfangaskýrslu um váttryggingar fyrir viðskiptalífíð (e. *business insurance*).

Eitt þeirra atriða sem áhersla er lögð á í grænbókinni er „fjármálalæsi“, þ.e. þekking almennings á fjármálum. (e. *Financial literacy*). Þetta er atriði sem hefur verið nokkuð til umfjöllunar síðustu mánuði og hafa Bretar ráðist í ýmis verkefni er hafa það að markmiði að efla þekkingu almennings á fjármálum. Bretar hafa m.a. sett inn fræðslu í yngstu bekkjum grunnskóla auk þess að flétta slíka fræðslu inn í félagslega aðstoð við fólk, mæðravernd o.fl. Eru hugmyndir þeirra mjög áhugaverðar hvað þetta varðar og ljóst að þetta er málefni sem verður skoðað frekar og áhersla lögð á næstu misserin.

Markmið og áherslur Charlie McCreevy framkvæmdastjóra innri markaðsmála, eru að neytandinn hafi möguleika og þekkingu til að geta átt viðskipti með fjármálaþjónustu, nauðsynlegt sé að tryggja gæði þjónustunnar, eftirlit með starfsemi og sterka samkeppni. Jafnframt er nauðsynlegt að neytandinn hafi sjálfstraust til að taka ákvarðanir og leita eftir þeirri þjónustu sem best hentar óháð staðsetningu. Til þess að slíkt sé mögulegt þarf að efla þekkingu neytandans á fjármálum, tryggja að skýrar og fullnægjandi upplýsingar séu til staðar og gæði þjónustu.

Niðurstöður könnunarinnar verða birtar í lokaskýrslu um innri markaðinn í haust. Ekki er ljóst á þessu stigi hvort þessi skoðun muni leiða til nýrrar löggjafar eða hvort leitast verður við að nota tilmæli og fela fjármálaþjónustunni að bregðast við án lagasetningar (*soft law*) sem er leið sem Charlie McCreevy hefur mikið notað.

Greiðslumiðlun (Payment Services Directive)

Tilskipun um greiðslumiðlun (e. *Payment Services Directive, PSD*) er hluti af viðleitni til að styrkja innri markaðinn með því að búa til nútímalegt og samræmt kerfi fyrir greiðslur innan ESB. Er tilskipuninni ætlað að skapa sambærilegar reglur fyrir greiðslur innan ESB þannig að unnt verði að fara með allar greiðslur yfir landamæri eins og innlendar greiðslur. Með greiðslum er átt við greiðslur með greiðslukortum, debetkortum, rafrænum bankamillifærslum, beingreiðslum eða með öðrum hætti.

Tilskipunin skapar lagalegar forsendur þess að greiðslur innan ESB verði jafn einfaldar, ódýrar og öruggar og innlendar greiðslur. Tæknilegar og lagalegar hömlur eru fjarlægðar, neytendavernd er aukin og skilvirkni og öryggi markaðarins er aukin. Tilskipuninni er auk þess ætlað að opna markaðinn og heimila fyrirtækjum sem ekki eru bankastofnanir (e. *Non-banking institutions*) að veita greiðsluþjónustu. Auka á neytendavernd með því að staðla skilyrði fyrir þjónustuveitendum auk þess sem settur er fram einfaldur listi af upplýsingum sem veita á neytendum.

Ráðið samþykkti tillöguna 27. mars sl. og Evrópuþingið 24. apríl sl. Bíður tillagan nú lokasamþykktar Ráðsins sem ætti að verða á næstu mánuðum. Tillagan að tilskipuninni gerir ráð fyrir að hún verði innleidd í landsrétt aðildarríkja fyrir 1. nóvember 2009.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu framkvæmdstjórnarinnar, http://ec.europa.eu/internal_market/payments/framework/index_en.htm

Áhættusjóðir (Hedge Funds)

Mikil umræða hefur verið síðustu mánuði um áhættusjóði (e. *hedge funds*) og hvort setja beri sérstakar reglur um starfsemi þeirra á Evrópuvettvangi. Framkvæmdastjóri innri markaðsmála Charlie McCreevy hefur nýlega komið fram og lýst þeirri skoðun að á þessu stigi sé ekki þörf á frekari reglusetningu um starfsemi þessara sjóða. Hann hefur jafnframt lýst því að jákvætt væri ef markaðurinn setti sér háttsemiseglur (e. *code of conduct*), sem virðist vera áhugi fyrir innan markaðarins. Í niðurstöðum ráðsfundar fjármálaráðherra 8. maí sl. kemur fram að áhættusjóðir gegni mikilvægu hlutverki í fjármálakerfinu og að slíkir sjóðir hafi lagt mikið að mörkum í að tryggja skilvirkni fjármálamarkaðarins. Þó sé nauðsynlegt fyrir alla aðila að fylgjast vel með og meta þá áhættu sem slíkir sjóðir geta falið í sér. Nánar um niðurstöðu ráðsfundarins, sjá:

http://www.consilium.europa.eu/ueDocs/cms_Data/docs/pressData/en/ecofin/94019.pdf

Löggjöf í vinnslu.

Hvað varðar löggjöf á sviði fjármálamarkaðarins er lýtur að verðbréfavíðskiptum þá hafa stærstu verkefni síðustu misserin verið vinna við löggjöf og afleidda löggjöf annars vegar varðandi tilskipun um markaði fyrir fjármálagerninga (e. *Markets in Financial Instruments Directive* eða MiFID-tilskipunin) og hins vegar um tilskipun um samræmingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað (e. *Transparency Directive* eða gagnsæistilskipunin).

Á sviði bankaþjónustu er stærsta verkefnið þessar vikurnar að ljúka samþykkt tilskipunar um greiðsluþjónustu (e. *Payment Services*) sem vikið er að hér að framan

Á sviði váttrygginga er vinna við rammatilskipun um *Solvency II* á lokastigi og er gert ráð fyrir að framkvæmdastjórnin samþykki tillögu að tilskipun 10. júlí nk. Er þeirri tilskipun ætlað að breyta því hvernig gjaldþol váttryggingafélaga er reiknað út og færa meira til samræmis við útreikning á eigin fé lánastofnana.

NEYTENDAMÁL

Við inngöngu Rúmeníu og Búlgaríu í Evrópusambandið 1. janúar 2007 var skipaður sérstakur framkvæmdastjóri yfir neytendamálin. Þetta hefur sett enn meiri áherslu á þann málaflökk og var strax í upphafi árs lögð fram stefna í neytendamálum auk grænbókar um endurskoðun löggjafar á neytendasviðinu. Ljóst er að neytendamálin eru nú orðin mikilvægur hluti stefnu Evrópusambandsins er lýtur að samkeppnishæfni. Enn fremur er það stefna framkvæmdastjórnarinnar að í öðrum málaflökkum sé horft til neytendaverndar og áhrif löggjafar á neytendur skoðuð sérstaklega.

Neytendastefnan setur fram þrjú meginmarkmið:

1. Styrkja evrópska neytendur.
2. Styrkja efnahagslega og óefnahagslega velferð evrópskra neytenda, með fjölbreyttara vali, meiri samkeppni í gæðum og góðu verði.
3. Neytendavernd.

Það sem vekur athygli í skýrslunni er að áherslan er rýmkuð, ekki er lengur talað um neytendavernd heldur neytendastefnu. Litið er svo á að neytendavernd sé aðeins einn þáttur þeirrar stefnu. Er með því leitast við að vekja athygli á og festa í sessi að neytendamál eru ekki eingöngu vernd heldur líka réttur.

Markmið stefnunnar er samkvæmt orðum nýs framkvæmdastjóra Megelena Kuneva að vekja sofandi risa, viðskiptalíf innri markaðarins. Stefnan er að árið 2013 geti neytendur Evrópusambandsins, EES-svæðisins, verslað hvar sem er innan svæðisins, hvort sem er í hverfisverslun eða á Internetinu, sama öryggi og vernd sé til staðar. Jafnframt að seljendur geti átt viðskipti hvar sem er á svæðinu á grundvelli sömu reglna.

Í stefnunni eru settar fram meira en 20 aðgerðir, löggjöf og tilmæli sem ráðast á í til að styrkja stöðu neytendamála.

Árið 2004 hófst endurskoðun á tilskipunum á neytendasviðinu, sem eru átta talsins, með það að markmiði að bæta markmið og mynda heildstæðari löggjöf og heildstæða stefnu á neytendasviðinu. Grænbók um endurskoðun tilskipana á neytendasviðinu var birt í febrúar sl. EES/EFTA ríkin sendu inn sameiginlegar athugasemdir við grænbókina 15. maí sl. Helstu ábendingar voru m.a. að nauðsynlegt væri að skilgreina hugtakið “neytandi” sem varði ekki eingöngu tilskipanir á neytendasviðinu heldur alla löggjöf Evrópusambandsins. Mikil umræða er um hvort tilskipanir skuli fela í sér fulla samræmingu eða lágmarkssamræmingu og styðja EES/EFTA ríkin í athugasemdum sínum, blandaða aðferð og leggja til að lágmarkssamræming verði meginreglan eins og verið hefur en slíkt þurfi engu að síður að skoða í hverju tilfelli. Er þetta sú aðferð sem

flest ríki ESB virðast aðhyllast. Jafnframt er lögð áhersla á sterka neytendavernd sem leiðbeinandi sjónarmiði í endurskoðun tilskipana.

Löggjöf í vinnslu.

Tillaga að tilskipun um neytendalán (*e. Consumer Credit*) hefur verið til umfjöllunar frá árinu 2002. Pólítísk sátt náðist um tillöguna á ráðsfundi ráðherra samkeppnishæfnismála 21.-22. maí sl. Tilskipuninni er ætlað að tryggja að neytendur séu betur upplýstari þegar þeir taka neytendalán, t.d. vegna sumarleyfa eða bifreiðakaupa. Tilskipuninni er ætlað að sameina innri markað fyrir neytendalán og mun hún gera markaði gangsaerri fyrir neytendur og viðskiptalífið. Með tilskipuninni eru m.a. samræmdar reglur um upplýsingagjöf, rétt til að falla frá kaupum, rétt til uppgreiðslu lána og um árlega hlutfallstölu kostnaðar. Evrópuþingið mun nú fjalla um tilskipunina öðru sinni og verði hún samþykkt þar hafa aðildarríkin tveggja ára frest til að innleiða tilskipunina.

LANDBÚNAÐARMÁL

HELSTU GERÐIR SEM ERU TIL UMFJÖLLUNAR

Tilskipanir um heilbrigði matvæla

Matvælastefna ESB byggir á þeim grunni sem var lagður með hvítbók ESB um nýja matvælastefnu árið 2003. Á þeim grunni er enn unnið að því að gera regluverkið samræmdara og gagnsærra með virku eftirliti frá bónda til borðs ásamt því að efla vísindalegar leiðbeiningar við ákvarðanatöku stjórnvalda og setningu laga. Megin lagabálkar um framkvæmd matvælastefnunnar eru:

- Tilskipun 178/2002 um „almenn ákvæði og reglur í matvælalöggjöfinni og um Matvælaöryggisstofnun Evrópu og reglur varðandi öryggi matvæla”.
- Tilskipun 1774/2002 um „heilbrigðisreglur varðandi aukaafurðir dýra, sem ekki eru ætlaðar í matvæli”
- Tilskipun 999/2001 um „reglur til að fyrirbyggja, hafa eftirlit með og útrýma vissum riðusjúkdómum (*BSE/TSE - bovine/transmissible spongiform encephalopatier*)” er enn fremur hluti af öryggisreglum um framleiðslu matvæla sem spratt upp úr því fári sem kúariða olli á kjötmörkuðum ESB og víðar.

Á grundvelli 178/2002 voru árið 2005 innleiddar svonefndar “heilbrigðisreglugerðir” („hygiene” pakkinn) um framkvæmd og eftirlit matvælalöggjafarinnar.

Allar þessar tilskipanir eiga það sammerkt að auk nýrra ákvæða eru sameinaðar eldri ákvarðanir, sem leiðir til gagnsærra og virkari reglna og eftirlits með matvælakeðjunni frá bónda til borðs.

Þessar reglur hafa ekki enn verið innleiddar í EES samninginn. Drög að EES/ESB ákvörðun um á hvaða hátt það verði gert liggja fyrir en hafa ekki hlotið afgreiðslu. Tillagan hefur verið til samráðsmeðferðar hjá stofnunum ESB (*interservice consultation*) og þar komið fram spurningar er varða undanþágur sem Ísland hefur krafist, sem eru enn til athugunar.

Nýjar heilbrigðisreglur koma til framkvæmda – Matvælaöryggisstofnunin

Á grundvelli matvælaganna 178/2002 eru hinar svonefndu heilbrigðisreglur „hygiene pakkinn“ settar. Um er að ræða fjórar reglugerðir. Reglugerð 852/2004 um hollustu matvæla, setur reglur um almennar hollustukröfur sem gerðar eru til framleiðenda, einkum á frumframleiðsluviði, reglugerð 853/2004 fjallar í meginatriðum um hvaða afurðir falla undir ákvæðin, m.a. eftir vinnslustigi og samsetningu og reglugerð 854/2004 fjallar um þau eftirlitskerfi og áhættumat, sem eru nauðsynleg. Reglugerð 882/2004 tekur til opinbers eftirlits er skal tryggja að framleiðsla fari fram hverju sinni í samræmi við lagaákvæði um fóður og matvæli og heilbrigði dýra og dýravernd.

Meginhugsunin er að framleiðendur á öllum stigum matvælageirans beri grundvallarábyrgð á öryggi þeirra matvæla sem þeir framleiða, sem skal tryggt með áhættugreiningu og eftirliti, sem er í samræmi við nálgun sem ráðlögð er af Codex Alimentarius, http://www.codexalimentarius.net/web/index_en.jsp.

Þetta regluverk felur í sér eftirfarandi efnisatriði:

Að leggja almennan grundvöll fyrir heilbrigði og hreinleika afurða, sem hverri starfsemi er ætlað að uppfylla. Nálgunina „frá bónda til borðs“ en við það tekur löggjöfin einnig til frumframleiðslu á afurðum dýra og jurta auk þess að taka til ábyrgðar framleiðenda matvæla fyrir öryggi þeirra með útfærslu á samræmdum áhættugreiningum eftir HACCP (*Hazard Analyses and Critical Control Point*). Rekjanleika á öllum matvælum og efnunum til framleiðslu matvæla og opinber skylduskráning allra í matvælastarfsemi. Sveigjanleiki reglna er leyfður til að mæta þörfum á afskekktum svæðum, vegna hefðbundinna framleiðsluáferða og við útfærslu á HACCP.

Að settar verði ítarlegar reglur um meðferð dýraafurða á öllum stigum framleiðslu og markaðssetningar. Munu reglurnar einnig ná til afurða þar sem dýraafurðum er blandað saman við afurðir úr plöntum sem ekki hefur verið áður.

Að settar skuli sérstakar reglur um skipulag á opinberu eftirliti með afurðum ætluðum til manneldis en nákvæmari og ítarlegri reglur skulu settar um eftirlit með fersku kjöti, lindýrum, fiskafurðum og mjólkurafurðum. Meginmarkmiðið er að gildandi reglur byggi á vísindalegum könnunum og áhættugreiningu, og að nýjar reglur taki hvorttveggja til fyrirhæla um ábyrgð einstakra fyrirtækja og til almenns eftirlits.

Ákvæði um heilbrigði dýra með tilliti til afurða, afsetningu afurða og innflutnings á dýraafurðum til manneldis. Markmiðið er að hindra útbreiðslu dýrasjúkdóma er kunna að berast með afurðunum og á sjúkdómum er kunna að berast í menn frá dýrum.

Þjálfunar og kynningarnámskeið

Til að ná hinum fjölmörgu markmiðum sem sett hafa verið um matvælaöryggi tók framkvæmdastjórnin ákvörðun á sl. ári um skipulega þjálfun til eflingar matvælaöryggis (*Better Training for Safer Food*), sem efnislega nær til framleiðslu og vinnslu afurða dýra – sjávardýra sem landdýra - og plantna. Þessi ákvörðun er tekin á grundvelli 51. gr. reglugerðar 882/2004 um opinbert eftirlit.

Þjálfunin er í formi námskeiða sem framkvæmdastjórnin ákveður. Þau eru ætluð fyrir fólk frá viðurkenndum aðilum til að annast matvælaeftirlit til að það sé meðvitað um nýjustu ákvarðanir sem gilda um matvælaöryggi ásamt því að tryggja sambærilega framkvæmd í aðildarlöndunum á matvælalögum. Auk þess er ákveðið að gefa „þriðju löndum“ aðgang að námskeiðunum eftir því sem kostur er á og einnig að halda sérstök námskeið um matvælalöggjöf ESB í þessum löndum. Þar er einkum horft til þróunarlandanna sem hafa átt erfitt með að uppfylla ákvæði ESB um eftirlit sem stenst reglur ESB, sem hefur leitt til þess að markaðir ESB hafa lokast þessum löndum af tæknilegum ástæðum.

Áform framkvæmdastjórnarinnar um þjálfun á sviði matvælalaga, laga um fóður, heilbrigði og vernd dýra, og heilbrigði plantna er skýrt í auglýsingu framkvæmdastjórnarinnar frá september 2006. Á grundvelli þessa hafa verið haldin námskeið á seinni hluta árs 2006 og önnur eru á dagskrá á árinu 2007. Þau atriði sem lögð er áhersla á þessi tvö ár eru:

- Áhersla á fullkomið eftirlit til tryggingar á neytendavernd, heilbrigði og velferð dýra og heilbrigði plantna
- Auka samræmi og samhæfni eftirlitskerfa framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkja
- Mynda jafnan starfsvettvang fyrir allan matvælaeignað ESB
- Efla og auka viðskipti með örugga matvöru
- Tryggja sanngjarnan viðskiptagrundvöll með matvörur milli ESB og „þriðju ríkja“ einkum með þróunarríkin í huga.

Árið 2007 verða haldin námskeið um 12 efnisatriði og þeim fjölgað í 18 árið 2008. Ísland hefur fengið jafnan þátttökurétt við ríki ESB en greiðir ferða- og upphaldskostnað af sínum þátttakendum. Námskeið um HACCP, aukaafurðir dýra (ABP), landamærastöðvar á flugvöllum og í höfnum, *Food Contact Materials*, hafa þegar verið sótt. Fulltrúi frá Landbúnaðarstofnun er tengiliður Íslands við ESB um skipulagningu verkefna og þátttöku af hálfu Íslands.

Tilsk. 1774/2002 um aukaafurðir dýra

Þessi tilskipun, sem fjallar um nýtingu eða losun (eyðingu) aukaafurða af dýrum, hvort sem um ræðir landdýr eða fisk, sem ekki fara til manneldis, er í auknum mæli að koma til framkvæmda. Á sama hátt og um afurðir til manneldis er rekjanleiki grundvallaratriði, sem leiðir m.a. til að allar starfstöðvar með aukaafurðir dýra eru skráningarskyldar. Aðrar reglur um rekjanleika eru í þróun. Þar má nefna reglur sem eru í smíðum um merkingar

afurða með lyktarefnum og merkingar á flutningsbúnaði með tilteknum litum, sem gefa í skyn um hvern áhættuflokk afurða er að ræða, sem eru þrír skv. tilskipuninni.

Ákvæði tilskipunar 1774/2002 hafa bein og óbein áhrif á framleiðslu og markaðssetningu landbúnaðarafurða á Íslandi vegna óbeinna framleiðslutengdra og markaðslegra ákvæða sem skulu gilda við markaðssetningu og sölu afurða innan sambandssvæðisins og innfluttra afurða til svæðisins.

Eins og áður sagði er unnið að því að taka tilskipunina og reglugerðir og ákvarðanir skv. henni upp í EES samninginn.

Riðusjúkdómar – Transmissible Spongiform Encephalopathy – (TSE)

Varnir gegn riðusjúkdómum er einn af meginþáttum í matvælaöryggi ESB, en þær fara eftir tilskipun 999/2001 um riðusjúkdóma. Til TSE heyrja kúariða (BSE), riða í sauðfé og Krausfelt Jakob sjúkdómur í fólki. Vegna þessarar smithættu bannaði ESB notkun á kjöt- og beinamjöli í fódri nautgripa þegar árið 1994, sem var hert árið 2001 en þá var bönnuð notkun á dýraeggjahvítu í fódur dýra til matvælaframleiðslu, svokallað fódurbann „*feedban*” þó með þeirri undantekningu að leyft var að nota fiskmjöl í fódur annarra dýrategunda en jórturdýra. Evrópuþingið hefur lagst á móti því að þessum hömlum verði aflétt með rökum sem hafa verið af pólitískum og siðferðislegum toga annarsvegar á grundvelli þess að óeðlilegt væri að jórturdýr væru fóðruð á fiskafurðum og hinsvegar á þeim grundvelli að ekki vær hægt a greina á milli fiskimjöls og kjöt- og beinamjöls í fódurblöndum. Ísland fellst ekki á þessi sjónarmið og krefst undanþágu frá þessum reglum yfirtaki Ísland heilbrigðisreglur um afurðir dýra í viðauka I eins og samningar standa til um.

Evrópusambandið hefur á grundvelli tilskipunar 999/2001 unnið að endurskoðun reglna um flokkun landa eftir áhættu af að um dulið BSE smit geti verið að ræða. Tillögur um að breyta reglum ESB um flokkun landanna til samræmis við flokkunarreglur OIE voru nýlega samþykktar, en skv. þeim er löndum raðað í flokka eftir áhættu frá 1-3. Samkvæmt þeim fellur Ísland undir flokk 2 með hliðsjón af þeirri flokkun sem fór fram hjá OIE í maímánuði sl. Ísland vinnur hinsvegar að því að skila inn fullnægjandi gögnum til OIE til að ná viðurkenningu fyrir að falla í flokk 1, sem mun leiða til hliðstæðrar breytingar hjá ESB ef næst fram.

Á grundvelli sérstakrar umræðu, sem hófst á seinni hluta ársins 2006 um TSE smit í geitum og sauðfé (riðusmit) og hvort gildandi aðferðir um útrýmingu á riðuhjörðum séu of víðtækar og hugsanlega í röngu hlutfalli við áhættu af að um BSE geti verið að ræða, er ESB að samþykka nýjar reglur um útrýmingu á riðu í sauðfé og geitum. Reglurnar gera ráð fyrir að rækta upp sauðfjárstofna með erfðavali sem eru ónæmir fyrir riðusmiti og jafnframt að sé um vægara riðusmit að ræða, kallað NOR98 þurfi ekki að skera niður hjörðina alla og jafnframt að setja megi á markað kjöt frá hjörðum þar sem riða kemur upp, þó ekki af smituðum gripum. Þeir erfðavísar sem eru valdir finnast ekki í íslensku sauðfé sem gerir þessa leið ómögulega við íslenskar aðstæður. Ísland hefur því óskað eftir undanþágu frá reglum ESB varðandi riðu í sauðfé við yfirtöku á viðauka I við EES samninginn.

Lífræn landbúnaðarframleiðsla

Í desember 2005 lagði framkvæmdastjórnin fram tillögur að nýju regluverki um framleiðslu lífrænna landbúnaðarafurða og merkingu þeirra. Þessar tillögur hafa verið til umfjöllunar af sérfræðingum á vegum landbúnaðaráðs Evrópusambandsins í formennskutíð Austurríkis og Finnlands auk þess sem umræða um þær hefur farið fram í Evrópuþinginu. Landbúnaðarráðið náði pólitískri samstöðu um nýtt regluverk fyrir lífræna framleiðslu í desember 2006, sem getur þó ekki tekið gildi fyrr en formleg afstaða þingsins liggur fyrir. Þó svo að þetta regluverk taki gildi eru mörg atriði ófrágengin sem mun verða tekin afstaða til í framhaldi af gildistöku laganna. Í löggjöfinni er að finna heimildir fyrir setningu reglna sem fela í sér undantekningar fyrir einstakar þjóðir og svæðisbundinn sveigjanleika, sem hafa sérstöðu vegna náttúrlegra aðstæðna. Þetta mun hafa mikla þýðingu fyrir Ísland þegar kemur að því að innleiða reglur ESB um lífræna framleiðslu í íslensk lög.

Eftir ákvæðum reglanna verður skylt að nota tákn ESB fyrir lífrænar afurðir. Þá skal taka fram við merkingu að þær eigi sinn uppruna í ESB (*EU agriculture*), utan ESB (*non-EU agriculture*) eða sambland afurða innan/utan svæðisins (*EU agriculture/non-Eu agriculture*). Komi varan að öllu leyti frá tilteknu aðildarríki má merkja hana einkennismerki lífrænnar framleiðslu fyrir það land.

Unnar landbúnaðarafurðir má merkja sem lífrænar sé innihald þeirra 95 % lífrænt eða meir. Sé það undir þeim mörkum má sérmerkja fyrir hvern þann efnispátt sem er lífrænn.

Innfluttar vörur frá þriðju ríkjum (utan efnahagssvæðisins) má merkja sem lífrænar séu þær framleiddar eftir reglum ESB varðandi framleiðslu og eftirlit, en gerður verður listi yfir þau lönd sem hljóta viðurkenningu eftirlitsaðila ESB og leyfi til sölu lífrænt merktra afurða til ESB.

Fuglaflensa (Avian Flu)

Frá því í apríl 2005 hafa fjölmargar ákvarðanir af hálfu ESB verið teknar til varnar því að fuglaflensa bærst til svæðisins. Í fyrstu náðu öryggisráðstafanir sem voru teknar til banns við innflutningi á lifandi fuglum og óhreinsuðu fiðri er kom frá tilteknum svæðum þar sem sjúkdómurinn hafði komið fram. Síðar meir eftir því sem hætta á að sjúkdómurinn gæti orðið að faraldri jókst, hefur þetta bann orðið víðtækara svo og eftirlit. M.a. við að gert hefur verið að skyldu að tilkynna einkenni er kynnu að gefa tilefni til að leita eftir sýkingu í einstökum fuglahjörðum hjá bændum auk þess sem skylt hefur verið að leita eftir smiti hjá farfuglum. Ísland hefur sótt fundi ESB um aðgerðir til varnar því að fuglaflensan verði að faraldri innan ESB og hefur kynnt á fundum framkvæmdastjórnarinnar þær öryggisráðstafanir, sem íslensk stjórnvöld hafa gripið til, sem hafa reynst fullkomlega jafngildar aðgerðum ESB. Þar sem Ísland hefur undanþágu frá ákvæðum um dýrasjúkdóma í EES samningnum, gilda reglur ESB ekki á Íslandi en gera það í Noregi.

Sjúkdómasmit frá matvælum

Í tengslum við áður nefndar lagabreytingar um meðferð og heilbrigði matvæla hefur framkvæmdastjórnin í auknum mæli gefið gaum sjúkdómasmiti frá matvælum. Þar ber hæst hættu af mengun af salmónellu.

Í reglugerð 2160/2003/EC eru sett markmið um „*control of salmonella and other specified food-borne zoonotic agents*” sem var breytt með reglugerð 1003/2005 frá 30 júní 2005 varðandi markmið sett um eftirlit með og lækkun tíðni salmonellumengunar í varphænsnum. Athuganir gerðar á grundvelli þessara reglna (*base line study*) sýna að nálægt þriðjungur (31,7%) af varphænum innan ESB er sýktur af salmonellu sem er hættuleg mönnum. Á grundvelli þessarar niðurstöðu hefur framkvæmdastjórnin fengið samþykktar reglur um að mengun á varphænsnabúum árið 2010 verði komin niður fyrir 2% og að banna alla sölu á ferskum eggjum frá búum sem smit finnst á frá sama tíma. Þá hefur framkvæmdastjórnin fengið samþykktar tillögur um athuganir á tíðni salmonella mengunar á svínabúum og kalkúnabúum. Einnig eru í undirbúningi reglur fyrir samskonar könnun á salmonellu í aligrísnum. Í framhaldi af þessum ákvörðunum hefur farið fram umræða á vegum framkvæmdastjórnarinnar um hættu af kamfílobakter í matvælum í aðildarlöndunum. Ísland kynnti aðgerðir á Íslandi til varnar kamfílobakter fyrir aðildarlöndum ESB við þá umræðu, en horft er til Norðurlandanna til fyrirmyndar. Framkvæmdastjórnin mun leggja áherslu á að tekist verði á við mengun af kamfílobakter þrátt fyrir efasemdir tiltekinna landa um að það sé skynsamlegt og vilja þá frekar leiðbeina um meðferð matvæla frekar en að gera framleiðsluna hreina.

Endurskoðun á viðauka I við EES samninginn

Þau málefni um matvæli og breytingar á þeim, sem hafa verið raktar, eru mikilvægur hluti af EES samningnum og þarf að fella inn í samninginn. Framkvæmdastjórnin hefur sett sem skilyrði fyrir aðild EES EFTA ríkjanna að Matvælastofnuninni og yfirtöku matvælalöggjafarinnar, að sérstök staða Íslands með undanþágum frá heilbrigðisreglum verði endurskoðuð og fært fram þau rök að ekki verði hægt að greina á milli landbúnaðarafurða og sjávarafurða á sama hátt og var við eldri löggjöf. Á grundvelli þessara forsendna heimilaði ríkisstjórnin að ganga til samninga við ESB um nauðsynlegar breytingar á þeirri grundvallarforsendu að ekki yrði vikið frá banni við innflutningi lifandi dýra í því skyni að tryggja áframhaldandi sterka stöðu Íslands að því er varðar búfjárjúkdóma. Þá er enn fremur lögð áhersla á undanþágu frá „fóðurbanni” (fóðrun jórturdýra með fiskimjöli), ekki þurfi að fjarlægja áhættuvefi vegna hættu af kúariðu, áfram megi nota sömu aðferðir á Íslandi við útrýmingu á riðu og að heimilt verði að banna innflutning á kjöt- og beinamjöli og viðhafa megi strangari reglur vegna hættu á salmonella mengun en gilda á innri markaði ESB auk þess sem Ísland fær tiltekinn tíma til aðlögunar.

Yfirtaka matvælalöggjafarinnar og annarrar löggjafar sem verður innleidd mun auðvelda viðskipti með landbúnaðarafurðir (nær ekki til lifandi dýra) milli Íslands og ESB. Ísland verður tæknilega séð hluti af innri markaði ESB og lýtur ekki og beitir ekki gagnvart ESB skyldum um skráningar, skoðanir og eftirlit við útflutning til ESB sem „þriðja ríki”. Aftur á móti munu reglur ESB um aðgang „þriðju ríkjum” að markaði á Íslandi gilda, sem leiðir

af sér aukna þörf á eftirliti með innflutning landbúnaðarafurða frá „þriðju ríkjum“ sem áður var unnt að stöðva einhliða í öryggisskyni að mati Íslands innan marka alþjóðlegra samninga sem Ísland er aðili að. Auk þess mun verða nauðsynlegt að auka stórlega skráningu framleiðslu- vinnslu og dreifingareininga vegna rekjaleika og eftirlits á grundvelli hinnar nýju löggjafar. Mestrar aukningar að umfangi er að vænta vegna innleiðingar reglna um meðferð aukaafurða dýra, sem ekki eru ætlaðar til manneldis, skv. tilskipun 1774/2002.

Frágangur þessa máls hefur dregist vegna tregðu ESB á að fallast á undanþágu Íslands til að nota fiskimjöl í fóður jörturdýra, sem hefur verið forsenda þess að yfirtaka matvælalaganna væri möguleg af Íslands hálfu.

Heilbrigði dýra – ADNS

Tilkynningakerfi ESB um dýrasjúkdóma er grundvallað á tilskipun ráðsins 82/894/EEC. Í henni eru ákvæði um að löndin skulu tilkynna til framkvæmdastjórnarinnar og hvers annars ef upp koma tilteknir sjúkdómar. Þessi þáttur í heilbrigðiskerfi landbúnaðarins innan ESB hefur haft vaxandi þýðingu með hverju ári. Þar á í hlut annarsvegar stækkun sambandsins með þátttöku landa með mun lakara heilbrigðisástand dýra en var innan sambandsins fyrir stækkunina og einnig vaxandi aðgerðir landa almennt við að loka fyrir innflutning frá svæðum eða löndum þar sem búfjárjúkdómar koma upp sem geta valdið faraldri og/eða meiriháttar fjárhagstjóni fyrir landbúnaðinn. Einnig hefur ótti við sjúkdóma, sem kunna að berast frá dýrum í fólk farið vaxandi ekki síst vegna þeirrar reynslu og umræðu sem verið hefur á heimsgrundvelli um hættu af fuglaflensu fyrir fólk.

Til að halda mörkuðum viðkomandi lands opnum fyrir búvörur, komi upp hættulegur dýrasjúkdómur, eru einangruð þau svæði þar sem sjúkdómurinn kemur fram og honum útrýmt með niðurskurði eða öðrum jafngildum aðferðum. Hluti þessa varnakerfis felst í öflugri tilkynningaskyldu innan sambandsins á dýrasjúkdómum sem er mun víðtækara en skv. reglum alþjóðastofnunarinnar um dýraheilbrigði (*World Organisation for Animal Health – OIE*). (*Dec. 2000/807/EC*) Hvert land setur upp tilgreind varnarsvæði eftir almennum reglum ESB, sem það tilkynnir til framkvæmdastjórnarinnar. Það fær svæðin viðurkennd, hefur eftirlit með tilteknum sjúkdómum innan þeirra og tilkynnir strax ef þessir sjúkdómar koma upp og hvar. Í byrjun árs 2005 bauð framkvæmdastjórnin Íslandi að gerast aðili að þessu kerfi, sem kallast *Animal Disease Notifications System (ADNS)*. Ísland hefur samþykkt að taka þátt í þessu kerfi á formlegan hátt, sem verður strax og nauðsynlegar lagabreytingar hafa farið fram. Landbúnaðarstofnun mun annast tilkynningar á sjúkdómum ef upp koma og tekur á móti sjúkdómstilkynningum frá ESB ríkjunum.

TVÍHLIÐA SAMNINGUR UM LANDBÚNAÐARAFURÐIR - ENDURSKOÐN

Vinna við framkvæmd 19. gr. EES samningsins um endurskoðun viðskiptaívilnana með óunnar landbúnaðarafurðir er lokið og nýr samningur að taka gildi. Hann felur í sér gagnkvæmar niðurfellingar á tollum afskorinna blóma og plantna skv. nánari afmörkunum auk þess sem þær tímabundnu heimildir til tollfrjáls innflutnings á agúrkum, tómötum, papriku og káli verða nú samningsbundnar til frambúðar sem sérstakar

heimildir fyrir Evrópusambandslöndin. Ísland fær aukinn tollfrjálsan kvóta fyrir lambakjöt til ESB og auk þess nýjan kvóta í smjöri, skyri og pylsum. Á móti fær ESB ámóta magn í kvótum af nautgripakjöti, svínakjöti, kjúklingakjöti, rjúpum, pylsum, sérupprunamerktum afurðum, ostum og kartöflum.

Samkvæmt ákvæðum EES samningsins er gert ráð fyrir að endurskoðun viðskiptaávilnana með óunnar landbúnaðarafurðir gerist reglulega, sem er undirstrikað í þessu samkomulagi.

BÓKUN 3 – ENDURSKOÐUN

Framkvæmdastjórnin óskaði eftir umræðu við EES löndin um endurskoðun á bókun 3 seinni hluta sl. árs. Noregur taldi á fundi sem haldinn var í vinnuhópi um bókunina að samningurinn þjónaði vel hagsmunum ríkjanna og þyrfti ekki endurskoðunar við að svo komnu máli. Ísland var reiðubúið til að taka erindi ESB til skoðunar og ákveðið að fara í tvíhliða endurskoðun milli Íslands og ESB. Sú vinna hefur farið fram á tæknilegu stigi, sem felur í sér samanburð á heimildum og gjöldum, sem eru lögð á skv. bókuninni. Efnisleg umfjöllun er fyrirhuguð á næsta fundi, sem er áformaður í september, 2007.

HIN ALMENNA LANDBÚNAÐARSTEFNA ESB

Í október 2006 var lagt fram af hálfu framkvæmdastjórnarinnar vinnuskjal um einföldun á hinni almennu landbúnaðarstefnu ESB (*Common Agriculture Policy – CAP*). Markmiðið er að sameina í heildarlöggjöf 21 gerð sem eru um framkvæmd markaðsmála ESB í landbúnaði. Tilgangurinn er að samræma mismunandi reglur um framkvæmd markaðsmála hvernar framleiðslugreinar fyrir sig undir eina reglu á tæknilegan hátt án þess að það snerti framleiðslu- eða markaðslegan tilgang reglnanna. Þessi viðleitni framkvæmdastjórnarinnar hófst með endurskoðun CAP árið 2003 þegar horfið var frá sértækum reglum um styrki til landbúnaðarins og teknar upp eingreiðslur til framleiðenda (*Single Farm Payment*). Mörg aðildarríkjanna efa að þessi breyting verði gerð án þess að samhliða fari fram pólitísk endurskoðun á landbúnaðarstefnu ESB hvað varðar einstakar greinar.

Hin helstu atriði sem verða til athugunar við endurskoðunina eru:

- Markmið og skilgreiningar
- Aðstæður í innanlandsmarkaði varðandi markaðsinngríp, einkabirgðahald, kvóta og styrki
- Aðstæður gagnvart þriðju ríkjum svo sem leyfisveitingar, öryggiseftirlit, úrvinnsla erlendis og innan ESB
- Samkeppni og reglur um styrkveitingar
- Almenn ákvæði svo sem um skýrslugjöf og skráningar
- Aðlögunartími og framkvæmd

Gangi tillagan eftir mun hún leiða til verulegrar fækkunar á reglum sem búvöruframleiðendur og þeir sem stunda viðskipti með landbúnaðarafurðir innan ESB

þurfa að fara eftir og um leið til þess að allt eftirlit verður einfaldara. Framkvæmdastjórnin leggur áherslu á að skilin milli tæknilegra og pólitískra breytinga verði haldin og aðeins tæknileg endurskoðun fari fram. Hin pólitíska endurskoðun á að hefjast árið 2008 og því áriðandi að þessum atriðum verði ekki blandað saman til að einföldunin náist fram sem fyrst.

Vinnuskjal framkvæmdastjórnarinnar felur í sér 20 atriði sem starfað skal eftir. Þýskaland, sem fór með formennsku í ESB fyrri hluta árs 2007, hafði endurskoðunina sem aðalmál á dagskrá.

MENNTA-, MENNINGAR- OG ÆSKULÝÐSMÁL

Nýjar áætlanir

Nýjar áætlanir ESB á sviði menntamála, myndmiðlunar, menningarmála og æskulýðsmála tóku gildi í ársbyrjun 2007 og endanlegir samningar um þátttöku EFTA/EES-ríkjanna í þeim voru gerðir um miðjan júní sl., talsvert seinna en gert hafði verið ráð fyrir. Nokkur vandræði urðu af þessu einkum hvað varðar mennta- og æskulýðsáætlanirnar, því í leiðbeiningum við auglýsingar eftir umsóknum um styrki var þess m.a. getið að þátttaka EFTA/EES-ríkjanna væri óviss og ekki væri hægt að styrkja verkefni, sem aðilar frá þessum löndum væru þátttakendur í, fyrr en gengið hefði verið frá framangreindum samningum. Sendiráðið beitti sér fyrir því ásamt EFTA-skrifstofunni að gerðar yrðu breytingar á orðalagi í þessum leiðbeiningum og jafnframt að allt væri gert til þess að koma í veg fyrir að umsækjendur yrðu fyrir skaða vegna tafa á innleiðingu áætlananna í EES-samninginn. Þessi viðleitni bar árangur hvað varðar verkefni, sem framkvæmdastjórn ESB sér um að úthluta styrkjum til, en óvíst er um árangur í þeim tilvikum er erlendir aðilar sóttu um styrki í sínu heimalandi til að taka þátt í verkefnum í EFTA/EES-ríkjunum. Eftir því sem best verður séð er aðeins um örfá tilvik að ræða hvað varðar verkefni á Íslandi. Tafir á innleiðingunni höfðu ekki áhrif á þátttöku íslenskra fulltrúa á stjórnarnefndarfundum eða undirbúningsfundum fyrir áætlanirnar. Ekki er vitað hvernig þátttöku íslenskra aðila í einstökum verkefnum verður háttáð á yfirstandandi ári en gera má ráð fyrir að hún verði heldur minni en undanfarin ár, m.a. of ofangreindum ástæðum. Í skýrslu fyrir síðari hluta árs 2007 verður nánar gerð grein fyrir þessum atriðum.

Orðsendingar, tilmæli og fleira

Tilskipun um breytingar á tilskipuninni um Sjónvarp án landamæra var til umfjöllunar í stofnunum ESB allt árið 2006. Samkomulag hefur tekist um málið milli framkvæmdastjórnar, ráðs og þings og verður það lagt fyrir þingið til endanlegrar afgreiðslu í haust. Tilskipunin hefur gildi fyrir EFTA/EES ríkin og efnisákvæði hennar verða að vera komin í lög eða reglugerðir innan tveggja ára frá gildistöku, sem þýðir fyrir árslok 2009.

Vinnunefndir EFTA um menningarmál, menntamál og um hljóð- og myndmiðla hafa til umfjöllunar eftirtalin tilmæli, sem gert er ráð fyrir að verði felld undir EES- samninginn ef aðildarríki EFTA/EES óska þess og á það verður fallist af hálfu ESB:

- a) *European Quality Charter for Mobility*, sem er eins konar gæðaskrá fyrir nám erlendis. Þar er m.a. kveðið á um hvernig undirbúningi skuli best háttað, móttöku og aðbúnað stúdenta í gestalandi o.fl.
- b) *Key competence for citizens*, sem er skilgreining á hvað felist í grundvallarfærni og þekkingu borgaranna. Tilgreind eru átta atriði og snúa þau m.a. að tungumálakunnáttu, stærðfræði- og tækniþekkingu, félagsþroska, frumkvæði og menningarmálum.
- c) *Film heritage and the competitiveness of related industrial activities*. Þar er m.a. hvatt til þess að gömlu efni sé komið í stafrænt form og fundnar leiðir til að nýta þennan menningararf með betri hætti en áður auk þess sem lögð er áhersla á samkeppnishæfni evrópsks kvikmyndaiðnaðar.

Frá framkvæmdastjórn ESB hafa borist tvær orðsendingar (*Communications*) sem varða menntamál:

- a) *Framework for the European survey on language competences*
- b) *A coherent framework of indicators and benchmarks for monitoring progress towards the Lisbon objectives in education and training.*

Báðar þessar orðsendingar hafa talsverð áhrif og eru stefnumótandi í samstarfinu á sviði menntamála.

Þá birti framkvæmdastjórnin skýrslu um fjölbreytni í fjölmiðlun í Evrópu og snýr hún einkum að eignarhaldi á þeim. Tilkynnt var að framkvæmdastjórnin myndi ekki beita sér fyrir að sett yrði lög eða reglur á því sviði en kynnti í þess stað þriggja skrefa áætlun þar sem fyrrgreind skýrsla er fyrst í röðinni, síðan verður gerð óháð rannsókn á sjálfstæði fjölmiðla og fjölbreytni í fjölmiðlun og lokaskrefið felst í því að framkvæmdastjórnin mun senda frá sér formlega tilkynningu um hvaða mælikvarða sé hægt að nota til að meta fjölbreytni í fjölmiðlun.

RANNSÓKNIR OG ÞRÓUN

Sjötta rammaáætlun ESB

Sjötta rammaáætlun Evrópusambandsins um rannsóknir og tækniþróun lauk um áramótin 2006/2007 og þann 1. janúar 2007 hóf 7. rammaáætlunin ESB göngu sína. Sjötta rammaáætlunin var þriðja rammaáætlunin sem Ísland tók fullan þátt í frá upphafi. Fulltrúar frá Íslandi sóttu reglulega stjórnarfundum einstakra áætlana í Brussel og á Íslandi annaðist Rannsóknamiðstöð Íslands (RANNÍS) upplýsingagjöf til rannsóknastofnana og fyrirtækja með fundastarfsemi, rekstri heimasíðu og tölvupóstsendingum.

Nú um mitt ár 2007 liggja fyrir upplýsingar um styrkveitingar sambandsins úr sjöttu rammaáætluninni. Alls veitti Evrópusambandið um 16000 milljónum evra til rannsókn- og tækniþróunarverkefna á tímabilinu 2003-2006. Þessar 16000 milljónir evra runnu til tæplega 70000 þátttakenda í aðildar- og samstarfslöndunum sambandsins.

Árangur íslenskra stofnana og fyrirtækja verður að teljast nokkuð góður. Alls sendu íslenskir aðilar rúmlega 300 umsóknir í áætlunina. Gerðir voru 115 samningar við tæplega 40 stofnanir og fyrirtæki um þátttöku í 71 rannsókn- og þróunarverkefni. Þessi fyrirtæki og stofnanir fengu í sinn hlut tæpar 22 milljónir evra en samanlagðir styrkir frá Evrópusambandinu til verkefna með íslenskri þátttöku námu rúmlega 343 milljónum evra.

Af þeim fjölda styrkja sem runnu til íslenskra aðila komu 29 styrkir, eða um 25%, í hlut fyrirtækja en 28, eða um 24%, fóru til háskóla. Einnig fengu rannsóknastofnanir 28 styrki en 6 styrkir runnu til spítala (5%). Þá fengu aðrir aðilar samtals 24 styrki úr áætluninni. Árangur íslenskra vísindamanna var misjafn eftir fræðasviðum og viðfangsefnum. Af einstökum fræðasviðum kom mest fé (um 30%) í hlut fyrirtækja og stofnana á sviði erfða- og líftækni, þar af fékk eitt verkefni Íslenskrar erfðagreiningar 3,7 milljónir evra.

Sjöunda rammaáætlun ESB

Sjöunda rammaáætlun ESB hóf göngu sína þann 1. janúar 2007. Ein af þeim breytingum sem gerðar voru á rammaáætluninni um áramótin var lenging áætlunarinnar úr fjórum árum í sjö. Aðrar áhugaverðar breytingar sem urðu á rammaáætluninni var aukin áhersla á grunnrannsóknir, aukið samstarf við iðnaðinn og fyrirheit framkvæmdastjórnarinnar um einfaldari stjórnarsýslu. Þá mun framkvæmdastjórnin halda áfram þeirri viðleitni sinni í 7. að koma á sjálfviljugu samstarfi milli rannsóknasjóða í aðildarlöndunum (ERA-NET verkefni/Gr. 169 verkefni).

Strax á síðasta ári lýstu EFTA/EES löndin yfir áhuga á þátttöku í 7. rammaáætluninni en formlegar viðræður við ESB um þátttökuna hófust ekki fyrr en eftir að sambandið hafði samþykkt og auglýst áætlunina. Á meðan samningaviðræður ESB og EFTA/EEA landanna um framlög í þróunarsjóði vegna stækkunar sambandsins stóðu yfir, lágu samningaviðræður um aðild EFTA/EES landanna að 7. rammaáætluninni niðri. Þegar þeim viðræðum lauk frestaði ESB enn og aftur að fjalla um umsókn okkar um þátttöku vegna hugmynda EFTA-nefndar ráðherraráðsins um endurskoðun á framlögum EFTA-EES landanna til áætlunarinnar. Á tímabili leit því út fyrir að Ísland, Noregur og Liechtenstein myndu missa af fyrstu umsóknarfrestunum í áætluninni en á síðustu stundu tókst að koma í veg fyrir þann skaða sem það hefði valdið íslenskum umsækjendum. Gengið var frá þátttöku EFTA/EES landanna um miðjan júní.

SAMGÖNGU- OG FJARSKIPTAMÁL

SAMGÖNGUMÁL TIL UMFJÖLLUNAR Á SVIÐI EES-SAMNINGSSINS

Þjóðverjar, sem gegndu formennsku í ráðherraráði ESB fyrstu sex mánuði ársins kynntu í upphafi að þeir myndu í stórum dráttum leggja áherslu á verkefni sem miðuðu við bregðast við vexti í samgöngum og áhrif þeirra á umhverfið auk öryggismála. Nánar tiltekið var átt við loftferðasamning við Bandaríkin, vinnu við þriðja flugpakkann, tillögu um aukin verkefni flugöryggisstofnunar Evrópu, SESAR verkefnið, Galileo verkefnið, viðskiptakerfi með útblásturheimildir í flugi, frumvarp um breytingar á reglugerð um flugvernd, umferðaröryggisáætlun sambandsins, grænbók um samgöngur í borgum, þrjú frumvörp siglingapakkans sem fjölluðu um öryggismál í siglingum, bættu flutningatækni og loks grænbók um málefni sjávar og siglinga. Eins og sjá má á þessum lista, sem ekki er tæmandi, voru verkefnin mörg og stór. Hér á eftir er fjallað um málefni sem voru efst á baugi fyrri hluta ársins 2007. Í mörgum tilfellum er um framhaldsumfjöllun að ræða og má í þeim tilfellum finna frekari upplýsingar í skýrslu síðasta árs.

FLUGMÁL

Almennt

Eins og vikið var að í síðustu skýrslu vinnur stýrihópur hátt settra embættismanna að gerð tillagna um hvernig mætti bæta regluverkið og skipuleggja betur verkaskiptingu stofnana flugmála. Stýrihópurinn hefur haldið fjölda samráðsfunda við helstu hagsmunaaðila og er nú miðað við að hann skili tillögum sínum 3. júlí.

Slóð fyrir vinnu ESB um einföldum regluverks í flugi:

http://ec.europa.eu/transport/air_portal/2006_09_20_conference_en.htm

Loftferðasamningar

Samninganefndir ESB og Bandaríkjanna komust að samkomulagi um nýjan loftferðasamning sem var áritaður á leiðtogafundi í Washington 30 apríl sl. Miðað er við að samningurinn komi til framkvæmda frá og með 1. mars 2008.

Nýi loftferðasamningurinn opnar fyrir mun greiðari flugsamgöngur yfir Atlantshafið bæði í þágu evrópskra og bandarískra flugfélaga. Nú getur hvaða flugfélag innan ESB sem er flogið frá hvaða flugvelli sem er innan Evrópu til Bandaríkjanna. Bandarískt flugfélag getur flogið frá Bandaríkjunum hvert sem er innan Evrópu með millilendingu á flugvelli í öðru evrópsku ríki. Samkvæmt samningnum geta evrópskir ríkisborgarar eignast allt að 49% í bandarísku flugfélagi en fá þó einungis ráða yfir 25% atkvæðisréttar. Bandarísk fyrirtæki geta fyrir tilstilli hans blautleigt flugvélar skráðar í Evrópu. Þá opnar samningurinn fyrir samstarf aðila um flugvernd sem kemur í veg fyrir tvíverknað auk ýmissa annarra atriða s.s. ákvæði um samkeppnismál, ríkisstyrki og öryggismál. Miðað er við að samningurinn taki gildi 1. apríl 2008.

Samningurinn gerir ráð fyrir sameiginlegri nefnd um samninginn sem fjallar um framkvæmd hans. Samkomulag er um að hefja viðræður um annan áfanga samningsins innan 60 daga frá því að hann kemur til framkvæmda. Á næsta stigi verður fjallað um frekari opnun á flugi, fjárfestingu í flugrekstri, blautleigu auk umhverfismála.

Hið aukna frjálsræði evrópskra flugfélaga sem fylgir samningnum dregur úr sérréttindum flugfélaga og opnar fyrir beinni samkeppni yfir Atlantshafið með lægra verði og tilheyrandi aukningu í flugi og atvinnusköpun. Íslensk flugfélög lenda í meiri samkeppni en áður og þau hafa ekki möguleika á að nýta samninginn sér til hagsbóta. Í samráði við hagsmunaaðila á Íslandi var óskað eftir aðild að samningum. Ekki liggur enn fyrir um form þess.

Slóð fyrir vinnu framkvæmdastjórnarinnar að loftferðasamningum:

http://ec.europa.eu/transport/air_portal/international/index_en.htm

Áður hefur ESB skrifað undir loftferðasamning við Marokkó og Úkraínu. Ráðherraráðsfundinn í desember samþykkti að hefja viðræður við Úkraínu um samning um sameiginlegt loftrými (*Common Aviation Area*). Fyrir liggur að skoða hvort og með hvaða hætti Ísland getur öðlast aðild að þessum samningum.

Þá náði framkvæmdastjórnin samningi við rússnesk stjórnvöld um að yfirflugsgjöld yfir Síberíu og að þau yrðu í núverandi fyrirkomulagi felld niður í síðasta lagi frá og með árinu 2014. Fram að þeim tíma yrði ekki greitt fyrir ný flug umfram þau sem eru til staðar við undirskrift samningsins. Reyndar hljóp snurða á þráðinn í þessu máli nýlega og því seinkaði þegar Rússland lýsti yfir að það gæti ekki skrifað undir samkomulagið fyrr en að loknu samráðsferli ráðuneyta er málið varðaði þar í landi.

ESB hefur komið fram með tillögu um hvernig skuli standa að því að reikna árlegt meðalyfirflugsgjald og skila ávinningi af samningnum til flugfélaga. Til þess að ávinningur af samkomulagi ESB skili sér þurfa aðildarríki ESB hvert fyrir sig að taka upp loftferðasamninga við Rússland og koma inn ákvæði varðandi yfirflug.

Slóð fyrir samninga framkvæmdastjórnarinnar við Rússland:

http://ec.europa.eu/transport/air_portal/international/pillars/common_aviation_area/russia_en.htm

Sameiginlegt Evrópskt loftrými – Single European Sky

Evrópusambandið vinnur nú að framkvæmd reglugerða um Sameiginlegt Evrópskt Loftrými SEL (*SES – Single European Sky*) sem fjalla einkum um stjórnun sk. efra loftrýmis. Í reglugerðunum er gerð krafa um aðskilnað stjórnsýslu og þjónustu. Um mitt þetta ár verða allir þeir sem veita flugumferðarþjónustu af einhverju tagi að hafa til þess leyfi frá viðkomandi stjórnvöldum og bera þau einnig ábyrgð á eftirliti með starfsemi þjónustuaðilanna. Í smíðum eru margvíslegar reglugerðir sem er ætlað að samræma löggjöf varðandi flugumferðarþjónustu og útfæra hana tæknilega. Þá er samhliða þessu unnið að því að skilgreina sk. loftrýmishólf (*functional airspace blocks*) sem ná yfir landamæri ríkja. Einnig er unnið að því að semja um sveigjanlega nýtingu loftrýmis og

snýr að samvinnu borgaralegra yfirvalda og hernaðaryfirvalda landanna um notkun loftrýmis hernaðaryfirvalda fyrir borgaralegt flug.

Samhliða samræmingu regluverks hefur verið samþykkt að vinna að nýrri kynslóð af flugstjórnarkerfi fyrir Evrópu eða svokölluðu SESAR verkefni sem á sér hliðstæðu í Bandaríkjunum. Áætlað er að verkefnið verði unnið í samvinnu opinberra og einkaaðila. Verkefnið skiptist í þrjú áfanga og lýkur fyrsta áfanganum í mars á næsta ári en í honum er skrifuð kerfislýsing fyrir SESAR. Uppbygging þess verður svo í höndum samvinnufélags um þróun kerfisins (SESAR JU) og var reglugerð um stofnun þess birt í mars á þessu ári. Lagt hefur verið til við EFTA að ráðleggingu íslenskra hagsmunaaðila að taka reglugerð um samvinnufélag um SESAR inn í EES samninginn. Bæði sjá íslenskir hagsmunaaðilar möguleika á að koma að þróun SESAR og einnig að nýta sér niðurstöðu verkefnisins. Nýja flugstjórnarkerfið er ætlað að leysa fjölda heimbúinna flugstjórnarkerfa af hendi og mun kosta mjög mikla fjármuni að þróa. Þess er vænst að það muni leiða til helmingslækkunar á kostnaði um leið og það geti annað tvöfaldri núverandi umferð í loftrými Evrópu.

Slóð fyrir vinnu framkvæmdastjórnarinnar að sameiginlegu evrópsku loftrými:

http://ec.europa.eu/transport/air_portal/traffic_management/index_en.htm

Endurskoðun þriðja pakkans í flugi

Unnið var á tímabilinu að frumvarpi að reglugerð sem kallað hefur verið þriðji pakkinn í flugi sem vikið var að í síðustu skýrslu. Það kom umfjöllunar hjá ráðherraráðinu á fundi þess í júní þar sem lagðar voru línur um málsmeðferð. Fjallað hefur verið um frumvarpið í samgöngunefnd þingsins en miðað er við að fyrstu umræða þingsins ljúki með atkvæðagreiðslu í júlí. Helstu breytingar frumvarpsins varða kröfur varðandi leigu á flugvélum, aukna gagnsæi verðlagningar á flugfargjöldum, auknar kröfur um fjárhagslegan styrkleika, skírari reglur um þjónustuflyg auk þess sem reglur varðandi flug innanlands og flug til þriðju ríkja eru betur samræmdar.

Flugvallapakinn

Í janúar á þessu ári birti framkvæmdastjórnin sk. flugvallapakka. Hann samanstendur af tillögu að tilskipun um gjaldtöku á flugvöllum, tilkynningu um afkastagetu flugvalla í Evrópu og skýrslu um framkvæmd reglugerðar um flugafgreiðslu. Pakkinn fjallar um þróun og samkeppnishæfi flugvalla og er ætlað að leggja grunninn að samræmdri framkvæmd á þessu sviði og mögulegum reglugerðum í framtíðinni. Tillagan að tilskipun er ætlað að tryggja gagnsæi og aðkomu hagsmunaaðila að verðmyndun flugvalla með almennum ákvæðum. Tillagan gildir um flugvelli þar sem yfir 1 milljón farþega og/eða yfir 25.000 tonn af vöru fer um. Skoða þarf hvort tillagan dregur úr möguleikum á að reka marga flugvelli saman í flugvallarkerfi með tilfærslum á tekjum svipað og gert er á Íslandi og í Noregi.

FLUGÖRYGGIS- OG FLUGVERNDARMÁL

Nokkrar breytingar eru í farveginum varðandi skipulag flugöryggismála auk þess sem unnið er að endurskoðun þeirra á breiðari grunni sbr. hér að framan. Fyrir ráðherraráðsfundinum í desember var tillaga að breytingu á reglugerð um EASA þar sem

stofnuninni eru falin ný verkefni. Meðal annars er stofnuninni falin verkefni á sviði skírteinaútgáfu flugáhafna, flugrekstrarleyfa þriðju ríkja og eftirliti með flugvélum þriðju ríkja.

Sum verkefna EASA voru áður unnin á vettvangi JAA (*Joint Aviation Authority*) og ECAC (*European Civil Aviation Conference*) og gegnir nú EASA stærra hlutverki við skoðun flugvéla frá þriðju ríkjum sk. SAFA skoðana. Ráðið samþykkti tillöguna að reglugerðinni á fundi sínum í júní með nokkrum breytingum. Þingið hefur ekki lokið umfjöllun sinni um málið.

Fjallað er reglulega um sk. svarta lista ESB og var m.a. á vormánuðum samþykktur nýr listi. Á listanum eru einkum flugfélög sem hafa komið illa út úr SAFA skoðunum og eru þau yfirleitt frá löndum sem þar sem stjórnýsla í flugöryggismálum er veik.

Þá er til meðferðar hjá stofnunum ESB frumvarp um breytingar á reglugerð um flugvernd. Tilgangurinn er að einfalda málsmeðferð flugverndarreglna auk þess að koma að ýmsum öðrum breytingum. Miðað er við að tæknireglur verði í viðauka sem verður verksvið sk. „commitology nefnda” og þurfa því ekki nema í undantekningartilvikum að fara til ráðsins. Frumvarpið er umdeilt og er m.a. tekist á um hvort það eigi að taka til fjármögnunar á flugverndaraðgerðum en framkvæmdastjórnin telur það ekki viðeigandi í tæknilegum reglugerðum sem þessari. Líklegt er að málið fari í sáttagerð.

Á haustmánuðum voru samþykktar breytingar á flugverndarreglugerð ESB sem leiddi til strangara eftirlits. M.a. var ákveðin hámarksstærð taskna í handfarangri auk þess var stærð umbúða vökva takmarkaður við 100 ml og ekki mátti fara með meira af slíku í gegnum öryggishlið en kæmist fyrir í 1 l. plastpoka. Breytingarnar tóku strax gildi nema að framkvæmd takmörkunar á hámarksstærð töskum hefur verið frestað um eitt ár.

Slóðir fyrir vefsíður framkvæmdastjórnarinnar um flugöryggismál og flugverndarmál:

http://ec.europa.eu/transport/air_portal/safety/index_en.htm

http://ec.europa.eu/transport/air_portal/security/index_en.htm

LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA FRÁ FLUGVÉLUM

Vísað er til umfjöllunar um þetta frumvarp í síðustu skýrslu. Málið er á forræði umhverfisskrifstofu ESB en ráðherraráð samgöngumála hefur fjallað um það við hádegisverð fundar ráðsins. Þá hefur byggðanefnd þingsins fjallað um það og skilað jákvæðri umsögn.

Bandaríkjamenn hafa lagst gegn þessum tillögum framkvæmdastjórnarinnar og í loftferðasamningi á milli ESB og Bandaríkjamanna segir að vinna skuli að umhverfismálum í flugi á vettvangi ICAO. Ekki er ljóst á þessu stigi hvert það muni leiða þessa umræðu og hvaða áhrif þetta hefur á fyrirliggjandi tillögu um að viðskiptakerfi með gróðurhúsalofttegundir nái til flugs.

Ákveðið hefur verið að fella tilskipun um viðskiptakerfi með gróðurhúslofttegundir undir EES samninginn. Verði þessar tillögur að veruleika munu íslenskir flugrekendur þurfa nægar heimildir fyrir losun vegna flugs innan ESB frá og með 2011 og vegna flugs til og frá Evrópu frá og með 2012. Vænta má að framkvæmd tilskipunarinnar krefjist töluverðs undirbúnings.

Vefslóðir fyrir umhverfismál flugsamgangna:

http://ec.europa.eu/transport/air_portal/environment/index_en.htm

http://ec.europa.eu/environment/climat/aviation_en.htm

SIGLINGAMÁL

Grænbók um málefni siglinga og sjávar

Skilað var umsögn um grænbók um siglingar og málefni hafsins (*Maritime Policy*) í júní sl..

Þjóðverjar sem gegndu formennsku í ESB héldu 2.-4. maí mjög myndarlega ráðstefnu í Bremen í Þýskalandi um málefni grænbókarinnar. Þar kom fram að framkvæmdastjórnin ráðgerir að gefa út tilkynningu um niðurstöðu samráðsferilsins í september og aðra tilkynningu í desember þar sem framkvæmdastjórnin leggur fram sínar tillögur um framhald mála. Fram kom hjá varaforseta ESB að vænta mætti tillagna um að losunarheimildir fyrir skip verði færð undir viðskiptakerfi með gróðurhúsalofttegundir.

Vefslóð fyrir málefni grænbókarinnar:

<http://ec.europa.eu/maritimeaffairs>

Þriðji siglingapakinn

Þriðji siglingamálapakinn var til meðferðar hjá Evrópuþinginu og lauk fyrstu umræðu með atkvæðagreiðslu þar sem öll frumvörpin voru samþykkt með nokkrum breytingum. Þá fjallaði ráðherraráðið um hluta pakkans eða um 4 gerðir þ.e. frumvörp að tilskipunum um sjóslysarannsóknir, hafnaríkiseftirlit og að breytingu á tilskipun um eftirlit með skipaumferð auk frumvarps að reglugerð að ábyrgðartryggingu fyrir farþegaflutninga á sjó og vatnaleiðum. Ráðherraráðið samþykkti 3 frumvörp að tilskipunum fyrir sitt leyti.

Ráðherraráðsfundur samgönguráðherra í júní samþykkti frumvarp að tilskipun um hafnaríkiseftirlit, þó með breytingu er varðar gildissvið þess. Einnig komst fundurinn að niðurstöðu um frumvörp að sjóslysarannsóknnum og um siglingavakt. Á sama fundi var frumvarp að reglugerð um ábyrgðartryggingu fyrir farþegaflutninga rætt en ekki komist að niðurstöðu. Önnur frumvörp hafa ekki verið rædd í ráðherraráðinu.

Evrópuþingið hefur einnig fjallað um pakkann og afgreitt frá sér með nokkrum breytingum. Ljóst er að ekki er samstaða í ráðherraráðinu um frumvörpin að þremur þeirra undanskildum og bendir flest til þess að þau verði ekki birt í bráð. Eftir er að samræma afgreiðslu þessara stofnana. Haldið verður áfram umfjöllun um frumvörpin. Ólíklegt þykir að frumvörpunum verði skipt upp og haldið áfram með þau sem

samkomulag gæti náðst um. Þetta verkefni kemur til kasta þess ríkis sem tekur næst við formennskunni sem eru Portúgalir.

VEGA- OG UMFERÐARMÁL

Skipulagning flutningakeðjunnar (Freight transport logistics)

Í desember á sl. ári birti framkvæmdastjórnin tilkynningu fyrir ráðherraráðinu þar sem fjallað var um flutningakeðjuna í Evrópu. Ráðherraráðið lýsti sig samþykkt því að vinna að framgangi þessa málefnis. Framkvæmdastjórnin óskaði eftir ábendingum um flöskuhálsa í flutningakeðjunni í framhaldi af því og er að stilla upp aðgerðaráætlun til þess að vinna að framgangi málsins.

Slóð fyrir verkefnið:

http://ec.europa.eu/transport/logistics/index_en.htm

Grænbók um samgöngur í borgum

Framkvæmdastjórnin vinnur nú að undirbúningi grænbókar um samgöngur í þéttbýli. Auglýst var eftir ábendingum og umsögnum til þess að taka mið af við þessa vinnu og rann fresturinn út í apríl.

Mikill áhugi er á þessari væntanlegu grænbók, (væntanleg í september 2007). Framkvæmdastjórnin hefur móttakið um 900 athugasemdir. Meginatriðin sem fólk tjáir sig um er umferðarstíflur og mengun í borgum. Þá er talið að almenningssamgöngur skuli vera forgangsmál í borgum. Nálægðarreglan (*subsidiarity principle*) er metin nokkuð ríkjandi þegar kemur að samgöngum í borgum en fram hafa komið sjónarmið um að aðkoma Evrópusambandsins verði einkum að þróa sameiginlegar lausnir á umferðarvanda í borgum, stuðla að notkun nýrrar tækni, stuðla að nýjum verkefnum á sviði rannsókna og miðlun upplýsinga um lausnir á umferðavanda í borgum

Slóð fyrir grænbókina:

http://ec.europa.eu/transport/clean/green_paper_urban_transport/preparation_en.htm

Önnur umferðar- og vegamál

Unnið er að því að skoða mögulega reglusetningu eða aðgerðir til þess að framfylgja refsingum, einkum sektum, yfir landamæri. Þetta er einkum hagsmunamál ríkja þar sem ferðamenn eru fjölmennir. Við aukna myndavélavæðingu fyrir hraðaeftirlit og stöðvunarbrott verður erfiðara að framfylgja refsingum yfir landamæri. Formlegur frestur til þess að koma að athugasemdum rann út í apríl. Vænta má tillagna framkvæmdastjórnarinnar á síðari hluta ársins.

FJARSKIPTAMÁLI

Endurskoðun fjarskiptapakks

Beðið er eftir tillögum framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við endurskoðun fjarskiptapakks og er þeirra að vænta á síðari hluta ársins. EES-EFTA ríkin skiluðu inn sameiginlegu álitum og er hægt að nálgast það ásamt öðrum athugasemdum á vefsíðu endurskoðunarinnar.

http://europa.eu.int/information_society/policy/ecom/tomorrow/index_en.htm

Fram hefur komið að framkvæmdastjórninni þykir framkvæmd reglna um fjarskipti ekki nægilega samræmd. M.a. viðraði hún hugmyndir um að setja á laggirnar fjarskiptastofnun Evrópu sem ynni að samræmingu og hefði auk þess verkefni sem varðaði sameiginlega markaðinn t.d. útgáfu leyfa sem giltu yfir landamæri. Eftir að samráðsferlinu lauk hefur hún óskað eftir tillögum frá ERG (*European Regulators Group*) um hvernig þeir geti komið að því að tryggja frekari samræmingu á framkvæmd reglanna í ríkjunum. Sjá umfjöllun síðustu skýrslu til nánari upplýsinga.

Reglugerð um reiki utanlands

Á vegum framkvæmdastjórnarinnar hefur verið unnið að ritun reglugerðar um reiki utanlands. Niðurstaða er komin varðandi með hvaða hætti verði staðið gegn óhóflegri gjalddöku vegna reikisímtala þ.e. með því að setja hámarksgjald fyrir hverja mínútu í reikisímtali bæði hjá þeim sem hringir og móttakanda. Nýlega náðist samstaða um sáttartillögu um 0,49 Evru fyrir hringjanda og 0,24 Evru fyrir móttakanda símtals í reiki fyrir 2007 sem svo lækki 2008 og 2009. Tillagan var samþykkt og var ný reglugerð birt í lok júní.

PÓSTMÁL

Frumvarp að tilskipun að fyrirkomulagi póstburðar var áfram til umfjöllunar á árinu hjá ráðherraráðinu og þinginu. Samþykkt var málamiðlunartillaga í samgöngunefnd þingsins um að fresta til ársloka 2010 að gefa póstburð frjálсан og önnur tvö ár gefin í frest til ríkja þar sem mikið var um strjalar byggðir og efiðar aðstæður til póstburðar. Einnig léði nefndin máls á því að ríki sem höfðu gefið póstburð frjálсан gætu hafnað póstburðarfyrirtækjum frá löndum þar sem markaður væri lokaður aðgang að markaði sínum. Ráðherraráðið hefur fjallað um málið en ekki tekið afstöðu til þess. Vísað er til síðustu skýrslu sendiráðsins til nánari upplýsinga.

Slóð fyrir póstmál: http://ec.europa.eu/internal_market/post/index_en.htm

ALMENN SAMGÖNGUMÁL

Galileo

Galileo verkefni ESB er risastórt og snýst um að þróa og byggja upp Evrópskt leiðsögukerfi hliðstæðu GPS kerfi Bandaríkjanna og er ætlað að senda merki frá 30 gervihnöttum til notkunar við staðarákvarðanir. Verkefninu er skipt í fjóra eftirfarandi áfanga:

Skilgreining verkefnisins (Definition),
Áætlaður kostnaður, 80 mEvrur
Í umsjón PB-Nav verkefnastjórnar hjá ESA (Program Navigation Board hjá European Space Agency) og Galileo Supervisory Committee ESB.

Próunar- og prufuáfangi (Development and validation phase), 2001-2005.
Áætlaður kostnaður, 1.100 mEvrur (*Endurskoðuð áætlun miðar við 1.400 mEvrur kostnað sem skiptist á milli ESB og ESA*)
Umsjón verkefnisins hjá Galileo Joint Undertaking.

Uppbyggingaráfangi (Deployment phase), 2006 – 2007. (Endurskoðuð áætlun miðar við uppbyggingu 2009-2010)
Áætlaður kostnaður, 2.150 mEvrur
Umsjón í höndum GNSS Supervisory Authority sem tekur við verkefnum Galileo Joint Undertaking.

Rekstur kerfisins (Operating phase), frá 2008 (Endurskoðuð áætlun miðar við rekstur frá 2010).
Áætlaður kostnaður, 220 mEvrur á ári.
GNSS Supervisory Authority heldur utan um eignarhald kerfisins, samning um rekstur þess auk þess að vera ráðgefandi fyrir stofnanir ESB.

Verkefninu hefur ítrekað seinkað. Ráðherrafundur ESB í mars tók upp málið og tilkynnti að leysa yrði úr þeim hnút sem málið var í fyrir 10 maí n.k. Fyrirhugað var gera einkaframkvæmdarsamning við fyrirtækjasamsteypu um uppbyggingu kerfisins þar sem samið yrði um fjármögnun og skiptingu á áhættu. Nú stendur ESB frammi fyrir því að fjárhagsleg markmið sem lögð voru til grundvallar við samningsgerðina nást ekki.

Framkvæmdastjórnin hefur lagt fram tvær tillögur um framhald verkefnisins og í annarri þeirra sem var aðaltillaga framkvæmdastjórnarinnar er lagt til að uppbyggingaráfanginn verði í höndum sambandsins og fjármagnað alfarið af fé þess. Ráðherraráðið fjallaði um tillögur framkvæmdastjórnarinnar í júní sl. og ályktaði um það. Óskað var eftir að framkvæmdastjórnin útfærði tillögu sína nánar.

Miðað við núverandi gang á málinu verður kerfið fyrst komið í notkun árið 2011. Mörg ríki ESB hafa mikla iðnaðarhagsmuni af verkefninu en það á síður við um Ísland. Hins vegar hefur Ísland hagsmuni að því að eiga aðgang að þjónustu þess og getur hugsanlega gegnt hlutverki við rekstur kerfisins.

Slóð fyrir Galileo verkefnið:

http://ec.europa.eu/dgs/energy_transport/galileo/index_en.htm

SJÁVARÚTVEGSMÁL

MÁL SEM TENGJAST VIÐAUKA I Í EES-SAMNINGNUM

Endurskoðun matvælaöryggjafar ESB

Með endurskoðun matvælaöryggjafar ESB, sem hófst með útgáfu hvítbókar um nýja matvælastefnu ESB, er verið að koma á einu samræmdu regluverki fyrir öll matvæli, þ.e.a.s. sjávarafurðir og landbúnaðarafurðir. Þessi víðtæka nálgun er til komin vegna þeirra hagsmuna neytenda að þeir geti treyst því að sambærilegar reglur gildi á öllum sviðum, frá frumframleiðslu til neytanda. Þó svo að fyrir liggi að umræddar gerðir skuli teknar inn í EES samninginn er varðar sjávarafurðir og afurðir frá fiskeldi, þar sem hann nær ótakmarkað til heilbrigðissviða þessara greina, hefur framkvæmdastjórnin ekki fallist á að innleiðing reglnanna fari fram nema að undanþága Íslands er varðar búfjárafurðir í 1. kafla 1. viðauka við EES samninginn, verði afnumin. Um þá vinnu vísast til kafla skýrslunnar um landbúnaðarmál svo og umfjöllunar í inngangi.

Regluverk áður nefndrar löggjafar er eftirfarandi:

- Tilskipun 178/2002

Tilskipun 178/2002 um “almenn ákvæði og reglur í matvælaöryggjöfnum og um Matvælaöryggisstofnun Evrópu og reglur varðandi öryggi matvæla” Til útfærslu á tilskipuninni eru lagðar til grundvallar fjórar heilbrigðisreglugerðir sk. “*hygiene pakki*”. Reglugerð 852/2004 um hollustu matvæla, sem tekur til frumframleiðenda, reglugerð 853/2004 sem fjallar í meginatriðum um hvaða afurðir falla undir ákvæðin, m.a. eftir vinnslustigi og samsetningu afurðanna og reglugerð 854/2004 sem fjallar um þau eftirlitskerfi og áhættumat, sem eru nauðsynleg. Reglugerð 882/2004 tekur síðan til opinbers eftirlits sem skal tryggja að framleiðsla fari fram hverju sinni í samræmi við reglur og ákvæði laga. Yfirumsjón þessa eftirlits gagnvart aðildarlöndum ESB og þriðju ríkjum er á vegum ESB en á vegum ESA með aðkomu ESB varðandi EES ríkin.

Auk þess að ströngu eftirliti skal fylgt um hollustu og meðferð afurða er skylt að viðhafa rekjanleika á afurðum og skráningu aðila í matvælaframleiðslu. Hluti þessa öryggiskerfis er samræming á áhættugreiningum eftir HACCP (*Hazard Analyses and Critical Control Point*).

- Þjálfunarnámskeið um öruggari matvæli.

Við setningu og framkvæmd 178/2002 er horft til þess að matvælaöryggi ESB sé einsleitt og að framkvæmdinni megi treysta hvaða land sem í hlut á. Tilgangurinn er m.a. að tryggja að matvæli frá ESB fái viðurkenningu annarra landa sem örugg bæði er varðar aukaefni og öryggi við framleiðslu. Á grundvelli 51. gr. reglugerðar 882/2004 um opinbert eftirlit (sjá nánari umfjöllun í næsta kafla) voru tekin fyrir 7 efnisatriði á þjálfunarnámskeiðum 2006 og 12 verða tekin fyrir á námskeiðum sem haldin eru á þessu ári. Af efnisatriðum sem varða sjávarútveginn má nefna HACCP, dýraheilbrigðieftirlit í landamærastöðvum (BIPS) í höfnum og á flugvöllum, námskeið um aukaafurðir dýra og námskeið um matvælaumbúðir (*Food Contact Materials*). Markmið framkvæmda-

stjórnarinnar er að efla og auka þessa starfsemi og að halda námskeið um 18 efnisatriði árið 2008. Ísland hefur þegar tekið þátt í námskeiðum um HACCP, aukaafurðir dýra (ABP), BIPS á flugvöllum, BIPS í höfnum og matvælaumbúðum

- Aðlögun.

Í reglugerð 2076/2005 eru ákvæði um aðlögun að áður nefndum heilbrigðisreglugerðum nr. 853/2004, 854/2004 og 882/2004. Reglugerðin gefur undanþágu frá innleiðingu reglna um vottorðagjöf við innflutning tiltekinna afurða, sem hefðu annars komið til framkvæmda 1. janúar 2007 þegar heilbrigðis (*hygiene*) reglurnar komu til framkvæmda. Undanþágan felur í sér að heimilt er að nota eldra form vottorða. Undanþága var veitt fyrir afurðir í Annex VI í 2074/2005 s.s. froskalappir, snigla, gelatin, kollagen, fiskafurðir, lifandi skelfisk og bíflugnaafurðir. Undanþágan náði til 1. maí 2007 og var framlengd um 2 mánuði til 30. júní 2007. Þá var enn fremur veitt samskonar undanþága vegna lýsis, sem náði til 31. október 2007 en er framlengd til 31. desember 2007.

Viðskiptahindranir vegna heilbrigðisákvæða.

Áætlanir framkvæmdastjórnarinnar um viðurkenningu annarra ríkja á einsleitni matvælaöryggis ESB hafa ekki staðist að öllu leiti. Þannig setti Rússland á innflutningsbann á afurðir frá nokkrum af hinum nýju aðildarríkjum án þess að bannið tæki til ESB sem heildar. Settar voru fram kröfur af hálfu Rússa um að hvert aðildarríki sendi þeim niðurstöður efnagreininga við skoðun aðskotaefna árið 2006 og áætlun um vöktunargreiningar aukaefna árið 2007. Þessar upplýsingar skyldu gefnar fyrir 31. mars 2007. Framkvæmd þessara vöktunargreininga fer eftir ákv. dir. 96/23/EC og fer fram á sama hátt og undanfarin ár á vegum DG SANCO. Vöntun þessara upplýsinga ef yrði leiðir til að Rússland lokar á innflutning frá viðkomandi landi. Með hliðsjón af að sjávarafurðaframleiðsla á Íslandi vinnur eftir heilbrigðisreglum ESB munu þessi nýju sjónarmið Rússlands um matvælaöryggi geta átt þar við.

Viðurkenningar á jafngildi reglna.

ESB hefur lagt áherslu á að koma á viðurkenningum á milli sambandsins og annarra landa á um jafngildi reglna við reglur viðkomandi lands, sem ESB setur á grundvelli matvælalöggjafarinnar. Jafngildisviðurkenningunum fylgir að matvæli eiga greiðan aðgang yfir landmæri án þess að þau þurfi að skoða sérstaklega í landamærastöðvum. Gagnkvæmar viðurkenningar hafa nýlega verið gerðar við Sviss og Nýja Sjáland. Framkvæmdastjórnin er einnig í viðræðum við Bandaríkin um gagnkvæmar viðurkenningar á heilbrigðisreglum í viðskiptum með fisk milli svæðanna. Áformað er að ræða þetta málefni við Bandaríkin á næsta fundi í EC-US Joint Management Committee. Náist samkomulag mun það greiða fyrir viðskiptum með fiskafurðir milli ESB og BNA einkum er varðar vottorðagjöf og eftirlit á landamærastöðvum.

Sníkjudýr (Parasites) í fiskafurðum.

Framkvæmdastjórnin telur að setja þurfi ítarlegri leiðbeinandi reglur um sníkjudýr sem er að finna í fiskafurðum og áætlaði að vinna skjal sem yrði tilbúið til umræðu í apríl sl.

þetta varðandi. Framkvæmdastjórnin vinnur þær tillögur sem verða gerðar í samvinnu við aðildarlönd ESB sem hafa hagsmuna að gæta.

Tilskipun 1774/2002 um “heilbrigðisreglur varðandi aukaafurðir dýra (ABP), sem ekki eru til manneðis”

Undir þessa tilskipun falla jafnt afurðir af sjávardýrum sem og landdýrum. Afurðirnar eru flokkaðar í þrjá áhættuflokka; flokk 1 sem tekur yfir sérstakt áhættuefni t.d. vefi sem geta borið riðusjúkdóma, flokk 2 sem nær yfir afurðir, sem ekki eru framleiddar til manneðis eða verða óhæfar til manneðis undir framleiðsluferlinu og flokk 3, sem nær yfir afurðir sem voru ætlaðar til manneðis, fiskjar sem veiddur er í fiskimjöl og aukaafurða frá fisk og landdýrum sem eru hæf til manneðis. Sama á hér við og um afurðir til manneðis að rekjanleiki er grundvallaratriði, sem leiðir m.a. til að allar vinnslustöðvar fyrir aukaafurðir dýra eru skráningarskyldar. Útfærsla þessarar tilskipunar hefur verið og er í vinnslu. Eftirfarandi atriði skulu nefnd:

- **Breyting á viðaukum II og VI við 1774/2002** sem varða merkingar á aukafurðum dýra. Framkvæmdastjórnin leggur áherslu á að í gildi séu samræmdar reglur um merkingar á aukaafurðum dýra komi til að afurðirnar fari milli landa ESB. Viðauki II er um merkingarreglur sem hver þjóð má nota að eigin vild og tekur til merkingar á aukaafurðum dýra sem eru til dreifingar innan hvers aðildarlands. Merkingar skv. viðauka II skulu ná til gerð umbúða og litamerkingar eftir áhættuflokkunum 1, 2 og 3 sem aukaafurðirnar eru flokkaðar í. Einnig skal skár upplýsingar um magn. Vandamál verður að velja liti eftir áður nefndum áhættuflokkum, sem geta samræmst sjónarmiðum allra þjóðanna, því þegar eru mismunandi litakerfi í notkun. Viðauki VI fjallar einnig um skyldumerkingar með lyktarefnum og merkingar á unnum afurðum með *glycerol triheptanoate (GTH)*. Vænst er að tillögur þetta varðandi verði samþykktar á næstunni.
- **Innflutningur og vinnsla á hrálýsi.** Vandamál eru framundan vegna hindrana á að unnið verði lýsi til manneðis úr hrálýsi, sem er unnið úr fisk sem ætlaður er í fiskimjöl og er ekki veiddur af skipum sem eru viðurkennd til matvælaframleiðslu eða framleiddur í vinnslustöðvum sem hafa viðurkenningu til framleiðslu matvæla. Framleiðsla á hrálýsi þarf, ef það á að fara til manneðis eftir vinnslu, að fara fram í viðurkenndum framleiðslueiningum til framleiðslu á afurðum til manneðis allt frá veiðum til vinnslu. Allur framleiðsluferillinn skal vera viðurkenndur til matvælaframleiðslu þ.e.a.s. skip, vinnslustöðvar og vinnsla hrálýsisins. Þessi krafa er sett þó svo að framleiðsla á lýsi til manneðis geri afurðina örugga, þar sem að framleiðslan fer fram við hátt hitastig og undir þrýstingi. Þessi krafa mun draga úr innflutning frá þriðju ríkjum til ESB á hrálýsi ætluðu í áður nefndrar framleiðslu í stórum stíl og jafnvel stöðvast frá sumum ríkjum þar sem framleiðsluferill þeirra á lýsi uppfyllir ekki áður nefndar kröfur. Framkvæmdastjórnin hefur því til athugunar að fresta gildistöku reglna um vinnslu hrálýsis þar til viðunandi lausn fæst til að skapa ekki hörgul á þessari vöru innan ESB.

Fiskimjöl

Tilskipun 999/2001 um “reglur til að fyrirbyggja, hafa eftirlit með og útrýma vissum riðusjúkdómum (*BSE/TSE - bovine/transmissible spongiform encephalopatier*)” bannar að fiskimjöl megi nota sem fóður fyrir jörturdýr, sem á rætur að rekja til þess fárs sem kúariða olli á mörkuðum ESB og víðar og leiddi til að bannað er að nota kjöt- og beinamjöl í fóður dýra. Af hálfu fiskimjölframleiðenda þ.á.m. Íslands hefur verið unnið að því að fá þessum banni aflétt.

Framkvæmdastjórnin hefur unnið aðgerðaráætlun (*road map*) um hugsanlegar breytingar á löggjöf um TSE sem tekur til núverandi aðgerða og til aðgerða til skemmri tíma og til framtíðar. Áætlunin er unnin í nánú samráði við aðildarríkin og Evrópuþingið. Hún greinir frá næstu skrefum sem verða tekin í BSE málum þ.á.m. hvaða hluta skepnunnar ber að skoða sem sérstakt áhættuefni (SRM), endurskoðun á banni við notkun eggjahvíuefna úr dýraríkinu fyrir jörturdýr svokallað “feedban” og aldursreglur við ákvörðun um nýtingu á gripum til manneldis.

Gert er ráð fyrir því að á næstu árum verði unnt að slaka á þeim hörðu reglum sem hafa verið settar og eru í gildi, þó aðeins á þann hátt að öryggi matvæla verði tryggt neytendum og því aðeins gert að fram hafi farið vísindalegt mat á ákvörðunum m.a. með hliðsjón af þeim tæknilegu aðferðum sem unnt er að nota við greiningu áhættuefnis og með tilliti til hagkvæmni og til hagsbóta fyrir samkeppnishæfni framleiðenda. Áætlun var um að á seinni hluta árs 2006 yrðu teknar ákvarðanir um magnmörk er segi almennt til um hvað hafa megi mikið fiskimjöl í fóðri alidýra eftir tegundum. Jafnframt að á árinu 2007 yrði tekin ákvörðun um hvort leyfa eigi takmörkuð magnmörk af kjöt- og beinamjöli í fóðri alidýra eftir tegundum og seinni hluta árs 2007 eða fyrri hluta árs 2008 verði tekin ákvörðun um heimildir til að nota kjöt- og beinamjöl (eggjahvítu) frá öðrum dýrum en jörturdýrum í fóður annarra dýra en jörturdýra. Þessi tímaáætlun “*road map*” hefur ekki staðist að öllu leiti vegna flókinna vísindalegra rannsókna, sem hafa tekið lengri tíma en áætlað.

Nýlega var kynnt í fastanefndi ESB um matvælakeðjuna og dýravernd (SCoFAH) rannsókn unnin af **CRL-AP** sem hófst árið 2006 sem leiddi af sér þá niðurstöðu að *magngreiningaraðferðir til að finna dýraleyfar (kjöt- og beinamjöl) í fóðri séu ekki nægjanlega öflugar en fimm rannsóknastofur af tuttugu og tveimur, sem tóku þátt í rannsóknunum innan ESB voru ekki með ásættanlega greiningarniðurstöðu og að greiningaraðferðir gefnar í reg. 126/2003 ekki nægjanlega áreiðanlegar til magngreiningar á dýraprótni í fóðri.*

AF TVÍHLIÐA SAMSTARFI ESB OG ÍSLANDS UM SJÁVARÚTVEGSMÁL

Árlegar viðræður Íslands og ESB um fiskveiðimál og lífríki hafsins

Árlegar viðræður Íslands og ESB á grundvelli tvíhliða samnings um fiskveiðimál og lífríki hafsins, voru haldnar 28. mars sl. í Brussel. Í íslensku sendinefndinni voru Stefán

Haukur Jóhannesson sendiherra sem leiddi viðræðurnar af Íslands hálfu, Steinar Ingi Matthíasson sérfræðingur hjá sjávarútvegsráðuneytinu, Eyþór Björnsson forstöðumaður Veidieftirlitssviðs Fiskistofu og Þóra Magnúsdóttir fulltrúi SJR í Brussel. Á fundinum náðist samkomulag um framkvæmd samningsins fyrir árið 2007. Farið var yfir stöðu þeirra fiskistofna sem samningurinn fjallar um, þ.e. karfa og loðnu og skipst var á upplýsingum um veiðar á sl. ári.

Samkvæmt samningnum er Íslandi heimilt að veiða allt að 30.000 tonn af loðnu sem ESB fær frá Grænlandi á grundvelli tvíhliða samnings þeirra á milli. Íslandi er heimilt að veiða hlutdeild sína hvort sem er innan íslenskrar eða grænlenkrar lögsögu. Vegna ástands loðnustofnsins hefur heildaraflamarkið verið ákveðið lægra undanfarin ár. Þannig verður Íslandi heimilt að veiða 28.490 tonn af loðnu á árinu 2007. Þar sem ESB hefur ekki getað úthlutað öllu því magni sem samningurinn kveður á um, hefur samkomulag náðst um að Íslandi verði bætt það sem upp á vantar á næsta ári. Ísland vakti máls á því hvort ESB gæti veitt íslenskum skipum heimild til að veiða kolmunna í lögsögu ESB til að bæta uppsafnaðan halla. ESB léði ekki máls á þeirri lausn

Á móti veiðiheimildum Íslands í loðnukvóta ESB, kemur að ESB hefur rétt til að veiða 3.000 tonn af karfa á afmörkuðum svæðum innan íslenskrar lögsögu. Fram kom að mikill árangur hefur náðst í að draga úr meðafla í þorski í veiðum ESB vegna sérstakra lokunaraðgerða sem gripið var til á veiðitímabilinu. ESB kvartaði hins vegar yfir að þessar aðgerðir væru íþyngjandi og yllu því m.a. að afli þeirra hefði minnkað umtalsvert milli ára. ESB tókst þannig eingöngu að veiða tæp 900 tonn af karfa af 3.000 tonnum sem þeim er heimilt að veiða. Af hálfu Íslands var ekki fallist á þessa skýringu á minnkandi afla og bent á að sókn ESB skipa hefði minnkað um nær helming frá fyrra ári en á sama tíma hefði afli á sóknareiningu aukist í karfa. Jafnframt var bent á að of lítil reynsla væri komin á þessar skyndilokanir til að hægt væri að draga þær ályktanir sem ESB er að gera. ESB setti fram kröfu um að veiðisvæði yrðu rýmkuð og veiðitímabil lengd. Því var hafnað af hálfu Íslands. Fallist var á ósk ESB að sérfræðingar fjölluðu um málið á sérstökum fundi sem stefnt er að því að halda í september nk. Jafnframt var ákveðið að efna til reglulegs samráðs háttsettra embættismanna ESB og Íslands um sjávarútvegsmál á víðari grundvelli en umræddur samningur nær til.

Undirbúningur að tvíhliða viðræðum háttsettra embættismanna á Íslandi og ESB um sjávarútvegsmál

Um amk. tveggja ára skeið hefur verið í bígerð að hrinda úr vör reglulegum viðræðum háttsettra embættismanna á Íslandi og í ESB um sjávarútvegsmál á breiðari grundvelli en tvíhliða samningur þessara aðila um fiskveiðar og lífríki hafsins, gefur tilefni til. Málið var á dagskrá og samþykkt í árlegum viðræðum um framkvæmd tvíhliða samningsins bæði í fyrra og nú í ár. Á fundinum í ár var samþykkt að Ísland hefði frumkvæði að því að gera drög að dagskrá slíks fundar.

Til að fylgja þessu máli eftir m.a., fór sendiherra og fulltrúi SJR við sendiráðið í Brussel nýverið á fund Fokion Fotiadis nýs ráðuneytisstjóra fyrir sjávarútvegsmálum ESB (*Director General, DG Fisheries and Maritime Affairs*). Sendiherra nefndi ýmis málavæði sem gagnlegt gæti verið að ræða og tilgreindi í því sambandi sjálfbæra fiskveiðistjórnun, samstarf innan alþjóðlegra samtaka á vettvangi sjávarútvegs, brottkast, baráttu gegn

ólöglegum fiskveiðum, og stefnu ESB í málefnum hafsins (*Maritime Policy*). Hann nefndi líka að viðskipti með fisk og tollamál væru augljóslega áhugamál Íslands.

Fotiadis, sem hóf störf hjá DG FISH í byrjun þessa árs, tók erindinu fagnandi og sagðist vera með samskonar áform um viðræður við Norðmenn. Hann sagði að ýmislegt mætti bæta í fiskveiðistefnu ESB. Í því skyni gæti væri mjög gagnlegt að eiga opnar viðræður við þjóðir á borð við Ísland og Noreg, sem hefðu augljóslega af mikilli reynslu að miðla. Fotiadis sagði að til þessa hefði sjávarútvegsstefna ESB verið mjög þröng, líta þyrfti til miklu fleiri þátta en gert hafi verið og fella sjávarútvegsstefnuna inní stærra samhengi. Vísaði hann í þessu sambandi til þeirrar vinnu sem ESB hefur þegar hafið við að leggja drög að nýrri stefnumótun í málefnum hafsins (*Maritime Policy*, sbr. frásögn hér að framan), þar sem leitast er við að taka heildstætt á málefnum sjávar, umhverfis og sjávarbyggða. Hann myndi því vilja viðræður sem tækju mið af slíkum sjónarmiðum í stað þess að ræða einvörðungu um fiskveiðar.

Fyrsti fundur af þessu tagi verður haldinn í Reykjavík 10.-11. september nk. og er undirbúningur í höndum sjávarútvegsráðuneytisins og utanríkisráðuneytisins.

HELSTU STEFNUMÁL FRAMKVÆMDASTJÓRNAR ESB Á SVIÐI SJÁVARÚTVEGS ÁRIÐ 2007

Í byrjun árs gaf Joe Borg aðalframkvæmdastjóri ESB á sviði sjávarútvegs mála, yfirlit um það sem framkvæmdastjórnin myndi setja á oddinn árið 2007 í þessum málaflokki. Þrennt bar þar hæst; *mótun heildstæðrar stefnu í málefnum sjávar og siglinga (Maritime Policy)*, *afnám brottkasts*, og *barátta gegn ólöglegum fiskveiðum*.

- Heildstæð stefnumörkun ESB í málefnum sjávar og siglinga – EU Maritime Policy

Í byrjun júní 2006 kom út grænbókin „*Towards a future Maritime Policy for the Union: A European vision for the oceans and seas*”. Markmið ESB er að móta heildstæða stefnu í málefnum sjávar og siglinga í náinni samvinnu við hagsmunaaðila, sem sporni gegn minnkandi líffræðilegum fjölbreytileika sjávar vegna mengunar, loftslagsbreytinga og ofveiði og stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlinda hafsins. Nálgun grænbókarinnar tekur mið af markmiðum Lissabon áætlunarinnar um að efla hagvöxt og skapa atvinnutækifæri en í sátt við ólík sjónarmið varðandi vernd og nýtingu sjávar. Stefnumótunin er yfirgripsmikil og fjallar um málefni hafsins á breiðum grunni og nær yfir málefni margra ráðuneyta sem á einhvern hátt hafa beinan eða óbeinan snertiflöt við hafið. Þannig er t.d. fjallað um umhverfismál, nýtingu auðlinda, siglingamál, ferðamál við ströndina, hafnamál, byggðamál strandbyggða, vernd fyrir ógnum og ólögumætum aðgerðum frá hafinu, vöktun siglinga og lífríkis, rannsóknir og þróun, þróun upplýsingakerfa, og fyrirtækjanet í tengdum iðnaði og þjónustu.

Opnu samráði um „Maritime-stefnuna“ lauk 30. júní sl. Í því ferli voru hagsmunaaðilar og stjórnvöld hvött til að koma athugasemdum við grænbókina og hugmyndum á framfæri við framkvæmdastjórn ESB. Liður í þessu samráðsferli var vegleg ráðstefna sem haldin var í Bremen í byrjun maí þar sem mikið var í lagt til að gefa ráðstefnunni þungavigt; Angela Merkel kanslari Þýskalands opnaði ráðstefnuna og háttsettir

embættismenn voru áberandi í dagskránni (Joe Borg, José Manuel Barroso, Jacques Barrot ofl). Ráðuneyti sjávarútvegs, samgöngu, umhverfis og utanríkismála sendu fulltrúa til ráðstefnunnar.

Athugasemdir íslenskra stjórnvalda voru sendar framkvæmdastjórninni seinni partinn í júní en þær voru unnar í samvinnu hlutaðeigandi ráðuneyta² auk fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga. Utanríkisráðuneytið hafði yfirumsjón með verkefninu. Í tengslum við þessa vinnu var Grænbókin send út til um 40 hagsmunaaðila á Íslandi og óskað eftir umsögnum. Athugasemdir bárust frá Alþýðusambandi Íslands, Landssambandi útgerðarmanna og Samtökum fiskvinnslustöðva, Samtökum verslunar og þjónustu og Þjóðminjasafni Íslands. Athugasemdir íslenskra stjórnvalda má nálgast á heimasíðu framkvæmdastjórnarinnar á eftirfarandi slóð:

http://ec.europa.eu/maritimeaffairs/contributions_post/288iceland.pdf

Framkvæmdastjórnin vinnur nú annars vegar að úttekt á þeim athugasemdum sem borist hafa og hins vegar að tillögum að aðgerðaáætlun (sem gjarnan er vísað til sem „bláu bókarinnar“ (*blue paper*)). Hvort tveggja á að liggja fyrir í haust, en ráðherrafundur ESB sem haldinn verður í Lissabon 22. október nk. verður tileinkaður framtíðarstefnu sambandsins í málefnum sjávar og siglinga. Vonir standa til að samkomulag muni nást um aðgerðaáætlunina í lok formennsku Portúgals, á leiðtogafundi sambandsins í desember.

„Maritime-stefnan“ var á dagskrá EFTA þingmannanefndarinnar á fundi hennar í Vaduz í lok júní sl. og voru íslensku athugasemdirnar kynntar þingmönnum fyrir fundinn. EFTA skrifstofan vinnur nú að undirbúningi ráðstefnu um stefnumörkun ESB í málefnum sjávar og siglinga, sem haldin verður í haust þegar aðgerðaáætlun framkvæmdastjórnarinnar í þessum málum liggur fyrir.

- Afnáam brottkasts

Að sögn Joe Borg er löngu kominn tími til þess að ESB marki nýja og skilvirka stefnu til að bregðast við brottkasti afla og megi í þeim efnunum m.a. líta til Íslands, Kanada, Noregs og Nýja Sjálands til fyrirmyndar. Til að ýta úr vör umræðum um mögulegar leiðir í þessum efnunum, sendi framkvæmdastjórnin frá sér orðsendingu (*Communication*) í mars sl. auk þess sem sérfræðingar framkvæmdastjórnarinnar sóttu Ísland og Noreg heim til að kynna sér stefnu landanna í þessum málum.

Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um málið kemur fram að til þessa hafi fyrst og fremst verið leitast við að draga úr brottkasti innan ESB með því að líta til veiðarfæra. Vænlegra sé hins vegar að beita hvetjandi stjórnunaraðferðum þannig að sjómenn sjái sér hag í því að afnema brottkast.

Umræður um málið og nánari útfærsla munu standa yfir til loka þessa árs, en búast má við tillögum að framkvæmd og nýjum reglugerðum eftir atvikum, á næsta ári.

² Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, félagsmálaráðuneytið, menntamálaráðuneytið, samgönguráðuneytið, sjávarútvegsráðuneytið, umhverfisráðuneytið, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið og utanríkisráðuneytið.

(Sjá: http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/site/en/com/2007/com2007_0136en01.pdf)

- Barátta gegn ólöglegum fiskveiðum (IUU)

Barátta gegn ólöglegum fiskveiðum er hátt á forgangslista ESB árið 2007. Framkvæmdastjórnin mun leggja fram tillögur með haustinu annars vegar í formi orðsendingar um mögulegar aðgerðir gegn ólöglegum fiskveiðum, og hins vegar í formi tillagna til ráðherraráðsins að reglugerð um málið. Ætlunin er að gera átak í því að hindra þátttöku skipa og einstaklinga frá löndum ESB í ólöglegum veiðum, koma í veg fyrir að ólöglegur afli rati inn á evrópskan markað og þróa leiðir til að styrkja baráttuna gegn ólöglegum fiskveiðum á alþjóðavísu. Boðað er náið samráð við alþjóðaumhverfið og hagsmunaaðila um útfærslu þessara mála. Eftirlitsstofnun ESB með fiskveiðum (*Community Fisheries Control Agency*), sem sett var á laggirnar í Vigo á Spáni á síðasta ári, er ætlað mikilvægt hlutverk í baráttu ESB gegn ólöglegum fiskveiðum.

UMHVERFISMÁL

REACH

Þann 1. júní sl. tók gildi ný reglugerð Evrópusambandsins (EC) No 1907/2006 um efni, REACH (**R**egistration, **E**valuation, **A**uthorisation, **C**hemicals), sem tekur til skráningar, mats, leyfisveitinga og takmarkana á notkun efna innan Evrópusambandsins. Aðalmarkmið reglugerðarinnar er að vernda heilsu manna og umhverfi sem mest fyrir áhrifum efna, liðka fyrir samkeppni í efnaiðnaði og efla þróun nýrra efna í Evrópu, án þess að draga úr samkeppnishæfni og til að stuðla að meiri nýsköpun í efnaiðnaði á Evrópska efnahagssvæðinu. Reglugerðin verður innleidd á Íslandi í heild sinni og á sama hátt í öllum aðildarríkjum ESB. Verið er að vinna að upptöku reglugerðarinnar inn í EES-samningsins og gert er ráð fyrir að gildistaka REACH á Íslandi gæti orðið um næstu áramót en þó aldrei síðar en 1. júní 2008, en full innleiðing reglugerðarinnar mun spanna alls 11 ára tímabil.

Meginþættirnir sem REACH tekur til eru:

R – Skráningarskylda (**R**egistration) iðnaðarins á efnum. Skila þarf helstu upplýsingum um vöruna og hvernig megi nota hana á öruggan hátt.

E – (**E**valuation) Með því að meta efni getur iðnaðurinn sýnt fram á að þeir standi við skuldbindingar sínar og komið í veg fyrir óþarfa endurtekningar á prófunum.

A – (**A**uthorisation) Efni sem geta haft í för með sér óæskilega hættu verða háð leyfum. Skaðsemi hvers efnis verður endurskoðuð og verður aðeins veitt leyfi ef tiltekin skilyrði

verða uppfyllt eins og um að efnið berist ekki út í umhverfið í of miklum mæli eða að engin hættuminni efni geti komið í staðinn.

CH – Efni (**CH**emicals).

Framleiðendur og innflytjendur allra efna í magni yfir einu tonni á ári á EES er gert að skrá efnið í miðlægan gagnagrunn. Aðeins hrein efni verða skráningarskyld, ekki efnablöndur. Skráningarferlið verður ekki flókið og mun ekki hafa í för með sér mikinn kostnað. Efni sem undanþegin verða skráningu eru fjölliður og milliefni sem verða til í framleiðslu, þurfa aðeins takmarkaða skráningu. Efni í framleiðsluvörum sem losna út í umhverfið eða eru skaðleg munu verða skráningarskyld en efni sem eiga ekki að geta losnað út í umhverfið (milliefni í framleiðsluferli) verður nægilegt að tilkynna og í hverju tilfelli verður lagt mat á hvort skráning verði nauðsynleg.

Upplýsingaskylda eykst eftir því í hve miklu magni efnið er framleitt/innflutt; 1 tonn/10 tonn/ 100 tonn/ 1000 tonn. Innleiðing skráningarferlisins verður í þremur skrefum á 11 árum. Öryggisupplýsinga verður krafist fyrir efni > 10 tonn. Þessar öryggisupplýsingar munu að einhverju leyti koma í staðinn fyrir núverandi aðgerðaáætlanir (risk reduction strategies) sem aðeins hafa verið framkvæmdar fyrir nokkra tugi efna. Forskráning einfaldar skráningarferlið í framhaldinu og verður til þess að draga úr dýratilraunum og hvetur til samantekinna ráða fyrir skráningu hjá iðnaðinum. Með skráningu mun þurfa að gera grein fyrir efnaeiginleikum, notkunarsviði og leiðbeiningum svo meðhöndla megi efni á öruggan hátt.

Sérstök stofnun, Efnastofnun Evrópu (ECHA), sem staðsett verður í Helsinki í Finnlandi hóf starfsemi 1. júní sl. Stofnunin heldur utan um gagnagrunninn þar sem upplýsingum um efni og efnanotkun á EES-svæðinu verður haldið til haga auk þess sem stofnunin verður ráðgefandi, um hlutverk yfirvalds með efnaskráningum ásamt því að útbúa fræðsluefni fyrir almenning.

Öryggisblöð verða notuð sem fyrr fyrir framleiðendur og innflytjendur til þess að koma upplýsingum um notkun efna til notenda hvort sem er framleiðenda efnavöru eða notenda aftast í keðjunni. Notkunarsvið hvers efnis er hluti af skráningunni og er notendum efna gert að koma upplýsingum til Stofnunarinnar um annars konar notkun efna en gert er ráð fyrir í leiðbeiningum.

Mat fer fram með tvennum hætti - Mat á skjölum og mat á eignum. Yfirvöld í aðildarríkjunum eru ábyrg fyrir matinu. Eftir er að ganga frá verkaskiptingu milli aðildarríkja og Stofnunarinnar. Með mati á skjölum er hugmyndin að koma í veg fyrir ónauðsynlegar dýratilraunir, gefa yfirvöldum tækifæri á að fylgjast með að skráningarákvæðum sé framfylgt og að staðfesta tillögur umsækjenda um fleiri prófanir. Með mati á eignum geta yfirvöld farið fram á að skilað verði inn frekari upplýsingum um skaðsemi efnis ef grunur leikur á að notkun þess hafi í för með sér áhættu fyrir umhverfi eða heilsu manna.

Þau efni sem hafa óæskilega hættu í för með sér fyrir umhverfi og heilsu manna verða háð leyfum. Það eru efni sem valda krabbameini, stökkbreytingum, breytingum á erfðaeefni eða fósturskaða. Einnig efni sem eru þrávirk, safnast upp í lífverum, valda eituráhrifum til lengri tíma eða öðrum sambærilegum skaða. Til þess að leyfi fáiast veitt fyrir notkun efnis þarf viðkomandi fyrirtæki að geta sýnt fram á að efnið megi nota á öruggan hátt og að önnur efni geti ekki komið í staðinn. Ef ekki að sýna fram á að þeir kostir sem notkun efnis hefur í för með sér vegi upp gallana.

Kostir REACH: Stuðlar að betri heilsu fólks (neytenda, starfsfólks í iðnaði og almenning) og betra umhverfi í ljósi þess að hætta af völdum efna verður betur þekkt, upplýsingaflæði verður betra og eftirlit og stjórnun á efnum á markaði verður markvissari. Á að geta örvað nýsköpun í efnaiðnaði. Með REACH verður hægt að hindra möguleg mengunarslys í framtíðinni.

Ókostir REACH: Mun hafa í för með sér aukinn kostnað fyrir mörg fyrirtæki. Sá kostnaður skilar sér til baka út í samfélagið til lengri tíma. Einhver störf munu tapast og önnur skapast.

Rammatilskipun ESB um umhverfisstefnu varðandi hafið

Í júní 2006 kynnti Framkvæmdastjórnin Grænbók um rammatilskipun um umhverfisstefnu varðandi hafið, sem unnið hafði verið að frá árinu 2002; „*Framework for Community Action in the field of Marine Environmental Policy*“. Ætlunin er að þessi tilskipun verði umhverfisluti í svonefndri „Future Maritime Policy“, sem yrði heildarstefna um málefni hafsins.

Yfirlýst markmið stefnunnar er að vernda höf Evrópu og tryggja að athafnir er varða hafið séu sjálfbærar þannig að til framtíðar munu allir njóta góðs af líffræðilegum fjölbreytileika og heilbrigðum höfum sem eru örugg, hrein og framleiðin. Rammatilskipunin á að taka til NA-Atlantshafs, Eystrasalts, Miðjarðarhafs og Svartahafs og er henni ætlað leiðandi hlutdeild í væntanlegri „Maritime Policy“ og er þá fyrst og fremst verið að horfa til umhverfis- og verndunarhluta þeirrar stefnu.

Markmið rammalöggjafarinnar er að náð verði „good environmental status“ í höfum Evrópu árið 2021 (ártalið valið vegna fyrstu endurskoðun á „River Basin Management Plans“). Löggjöfin mun einungis skilgreina almenn markmið og meginreglur á ESB stigi.

Vegna ólíkra aðstæðna, vandamála og þarfa er kveðið á um að komið verði upp „European Marine Regions“ og „sub-regions.“ Horft er til eðlis- og haffræðilegra eiginleika, líf- og vistkerfa við ákvörðun um afmörkun svæða. Svæðin eru þær einingar sem saman er ætlað að tryggja framgang meginmarkmiða stefnunnar.

Umhverfisráð ESB hefur afgreitt málið er og er full pólitísk samstaða um það en hæst hefur borið skilgreining á lykilhugtaki inntak tilskipunarinnar, sem er „Good Environmental Status“. Þar er fyrst og fremst tvennt sem skiptir mestu máli, annars vegar vistkerfi hafsins og hins vegar ástand fiskistofna. Ráðið hefur einnig fjallað um svæðisbundna samvinnu og leggur áherslu á að ríkin sjálf séu ábyrg fyrir framkvæmd löggjafarinnar, þó að margt snúi að svæðisbundnum stjórnvöldum.

Haldnir hafa verið fjöldi funda með hagsmunaaðilum og sá síðasti þeirra var haldinn í Brussel 6. júní sl. Á þessum fundum hefur m.a. komið fram að gert væri ráð fyrir því að eftirlitsþáttur tilskipunarinnar skyldi taka á svæðisbundnum umhverfissvandamálum og að endurskoða þyrfti stefnuna reglulega, jafnvel á 6 ára fresti.

EU Maritime Policy – Heildstæð stefnumörkun í málefnum sjávar og siglinga

Í júní 2006 gaf Framkvæmdastjórn ESB út grænbókina „*Towards a future Maritime Policy for the Union: A European vision for the oceans and seas.*”

Markmiðið með grænbókinni var að efna til umræðna um heildarstefnu í málefnum sjávar til framtíðar. Helstu áhyggjuefnin séu minnkandi líffræðilegur fjölbreytileiki sjávar vegna mengunar, loftslagsbreytinga og ofveiði. Mikilvægt sé að tryggja góða stjórnun á öllu því sem við kemur málefnum sjávar. Stuðla þurfi að sjálfbærri þróun og að vernda vistkerfi. Til þess að það sé hægt þurfi að auka samvinnu og samþætta málefni sjávar í alla stefnumótun. Umhverfisstefnan varðandi hafið (*Marine Strategy*), sem greint er frá hér að framan, á að marka umhverfisluta slíkrar heildarstefnu ESB í málefnum sjávar og siglinga.

Grænbókin tekur m.a. til þess að loftslagsbreytingar á Norðurskautinu geti leitt til breyttrar framtíðarstefnu í málefnum siglinga og sjávar, en ein megináherslan sé að berjast gegn loftslagsbreytingum. Í þessu sambandi er sérstaklega tekið á skipaflutningum og flugmálum og athygli vakin á að skipaiðnaðurinn sé stærsti mengunarvaldur andrúmslofts í Evrópu. Rík áhersla er lögð á þróun nýrrar tækni og rannsókna varðandi hafið og nauðsyn þess að bæta og samræma upplýsingasöfnun um ástand sjávar.

Opnu samráði um „Maritime stefnuna” lauk formlega 30. júní sl. þar sem hagsmunaaðilar og stjórnvöld komu athugasemdum við grænbókina og nýjum hugmyndum á framfæri. Athugasemdir íslenskra stjórnvalda voru sendar Framkvæmdastjórninni seinni partinn í júní en þær voru unnar í samvinnu hlutaðeigandi ráðuneyta og fjölda hagsmunaaðila. Með haustinu mun Framkvæmdastjórn ESB síðan kynna þær athugasemdir sem bárust í gegnum samráðsferlið bæði í ráðinu og í þinginu, og leggja fram tillögur um framhaldið.

Viðskipti með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda (ETS Emission Trading Scheme)

Þann 1. janúar 2005 tók gildi í Evrópusambandinu tilskipun nr. 2003/87/EC, sem gerir möguleg viðskipti með útstreymisheimildir gróðurhúsalofttegunda í þeim tilgangi að draga úr losun þeirra. Framkvæmdastjórn ESB hefur frá upphafi álitnið að tilskipunin eigi heima undir EES-samningnum og eru rökin fyrst og fremst þau að um sé ræða gerð sem varði innri markaðinn. Síðustu mánuði hefur verið unnið að upptöku tilskipunarinnar í EES-samninginn.

Gildissvið tilskipunarinnar er bundið við tiltekna starfsemi og tekur hún til útstreymis gróðurhúsalofttegunda frá m.a. orkuframleiðslu (olía, kol og gas) svo framleiðslu og úrvinnslu á járn og pappírsiðnaðar og annarrar skyldrar starfsemi. Tilskipunin tekur sem stendur einungis til þeirrar starfsemi sem losar koltvíildi (CO₂). Samkvæmt tilskipuninni eru það losunarheimildir samkvæmt útgefnu starfsleyfi, en ekki raunlosun, sem ráða því hvort viðkomandi starfsemi fellur undir gildissvið tilskipunarinnar.

Sett hefur verið upp sérstakt viðskiptakerfi í kringum viðskipti með útstreymisheimildir, sem er þannig í framkvæmd að aðildarríkin skulu hvert um sig gera landsáætlun um úthlutun losunarheimilda gróðurhúsalofttegunda fyrir hvert tímabil og skila þeim til Framkvæmdastjórnar ESB. Með þessu ákvæði skal vera tryggt að aðildarríkin freistist ekki til þess að úthluta umframheimildum til þeirra fyrirtækja sem falla undir tilskipunina á kostnað starfsemi sem fellur utan við gildissvið hennar.

Fyrsta tímabil tilskipunarinnar hófst 1. janúar 2005 og því lýkur 31. desember 2007. Næsta tímabil, og hvert tímabil þar á eftir, verða til fimm ára. Tilskipunin gerir hins vegar ráð fyrir að skoðað verði hvort fella beri aðra starfsemi undir hana á næsta tímabili, 2008-2012 t.d. losun koltvildis frá flugi, en mikil umræða hefur verið innan ESB um að fella flugstarfsemi, þ.e. útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá flugstarfsemi, undir ákvæði tilskipunarinnar.

Ákvörðun íslenskra stjórnvalda liggur fyrir um að ETS-tilskipunin telst EES-tæk og verður hún tekin upp í íslenska löggjöf. Nánast enginn starfsemi á Íslandi fellur undir núverandi tilskipun, og ný íslensk lög taka á losun koltvildis frá álverum og öðrum þungaiðnaði sem losar meira en 30.000 tonn af CO₂ á ári. Af þessum ástæðum tekur þessi nýja tilskipun lítið til íslenskra aðstæðna.

Losun gróðurhúsalofttegunda frá flugvélum

Eins og að framan greinir birti Framkvæmdastjórn ESB þ. 20. desember sl. frumvarp að breytingartilskipun við tilskipun 2003/87 um viðskiptakerfi með losunarkvóta sem miðaði við að yfirfæra kerfið til flugvéla. Samkvæmt frumvarpinu þurfa flugvélar með brottfarar- og áfangastað innan bandalagsins frá og með 2011 að hafa nægar heimildir fyrir losun CO₂ á flugleiðinni. Frá og með 2012 gildir þetta fyrir flugvélar sem nota flugvelli innan bandalagsins óháð brottfarar- eða áfangastað. Gert er ráð fyrir að heildarkvóti verði stilltur af við meðalnotkun áranna 2004-2006 og flugstarfsemi þá verða úthlutað sérstökum losunarheimildum fyrir CO₂ miðað við reynslutölur notenda að undanskildum hluta sem verði boðinn út, en eftir er að ákveða hversu stór hann verður. Ef þetta verður endanleg niðurstaða mun kerfið væntanlega ná með einum eða öðrum hætti til allra flugfélaga sem fljúga til landa ESB, einnig þeirra sem hafa ríkisfang annars staðar. Samkvæmt Kyoto sáttmálanum fellur útblástur frá flugvélum í alþjóðaflugi ekki undir ákvæði hans.

Miðað er við að framkvæmdin verði samræmd fyrir öll aðildarríki ESB og framkvæmdastjórnin mun ákveða heildarkvóta en ríkin úthluta þeim og hafa eftirlit með framkvæmdinni en þó þannig að hver flugrekstraraðili standi skil á framkvæmdinni til stjórnvalds eins aðildarríkis. Stefnt er að því að hægt verði að eiga viðskipti við aðrar atvinnugreinar sem falla undir viðskiptakerfið með viðbótarkvóta.

Eins og fram kemur hér að framan hefur verið ákveðið að fella tilskipun um viðskiptakerfi með gróðurhúsalofttegundir undir EES samninginn og ef þessi viðbót bætist við þyrftu íslenskir flugrekendur nægar heimildir fyrir losun innanlandsflugs frá og með 2011 og fyrir flug til Evrópu frá og með 2012.

Áherslur á sviði umhverfismála á formennskutímabili Portúgals, júlí – desember 2007:

- Nýjar áherslur er snerta Lissabon áætlunina (*Strategy*)
- Losun gróðurhúsalofttegunda frá flugvélum (*ETS-Aviation*)
- Heildstæð stefnumörkun í málefnum sjávar og siglinga (*Maritime Policy*)
- Rammatilskipun ESB um umhverfisstefnu varðandi hafið (*Marine Strategy*)
- Loftlagsbreytingar (*Climate change, the impacts of climate change (water scarcity and draught), and biodiversity involving the business sector in biodiversity*)